

Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi

# Ársskýrsla

## 2025 til 2026

tekin saman af sviðsstjórum

Guðfinna Gunnarsdóttir  
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

## Efnisyfirlit

Starfið veturinn 2025-2026.....	5
Inngangur .....	5
Tölulegar upplýsingar.....	8
Fréttir á skólaárinu .....	12
Haustfréttir 2025.....	12
Vorfréttir 2026 .....	21
Skýrslur fagstjóra Svið: Tungumál, skapandi greinar, samfélagsgreinar og Ergó .....	33
Enska .....	34
Ergó .....	36
Íslenska.....	38
Félagsgreinar.....	41
Skapandi greinar .....	44
Danska og þriðja tungumál .....	49
Svið: Verknám, stærðfræði, raungreinar, hestamennska og íþróttir Grunnám Hársnyrtiiðnar ....	51
Hestamennska.....	52
Húsasmíði.....	54
Íþróttir .....	58
Matvæla - og ferðagreinar .....	60
Rafvirkjun .....	62
Raungreinar.....	65
Stærðfræði .....	69
Vélvirkjun .....	72
Bókasafn - skýrslu má finna á heimasíðu skólans. ....	73
Bragi .....	74
Félagsráðgjöf - skýrslu má finna á heimasíðu skólans .....	75
Fjarnám grunnskólanemenda .....	75
Flóafár 2026 .....	76
Garðyrkjuskólinn að Reykjum .....	78
Grunnmenntabréf .....	83
ÍSAN og umsjón með nemendum af erlendum uppruna.....	88
Kátir Dagar .....	90

Náms- og starfsráðgjöf - skýrslu má finna á heimasíðu skólans. ....	94
Prófstjórn .....	95
Sérnámsbraut.....	96
Sjálfsmat – skýrslu má finna á heimasíðu skólans. ....	101
Sjúkraliðabraut.....	101
Skólastarf í fangelsum - skýrslu má finna á heimasíðu skólans. ....	102
Skýrsla alþjóðafulltrúa .....	102
Skýrsla jafnréttisnefndar .....	106
Skýrsla félagslífs- og forvarnarfulltrúa .....	107
Tölvupjónusta .....	110

**Skólameistari**  
Soffía Sveinsdóttir

**Aðstoðarskólameistari**  
Sigursveinn Már Sigurðsson

**Áfangastjóri**

Björgvin E. Björgvinsson

**Sviðsstjórar**

Jónína Ósk Ingólfssdóttir

Sérnámsbraut

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

Guðfinna Gunnarsdóttir

Guðríður Helgadóttir

Garðyrkjunám, Reykjum

**Deildarfulltrúi Reykjum**

Svala Sigurgeirsdóttir

**Brautarstjórar:**

Björgvin Örn Eggertsson

Bryndís Björk Reynisdóttir

Hörður Helgi Hreiðarsson

Skógar og náttúra

Garðyrkjuframleiðsla

Garð- og skógarplöntubraut

Lífræn ræktun matjurta

Skrúðgarðyrkjubraut

**Fagstjórar**

Ágústa Ragnarsdóttir

Ásdís Björg Ingvarsdóttir

Bertha Ingibjörg Johansen

Elínborg Arna Arnadóttir

Ester Ýr Jónsdóttir

Erla Brimdís Birgisdóttir

Gísli Viðar Oddsson

Guðfinna Gunnarsdóttir

Guðríður Egilsdóttir

Ida Lön

Jóhann Snorri Bjarnason

Kristjana Hrund Bárðardóttir

Lárus Gestsson

Sigprúður Harðardóttir

Sissel Tveten

Svanur Ingvarsson

Sölvi Snær Jökulsson

Ægir Sigurðsson

Skapandi greinar / Bragi

Íþróttir

Íslenska

Hársnyrtiiðngreinar

Raungreinar

Samfélags- og viðskiptagreinar

Málmiðngreinar

Enska

Matvælagreinar

Danska og þriðja mál

Rafiðngreinar

Enska

Húsasmíðagreinar

ÍSAN

Hestamennska

Hamar

Ergó

Stærðfræði

**Náms- og starfsráðgjafar**

Agnes Ósk Snorradóttir

Anna Fríða Bjarnadóttir

**Sjálfsmatshópur**

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

Guðfinna Gunnarsdóttir

Bjarney Sif Ægisdóttir  
Klara Guðbrandsdóttir (fangelsi)

Sigursveinn Sigurðsson (formaður)

**Félagsráðgjafi**

Halla Dröfn Jónsdóttir

**Félagslífsfulltrúar**

Anna Kristín Valdimarsdóttir

Ingunn Helgadóttir

Tómas Davíð Ibsen Tómasson

**Kennslustjóri á Litla Hrauni og Sogni**

Gylfi Þorkelsson

**Jafnréttisfulltrúi**

Eva Dögg Jafetsdóttir

Karl Sigtryggsson

**Alþjóðafulltrúi**

Sigríður Guðmundsdóttir

**Fréttastjóri heimasíðu**

Jón Özur Snorrason

**Umsjón með Grunnmenntabré**

Bjarney Sif Ægisdóttir

**Starfið veturinn 2025-2026**

**Inngangur**

Skólaárið 2025 til 2026 var fertugasta og fimmta starfsár skólans. Ársskýrsla þessi er gefin út til að varpa ljósi á skólaárið. Raktir eru helstu atburðir og upptakur á skólaárinu. Hér má finna upplýsingar um hverjir gegndu hvaða hlutverkum og hvernig gekk. Sjá má skýrslur frá hverri deild fyrir sig þar sem fag- og kennslustjórar fjalla um nýjungar, hvað tókst vel og hvað má betur fara. Tölulegar upplýsingar um skólaárið eru reifaðar, s.s. hvernig nemendur skiptast á brautir, hvaðan þeir koma og hvernig þeir standast námskröfur.

Skýrslur fagstjóra deilda, félagsmála- og forvarnafulltrúa, skýrsla prófstjóra, skýrsla um fjarnám grunnskólanema, tölvuþjónustunnar og garðyrkjubrauta á Reykjum eru birtar hér. Skýrslur bókasafns, skólahalds fangelsa á Íslandi, náms- og starfsráðgjafa, félagsráðgjafa og sjálfsmats má á vef skólans undir „Skýrslur“.

Skólaárið hófst með fundi starfsmanna fimmtudaginn 14. ágúst 2025 og starfsdögum kennara föstudaginn 15. og mánudaginn 18. ágúst, kennsla hófst samkvæmt stundaskrá kl. 8:15 þriðjudaginn 19. ágúst. Skrifstofan opnaði miðvikudaginn 6. ágúst. Töflubreytingar voru rafrænar og fóru fram mánudaginn 18. ágúst en þá mættu einnig nýnemar í skólann og fengu kynningu á skólanum, aðstöðunni, tölvukerfunum, bókasafni, náms- og starfsrágjöf og fleiru sem tengist því að byrja í framhaldsskóla.

Nemendur voru 1023 í dagsskóla, 36 nemendur voru í kvöldskóla, 38 í fjarnámi.

121 nemendur voru skráðir á fimm námsbrautir í garðyrkju og tengdum greinum að Reykjum og í fangelsunum voru skráðir nemendur 45. Alls voru skráðir nemendur við skólann því 1.218.

Brautskráning á haustönn fór fram föstudaginn 19. desember. Dúx skólans á haustönn 2025 var Guðný Ósk Atladóttir og hlaut hún jafnframt viðurkenningar fyrir góðan árangur í ensku, stærðfræði, þýsku, íslensku, félagsgreinum og viðskipta- og hagfræðigreinum. Nemendur hér fyrir neðan hlutu einnig verðlaun.

#### **Viðurkenningar á brautskráningu, haustönn 2025:**

<b>Axel Sturla Grétarsson</b>	Viðurkenning fyrir mjög góðan árangur í <b>skapandi greinum.</b>
<b>Díana Rós Futu Hermannsdóttir</b>	Viðurkenning fyrir góðan árangur í <b>náttúrufræðigreinum.</b>
<b>Silja Lind Jónsdóttir</b>	Viðurkenning fyrir góðan árangur í <b>spænsku.</b>
<b>Thelma Björk Gestsdóttir</b>	Viðurkenning fyrir góðan árangur í <b>myndlist.</b>

#### **Vorönn 2026**

Fyrsti kennsludagur vorannar var fimmtudaginn 8. janúar. Nemendur voru 921 í dagsskóla, 15 nemendur voru í kvöldskóla og í fjarnámi 10. bekkjum grunnskóla voru skráðir nemendur 48.

88 nemendur voru skráðir í nám að Reykjum og í fangelsunum voru skráðir nemendur 27. Alls voru skráðir nemendur við skólann því 1.099 í upphafi vorannar.

Nemendafélagið hélt sína árlegu árshátíð í febrúar og Kátir dagar voru miðvikudaginn 18. mars og fimmtudaginn 19. mars. Flóafár fylgdi svo í kjölfarið föstudaginn 20. mars. Áfangamessa var miðvikudaginn 4. mars og valdagur nemenda miðvikudaginn 11. mars.

Lið skólans í Gettu betur komst í undanúrslit og Manúela Maggý Friðjónsdóttir Morthens tók þátt í söngkeppni framhaldsskóla fyrir hönd skólans.

Starfsfólk sem hætti þegar skólastarfi lauk vorið 2026 voru eftirfarandi:

Björgvin E. Björgvinsson

Guðrún Þórðardóttir

Ingólfur Guðnason

Jón Sigursteinn Gunnarsson

Kristinn Sigmundsson

Óskar Guðbjörn Jónsson

Ægir Pétur Ellertsson.

Síðasti kennsludagur vorannar var miðvikudaginn 13. maí, námsmatsdagar hófust föstudaginn 15. maí og lauk með sjúkraprófum miðvikudaginn 20. maí. Síðasti starfsmannafundur vorannar fór fram miðvikudaginn 21. maí, en þá var námsmat birt nemendum í Innu auk þess sem prófsýningar fóru fram. Brautskráning vorannar var föstudaginn 29. maí.

**Dúx skólans** á vorönn 2026 var Ólafía Ragnheiður Þórðardóttir og hlaut hún einnig viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í íþróttum og íþróttافرæði.

Dagný Katla Karlsdóttir hlaut Menntaverðlaun HÍ. Dagnú Katla Karlsdóttir, Ólafía Ragnheiður Þórðardóttir og Steinunn Lilja Guðnadóttir fengu viðurkenningar frá Hollvörðum. Nemendur hér fyrir neðan hlutu einnig viðurkenningar.

### Viðurkenningar á brautskráningu, vorönn 2026:

Nafn nemanda	Verðlaun
Auður Elísabet Þórðardóttir	Viðurkenning fyrir mjög góðan árangur í ensku.
Ásdís Þóra Böðvarsdóttir	Viðurkenning fyrir góðan árangur í spænsku.
Bryndís Lilja Martinsdóttir	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í eðlisfræði.
Dagný Katla Karlsdóttir	Viðurkenning fyrir mjög góðan árangur í ensku.
Dagný Katla Karlsdóttir	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði.
Erla Björt Erlingsdóttir	Viðurkenning fyrir góðan árangur í íslensku.
Haukur Már Birgisson	Viðurkenning fyrir frábær störf í þágu félagslífs nemenda skólaárið 2023-2024.
Kristján Svanur Gunnarsson	Viðurkenning fyrir góðan heildarárangur í námi á sérnámsbraut.
Matthías Maarten van Duin	Viðurkenning fyrir einstakan dugnað, áhuga og sköpunargleði í myndlist á starfsbraut.

Oliwia Banach	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í myndlist.
Steinunn Lilja Guðnadóttir	Viðurkenning fyrir fyrir framúrskarandi árangur í hestatengdum áföngum.
Steinunn Lilja Guðnadóttir	Viðurkenning fyrir góðan árangur í íslensku.
Vakare Onusaityte	Viðurkenning fyrir frábæran árangur og metnað við íslenskunám.
Þórhildur Sara Jónasdóttir	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í dönsku.

### Tölulegar upplýsingar

Á haustönn 2025 voru nemendur í dagskóla 992 talsins þann 10. september sem notaður er til viðmiðunar fyrir fjölda nemenda sem hóf nám þennan vetur. Þar af voru nýnemar 278 talsins. Þá voru nemendur 35 í kvöldskóla. Í fjarnám úr 10. bekkjum grunnskóla var 38 nemandi skráður og í fangelsunum voru skráðir nemendur 45 talsins. Nemendur á Reykjum voru 105. Alls voru því 1.215 nemendur skráðir í nám við skólann í upphafi haustannar. Við upphaf annar lögðu nemendur í dagskóla undir 30.310 einingar en stóðust við lok hennar 25.671 einingar. Þetta táknar að 15,3% eininga höfðu tapast á önninni. Til samanburðar töpuðust tæplega 17,6% eininga haustið 2024. Einingatap tengist því til dæmis að nemendur standast ekki námsmat eða að þeir hverfa frá námi af ýmsum ástæðum fyrir lok annar.

Í upphafi vorannar 2025 voru, viðmiðunardaginn 29. janúar, 921 skráður nemandi í dagskóla. Þá voru 15 nemendur í kvöldskóla. Í fjarnám úr 10. bekkjum grunnskóla voru skráðir nemendur 48. Í fangelsunum voru skráðir nemendur 27 talsins. 88 nemendur voru skráðir í nám að Reykjum. Alls voru það því 1.099 nemendur sem voru skráðir í nám við skólann í upphafi vorannar. Nemendur í dagskóla lögðu undir 31.373 einingar við upphaf annar og við lok hennar höfðu nemendur staðist 26.823 einingar. Þetta táknar að 14,5% eininga höfðu tapast á önninni. Til samanburðar má geta þess að vorið 2025 töpuðust 14,4% eininga. Námsárangur í dagskóla, samkvæmt þessum tölum, er því svipaður og sl. vorönn.

Í eftirfarandi töflu má sjá dreifingu dagskólanemenda á brautir skólaárið 2025-2026 m.v. viðmiðunardagana 10. september og 29. janúar.

Nemendafjöldi á brautum		haustönn 2025	Hlutfall	vorönn 2026	Hlutfall
GHÁ	Grunnnám háriðna	12	1,21%	12	1,30%
GMF	Grunnnám matvæla- og ferðagreina	7	0,71%	13	1,41%
GRB	Grunnmenntabré	61	6,15%	47	5,10%
HES	Hestaliðabraut	21	2,12%	21	2,28%
HÚS	Húsasmíðabraut	84	8,47%	81	8,79%
ÍBR	Íslenskubré	3	0,30%	7	0,76%
ÍÞB	Íþróttabraut	3	0,30%	1	0,11%
LNB	Listnámsbraut	8	0,81%	8	0,87%
RA	Rafvirkjabraut	81	8,17%	77	8,36%
SB	Sérnámsbraut	81	8,17%	74	8,03%
SJ	Sjúkraliðabraut	26	2,62%	18	1,95%
ST-1	Stúdentsbraut-Opin lína	259	26,11%	244	26,49%
ST1-A	Stúdentsbraut-Alþjóðalína	4	0,40%	4	0,43%
ST1-F	Stúdentsbraut-Félagsgreinalína	47	4,74%	51	5,54%
ST1-Í	Stúdentsbraut-Íþróttalína	45	4,54%	44	4,78%
ST1-N	Stúdentsbraut Náttúrufræðilína	100	10,08%	84	9,12%
ST1-VH	Stúdentsbraut Viðskipta- og hagfræðilína	28	2,82%	30	3,26%
ST-2	Viðbótarnám til stúdentsprófs	4	0,40%	2	0,22%
ST2-B	Stúdentsbraut Búfræðilína	1	0,10%	0	0,00%
ST2-H	Stúdentsbraut Hestalína	8	0,81%	6	0,65%
ST2-L	Stúdentsbraut Listalína	43	4,33%	36	3,91%
VV	Vélvirkjabraut	66	6,65%	61	6,62%
<b>Samtals:</b>		<b>992</b>	<b>100%</b>	<b>921</b>	<b>100%</b>

Við Fjölbrautaskóla Suðurlands leggja nemendur stund á fjölbreytt nám og í eftirfarandi töflu má sjá hversu margir stunduðu nám í iðnnámi, starfsnámi, bóknámi og á sérnámsbraut síðastliðinn vetur.

Nemendafjöldi á brautum	Haustönn 25	Vorönn 26	Brautir í flokknum
Nemendur á iðnbrautum	250	244	GHÁ, GMF, HÚS, RA og VV
Nemendur á starfsnámsbraut	99	81	HES, SJ, ST2-B, ST2-H og ST2-L
Nemendur á bóknámsbrautum	562	522	GRB, ÍBR, ÍÞB, LNB, ST-1, ST1-A, ST1-Í, ST1-N, ST1-VH og ST-2
Nemendur á sérnámsbraut	81	74	SB
<b>Samtals:</b>	<b>992</b>	<b>921</b>	


Eftirfarandi tafla sýnir hvernig aldursskipting nemenda var þetta skólaárið:

	Haustönn 2025	Hlutfall	Vorönn 2025	Hlutfall
Nemendur undir 18 ára	633	64%	552	60%
Nemendur eldri en 18 ára	359	36%	369	40%
<b>samtals:</b>	<b>992</b>	<b>100%</b>	<b>921</b>	<b>100%</b>


Nemendur í Fjölbrautaskóla Suðurlands koma víða að. Stærstur hluti er þó úr nærumhverfi Selfoss. Á myndinni hér að neðan má sjá hvernig búseta nemenda sl. vetur skiptist eftir póstnúmerum:

Haustönn 2025		Vorönn 2026	
Nemendur eftir póstnúmerum		Nemendur eftir póstnúmerum	
Reykjavík	10	Reykjavík	10
Kópavogur	5	Kópavogur	6
Garðabær	1	Garðabær	1
Hafnarfjörður	1	Hafnarfjörður	3
Reykjanes/Suðurnes	2	Grindavík	1
Akranes	0	Akranes	0
Mosfellsbær/Kjós	4	Mosfellsbær/Kjós	5
Borgarnes - Búðardalur	4	Snæfellsbær - Búðardalur	2
Suðureyri	0	Hvammstangi	1
Siglufjörður	1	Siglufjörður	0
Dalvík	1	Dalvík	1
Húsavík	2	Húsavík	2
Egilsstaðir	3	Egilsstaðir	4
Reyðarfjörður-Eskifjörður	3	Reyðarfjörður-Eskifjörður	5
Neskaupstaður	0	Neskaupstaður	0
Höfn í Hornafirði	3	Höfn í Hornafirði	3
Selfoss	535	Selfoss	487
Selfoss - dreifbýli	25	Selfoss - dreifbýli	22
Selfoss - dreifbýli	32	Selfoss - dreifbýli	29
Selfoss - dreifbýli	17	Selfoss - dreifbýli	16
Selfoss - dreifbýli	22	Selfoss - dreifbýli	18
Selfoss - dreifbýli	9	Selfoss - dreifbýli	9
Hveragerði	77	Hveragerði	70
Þorlákshöfn	68	Þorlákshöfn	61
Ólfus	10	Ólfus	10
Eyrarbakki	20	Eyrarbakki	18
Stokkseyri	7	Stokkseyri	7
Laugarvatn	1	Laugarvatn	0
Flúðir	13	Flúðir	14
Hella	19	Hella	21
Hella-dreifbýli	30	Hella-dreifbýli	29
Hvolsvöllur	30	Hvolsvöllur	27
Hvolsvöllur-dreifbýli	19	Hvolsvöllur-dreifbýli	17
Vík	7	Vík	6
Kirkjubæjarklaustur	7	Kirkjubæjarklaustur	9
Vestmannaeyjar	1	Vestmannaeyjar	1
Annað - erlent lögheimili	3	Annað - erlent lögheimili	6
<b>Samtals:</b>	<b>992</b>	<b>Samtals:</b>	<b>921</b>

Eftirfarandi mynd sýnir hversu margar einingar nemendur í dagskóla höfðu í stundatöflu á viðmiðunardögum haustannar 2025 og vorannar 2026. Þeir sem skráðir eru með enga einingu eru gjarnan í starfsnámi.



Einkunnadreifingu fyrir skólaárið 2025-2026 má sjá á eftirfarandi mynd. F stendur fyrir fall án tölulegrar einkunnar, t.d. ef nemandi fellur á mætingu og er sjálfkrafa skráður úr áfanga eða hann skilar sér ekki til lokaprófs. H táknar að nemandi hætti sjálfur í áfanganum og S stendur fyrir staðinn áfanga án tölulegrar einkunnar.



## Fréttir á skólaárinu

Haustfréttir 2025

### Englandsferð nemenda Garðyrkjuskólans

Dagana 16.-20. ágúst fór hópur nemenda í náms- og kynnisferð til Englands. Garðyrkjuskólinn hefur skipulagt slíkar ferðir fyrir nemendur annað hvert ár um langa hríð.

Nemendur standa sjálfir undir kostnaði við ferðina með fjáröflun en kennari við skólann skipuleggur dagskrá ferðarinnar og er tengiliður skólans við þá aðila sem eru heimsóttir.

Alls tóku 18 nemendur og 1 kennari þátt í ferðinni. Dagskráin var þétt skipuð og farið var í fjölbreyttar heimsóknir. Farið var í heimsókn í Clock House Farm, til eins stærsta berja- og ávaxtaframleiðanda Englands, heimsótt garðplöntustöðin Palmstead auk þess að farið var á lífræna býlið Perry Court Farm sem framleiðir grænmeti og ávexti auk þess að reka bændamarkað.



Garðaskoðunarferð í Kew og Wisley grasagarðana er líka nauðsynleg öllu ræktunarfólki. Þetta eru stærstu og glæsilegustu garðar á Englandi og 5 klst í hvorum um sig rétt dugðu til að skoða það helsta. Ferðin tókst vel í alla staði og var innblástur fyrir nemendur að sjá hvernig hlutirnir eru gerðir í útlöndum. Sumir voru langt komnir að ráða sig í verknám á Englandi en allir komu samt heim að þessu sinni en margir með upplýsingar frá tengiliðum í farteskinu.

### FRÆÐANDI OG SKEMMTILEG FERÐ TIL STRASBOURGAR



Um miðjan júní síðastliðinn héldu nemendur í umhverfisnefnd FSu ásamt nokkrum kennurum skólans til Strasbourg í Frakklandi. Var förinni heitið á Evrópuþing ungmenna eða European Youth Event sem er viðburður sem Evrópuþingið heldur á tveggja ára fresti í Strassborg og dregur að sér þúsundir ungs fólks víða úr Evrópu. Markmiðið er að skapa fjölbjóðlegan vettvang þar sem ungmenni geta hist, deilt hugmyndum og rætt framtíð Evrópu með þingmönnum, sérfræðingum og jafnöldrum sínum. Á dagskránni voru fjölbreyttar

vinnustofur, málstofur og skapandi viðburðir sem miðuðu að því að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks og hvetja þau til að taka virkan þátt í samfélaginu. Hugmyndir og tillögur sem komu fram voru síðan teknar saman og kynntar fyrir Evrópuþinginu sem auðveldar ungu fólki að hafa áhrif á stefnumótun innan Evrópusambandsins

Ferðin var mjög fræðandi og skemmtileg en það er mjög þroskandi fyrir nemendur að fá tækifæri til að taka þátt í starfi sem þessu. Nemendur FSu stóðu sig að vanda mjög vel og voru skólanum til mikils sóma.

### **Dýrindis morgunverðarhlaðborð í boði GMF**



Í FSu er fjölbreytt námsframboð. Meðal annars er hægt að taka grunnnám matvæla- og ferðagreina (GMF), sem er tveggja anna nám á 1. þrepi. Námið er ætlað nemendum sem stefna að því að vinna við ferðaþjónustu eða stefna að frekara námi í matvælagreinum, s.s. matreiðslu, matartækni, bakstri, framreiðslu og kjötið, einnig greinum tengdum ferðaþjónustu. Kennarar brautarinnar eru Guðríður Egilsdóttir framhaldsskólakennari og matreiðslumeistari og Þórir Erlingsson matreiðslumeistari.

Eitt af því sem nemendur læra er að útbúa morgunverðarhlaðborð auk þess að kynnst aðferðum við framreiðslu á því. Nemendur útbjuggu glæsilegt hlaðborð sem svignaði undan kræsingum. Þar mátti meðal annars sjá mismunandi brauð og

hrökkbrauð, síld og músli, allt unnið frá grunni. Nemendur pressuðu appelsínur og bjuggu til appelsínusafa, þeyttu smjör, matreiddu egg eftir kúnstarinnar reglum og ýmislegt fleira. Nokkrum starfsmönnum var boðið að njóta veitinganna. Það er ljóst að hótलगestir framtíðarinnar eiga gott í vændum!

Á myndunum má sjá nemendahópinn, nemendur ásamt kennurum brautarinnar og starfsfólkið sem var svo heppið að njóta kræsinganna.

### **Tómatar og kartöflur af sömu plöntunni**

Ágræðsla er árpúsunda gömul aðferð til að bæta árangur ræktunar. Langflest ávaxtatré nú til dags eru ágrædd og sama gildir um ræktun vínviðar og skrauttrjáa um allan heim. Aðferðin er þrautreynd og viðurkennd.

Nú vill svo til að margir íslenskir tómataræktendur hafa á síðustu árum notfært sér tækni sem felst í því að græða afkastamikil tómatararki á grunnstofn annarra yrkja sömu

tegundar sem hafa óvenju öflugt rótarkerfi. Ávinningur þess er að afkastageta plantnanna eykst til muna og gæði afurðanna geta jafnvel orðið enn betri.

Á göngum Garðyrkjuskólans á Reykjum er margt spjallað, meðal annars ágræðsla og kostir hennar tíundaðir. Þar kom í umræðunni að ákveðið var að gera athugun með ágræðslu. Dirfskufull áætlun var skipulögð. Ætlunin var að græða tómatagreinar á ungar



spíraðar kartöflur og sjá til hvernig til tækist. Einn af nýútskrifuðum garðyrkjufræðingum okkar, Jóhanna Íris Hjaltadóttir tók að sér verkið undir leiðsögn kennara og hófst hún handa í tilraunahúsi Garðyrkjuskólans í apríl sl. Kartöfluyrkið sem varð fyrir valinu heitir „Ben Lomond“ og var nokkrum útsæðiskartöflum komið í spírun og þær settar í potta. Smávaxna tómatayrkið „Minibel“ var notað við ágræðsluna. Þegar bæði kartöfluspírur og tómatatoppar voru með nokkurn veginn sama gildleika skeytti Jóhanna toppsprotum tómataplantna ofan á kartöfluspírurnar og gekk frá þeim eins og best var á kosið og ágræðslutilraunin hófst.

Þrátt fyrir nokkur afföll náðu nógu margar plöntur að lifa þessi ósköp af og voru þær ræktaðar áfram og gróðursettar í beð í tilraunahúsinu. Fáeinar voru líka ræktaðar áfram í stórum blómapottum og dekrað við þær í heimahúsum. Plönturnar tóku að vaxa og blómstra. Fljótlega fór að bera á tómataklösum á plöntunum og fékkst af þeim þó nokkur uppskera af bragðgóðum rauðum smátómötum, sem var ágætis niðurstaða útaf fyrir sig. Enn átti þó eftir að reyna á hvort nokkrar kartöflur myndu þroskast í moldinni. Um miðjan ágústmánuð var ráðist í að taka plönturnar upp. Margar kartöflur komu í ljós, ekki stórar en fallegar og bragðgóðar, kannski með ofurlitlum tómatakeim að sumra mati.

Ekki var um að villast, það reyndist hægt að fá uppskeru af kartöflum og tómotum af sömu plöntu og þótti mörgum undrum sæta. Kannski opnast þarna dyr fyrir nýja framleiðslugrein með úrvinnslu afurðanna, franskar kartöflur og tómatósósa af einni og sömu plöntunni? Lesendur geta síðan skemmt sér við að finna lýsandi heiti á þessari nýju íslensku grænmetistegund.

## BLÓMSTRANDI NÝNEMAFERÐ

Þriðjudaginn 9. september skelltu tæplega 300 manns sér í árlega nýnemaferð FSu. Ferðin tilheyrir áfanganum BRAGA sem er umsjónaráfangi fyrir nýnema. Um 270



nýnema tóku þátt auk nemendaráðs og starfsfólks. Sama fyrirkomulag hefur verið viðhaft um áratugaskeið - að fara með nemendur í Félagslund í Flóahreppi þar sem fjölmargar þrautir eru leystar undir styrkri stjórn Bragakennara og nemendaráðs. Þrautirnar leystar bæði innandyra og utandyra og hver krókur og afkimi nýttur til hins ýtrasta. Veðurspáin var ekki gæfuleg en úr rættist og veðrið hélst að mestu leyti þurr - sem

var greinilega það sem margir nemendur höfðu treyst á miðað við klæðaburð.

Markmið nýnemaferðar er að hrista hópinn saman með hæfilega krefjandi hópverkefnum. Þrautirnar eru eins ólíkar og þær eru margar og reyna á mismunandi styrkleika og bjóða upp á fjölpætt mat. Til dæmis er keppt í rúsínuspýtingi, stígvélakasti, París, spurningakeppni, söguspuna og aflraunum svo eitthvað sé nefnt en alls eru stöðvarnar ellefu eða jafn margar keppnishópunum. Á einni stöðinni fer fram rafræn kosning um fulltrúa nýnema í nemendaráð sem kallaður er BUSAKRÚTT en fimm buðu sig fram til embættisins.

Að keppni og kosningu lokinni var haldinn grillveisla, pylsupartí með öllu tilheyrandi og veitingarnar ruku út. Heimildir herma að hraustasta fólk hafi sporðrennt allt að fimm pylsum með öllu. Dagurinn endaði á því að tilkynnt var um úrslit nýs fulltrúa nýnema í nemendaráð sem og úrslit þrautakeppninnar þar sem mjótt var á munum. Sigurvegarar fögnuðu að sjálfsgöðu og héldu út í haustið og hlýjar rúturnar ásamt öllum öðrum þátttakendum dagsins.

## MÖNDLAÐ MEÐ MÓDERNISMA

Myndlistarnemar við Fjölbrotaskóla Suðurlands hafa sett upp fjölbreytta sýningu í Sundhöll Selfoss. Um er að ræða allra stærstu sýningu sem nemendur skólans hafa sett upp í opinberu rými. Sú ber yfirskriftina *Möndlað með módernisma* enda helsta viðfangsefni hennar listastefnur á tímabilinu 1850-1930 en á því skeiði, og reyndar fram eftir 20. öldinni, átti sér stað margþætt þróun í listsköpun.

Fjölmargir myndlistar- og hönnunaráfangar eru kenndir við skólann. Svokallaðir grunnáfangar eru kenndir hverja önn en aðrir fjórðu hverju önn. Áfanginn sem þessi verk eru unnin í kallast *Móðernismi og listastefnur* og er kenndur fjórðu hverju önn, nú síðast á vorönn 2025. Það fylgir öllum framhaldsáföngum myndlistar að halda sýningu í opinberu rými, enda ákveðið nám sem felst í sýningarundirbúningi. Að auki þurfa nemendur að skila greinargerð með hverju fullloknu verki þar sem þeir íhuga og rökstyðja í máli og myndum nálgun, stíl, aðferð, myndbyggingu og innihald svo eitthvað sé nefnt. Kennari áfangans var Ágústa Ragnarsdóttir



Verk úr fjórum verkhlutum áfangans eru til sýnis. Það eru annars vegar *raunsæjar kyrralífsblyantsteikningar* og hins vegar *kúbískar kyrralífspastelmyndir*, bráðskemmtilegar andstæður með skyldu mótífi. Þá er það *portrett* þar sem nemendur sjálfir völdu stíl og aðferð með tilliti til tímabilsins sem um er fjallað og loks *fantasíur* þar sem áherslan var á hugmyndafræðina og minni sótt að einhverju leiti í hið minnsta tvo stíla frá móðerníska tímabilinu.

Niðurstaðan er afar fjölbreytt og forvitnileg sýning þar sem fjölmörg falleg og áhugaverð verk eru til sýnis. Sýningin er sem fyrr segir í Sundhöll Selfoss og stendur yfir frá 17. september til og með 14. október.

## GLIMRANDI GÓÐGERÐAVIKA

Aðstoðarskólameistarinn Sigursveinn var látin útiskokka í íþróttagalla frá 8. áratugnum.



Skólameistarinn Soffía mætti í trúðabúningi í vinnuna og Kalli húsvörður afgreiddi hádegismat í mötuneyti skólans í samskonar búning. Stúlkur aflituðu augabrúnirnar og drengir hjóluðu í skólann úr Hveragerði. Kennarar skoruðu hver á annan og jafnvel heilu deildirnar. Þannig áttu íslenskukennarar að nota slettur og slangur í störfum sínum og skorað var á kennara stærðfræðideildar að lesa upphátt og oft í kennslustundum ljóðið Skarphéðinn í brennunni eftir Stein Steinarr.

Á miðvikudag komu fulltrúar frá SÁÁ og kynntu mikilvæga starfsemi sína á sal skólans. Kjörís gaf nemendafélaginu hátt í 500 íspinna sem þeir seldu síðan til styrktar SÁÁ. Lokahnykkurinn var svo í lðu í hádeginu á föstudag þar sem nokkrir kennarar héldu

skrautlega tískusýningu sem var ein af áskorunum og stjórn nemendafélagsins og útvaldir kennarar kepptu í fótbolta. Alls söfnuðust þessa vikuna að frumkvæði nemenda

FSu 420 þúsund krónur og var þessi öflugri styrkur afhentur fulltrúa SÁÁ við glimrandi undirtektir.

## SKAPANDI SAMSTARF MYNDLISTAR OG HÚSASMÍÐA

Nemendur FSu í grafískri hönnun hafa síðastliðnar vikur stundað nám í veggspjaldagerð. Eins og svo oft fékk myndlistardeildin til liðs við sig aðra deild innan FSu og í þetta sinn var samstarfið við húsasmíðabraut skólans. Þemað var VINNUSTAÐAMENNING og undirflokkar voru meðal annars öryggismál, einelti, hópsamskipti, fagmennska og sorpflokkun.


Við vinnslu veggspjaldanna beittu nemendur ýmsum brögðum sem kennd hafa verið í leturmeðferð og myndmáli en kröftugt myndmál getur oft á tíðum orðið enn sterkara með öflugri fyrirsögn. Þá var áhersla á að skilaboðin væru skýr, einföld og hvert veggspjald myndi aðeins beina sjónum skoðenda að einu ákveðnu áhersluatriði.

Að lokinni hugmynda- og skissuvinnu var nemendum í sjálfsveld sett hvort lokaafurðin yrði unnin alfarið í höndum eða í tölvu eða í blandi beggja en margir nemendanna hafa nú þegar góðan grunn í grafískum forritum sem þeir hafa lært í einstökum áföngum skólans eins og grafískri miðlun og fablab. Ætlunin er að veggspjöldin skreyti um leið og þau verða til áminningar í húsakynnum húsamíðarbrautarinnar í framtíðinni. Nú er þau til sýnis á neðstu hæð Odda og verða þar næstu tvær vikur.

Kennarar sem komu að þessu samstarfsverkefni verkefninu voru Ágústa Ragnarsdóttir myndlistakennari og Lárus Gestsson húsasmíðakennari.

## EINVALALIÐ Á NJÁLUSLÓÐUM

Föstudaginn 10. október síðastliðinn lagði vaskur hópur nemenda upp frá Fjölbautaskóla Suðurlands. Förlinn var heitið í Rangárvallasýslu á slóðir Gunnars, Hallgerðar, Njál's, Skarphéðins, Bergþóru og Hildigunnar svo nokkrar persónur Brennu-Njál's sögu séu tíndar til. Lá leiðin upp með Ytri-Rangá að Þingskálum þar sem litið var yfir búðartóftir á þingstað. Því næst var ekið að Gunnarssteini en þar brugðu nemendur á leik og settu sig í spor þeirra bræðra, Gunnars, Kolskeggs og Hjartar þegar vesælir menn sátu fyrir þeim 30 talsins.



Komið var við á hinum ýmsu söguslóðum og farið yfir valda Njálu atburði.

Miðaldahamborgarar voru snæddir, axarkast stundað, sögusýning skoðuð og pílu fleygt í hinu fornfræga Sögusetri hjá vertinum Úlfari sem reyndist höfðingi heim að sækja. Allir út á vegasjoppunni Hlíðarenda og þar var andinn dregin djúpt að rangæskum hætti til að finna fyrir sögulegum atburðum. Kennararnir Ragnhildur Elísabet og Lárus Ágúst voru afar ánægð með daginn og ferðafélagana sem voru stórskemmtilegir, fróðsleiksfúsir og til mikils sóma.

Að lokum skal þess getið að Menntaskólinn að Laugarvatni reyndist rausnarlegur og lánaði glæsilega búninga og vopn til sviðsetningar á völdum atburðum þessarar merkilegu sögu.



### Knús, kærleikur og samstaða í nóvember



EKKO teymi Fjölbrautaskóla Suðurlands hefur undanfarið unnið ötullega að málefnum sem snúa að einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi. EKKO teymið saman stendur af náms- og starfsráðgjöfum og félagsráðgjafa skólans. Vinnan hefur

meðal annars falið í sér gerð nýrrar EKKO-áætlunar fyrir skólann og útgáfu fræðslubæklings fyrir nemendur sem mun birtast í lok þessa mánaðar.

Nemendur hafa verið virkir þátttakendur í ferlinu. Komið með hugmyndir að forvörnum, deilt sinni sýn á góð samskipti og haft áhrif á innihald bæklingsins. Þessi samráðsvinna er mikilvægur þáttur í að skapa öruggt skólasamfélag þar sem öll geta notið sín.

Í tilefni alþjóðlegs baráttudags gegn einelti þann 8. nóvember sl. stóð EKKO teymið fyrir „knúspásu“ mánudaginn 10. nóvember. Þá mynduðu nemendur og starfsfólk kærleikshring utan um skólann. Gjörningurinn var táknrænn og minnti á að við getum öll lagt okkar af mörkum til að skapa jákvætt og öruggt umhverfi. Knúspásan heppnaðist afar vel og það var ánægjulegt að sjá samstöðu allra sem tóku þátt.

Alþjóðlegur dagur gegn kynbundnu ofbeldi er 25. nóvember. Þann dag viljum við, í samstarfi við nemendur, leggja áherslu á gildi virðingar, umhyggju og kærleika í samskiptum, en allur nóvembermánuður er sérstaklega tileinkaður því að efla jákvæð samskipti.

### **Manúela Maggý vann söngkeppnina**



Manúela Maggý Friðjónsdóttir Morthens vann söngkeppni NFSu sem fram fór í Iðu í gærkvöldi. Manúela Maggý söng lagið Ekkert breytir því með Sálinni hans Jóns míns. Hugrún Erla Jóhannsdóttir varð í öðru sæti og Leví Abranja Jónasson í því þriðja. Einnig voru veitt verðlaun fyrir frumlegasta atriðið en þau hlaut Ásthildur Cesil Bjarkadóttir en hún flutti frumsamið lag.

Níu söngvarar tóku þátt og stóðu sig öll með mikilli þryði. Keppnin var hin glæsilegasta. Þétt var setið í Iðu og boðið upp á ýmis skemmtiatriði. Ronja Lena flutti sigurlagið í fyrra og unglíngahljómsveitin Frú Eydís flutti

nokkur 80's lög en þema kvöldsins var einmitt 80's eins og sást glögglega á klæðaburði kynnanna. Að auki sýndi Dansstúdíó WC kröftugan dans í hléinu. Hljómsveitin Koppafeiti spilaði undir hjá öllum keppendum og lék nokkur lög meðan dómnefndin réði ráðum sínum.

Manúela Maggý verður því fulltrúi FSu í söngkeppni framhaldsskólanna sem haldin verður næsta vor.

### **„Allt fyrir ástina” heiðursverkefni 2025**

Verkefnið "Allt fyrir ástina" hlaut í dag viðurkenningu Félags sérkennara á Íslandi sem heiðursverkefni ársins 2025. Kennararnir Eva Dögg Jafetsdóttir og Halldóra Björk Guðmundsdóttir eiga heiðurinn af verkefninu.

Allt fyrir ástina er áfangi sem Eva Dögg og Halldóra Björk bjuggu til og kenna á sérnámsbraut skólans. Áfanganum er ætlað að fræða nemendur um allt það sem viðkemur ástinni og á að styðja nemendurna við að: taka ígrundaðar ákvarðanir, auka sjálfstæði, spyrja spurninga og hlusta, láta skoðanir sínar í ljós og vera meðvituð þegar kemur að ástinni.

Viðurkenningin er staðfesting á því metnaðarfulla og fjölbreytta starfi sem er unnið innan skólans.



## HVER ER VAMPÍRA OG HVER EKKI?

Nemendur í leiklistaráfanga FSu sýndu nýlega lokaverkefni sitt í litla leikhúsinu við Sigtún á Selfossi. Lokaverkefnið snerist um að æfa, greina og leika leikverk. Fyrir valinu

varð leikritið Blóðsystur eftir Guðmund Lúðvík Þorvaldsson og unglíngadeild Leikfélags Kópavogs. Verkið fjallar um ástina, vampírur, nunnur og hver vill ekki ganga í klaustur? Hvað gerði Sigurður vampírubani í klaustrinu? Hvað varð um systur Guðlaugu? Hver er í raun og veru vampíra og hver ekki?



Hópurinn vann verkefnið í samstarfi við Leikfélag Selfoss. Slíkt samstarf er ómetanlegt fyrir nemendur og bætir miklu við þá stóru lærdómsreynslu að setja upp leikrit með öllu því sem því ferli fylgir. Kennari og leikstjóri var heiðurskonan Guðfinna Gunnarsdóttir.

## ELDBORG UNDIR GEITAHLÍÐ OG TRÖLLABÖRN VIÐ LÖGBERG

Vettvangsferðir eru nauðsynlegur hluti af jarðfræðinámi. Þá fá nemendur að upplifa og sjá þau jarðfræðifyrirkæri sem fjallað eru um í kennslustundum og í kennslubók. Jarðfræðiferð á Reykjanesskagann er kjörin vettvangur til þess. Þann 17. október 2025 fóru jarðfræðinemar í FSu ásamt kennara sínum Ólafi Einarssyni vestur á Reykjanesskaga í rannsóknarferð en voru um leið. Nemendur leiðsögumenn í ferðinni og höfðu undirbúið tölu um sum þeirra jarðfræðifyrirkæra sem voru skoðuð.

Veðrið þennan dag var þokkalegt, þokuslæðingur og logn. Fyrsti viðkomustaður var jaðar Þjórsárhrauns við Eyrarbakka og þaðan var haldið í vesturátt sem leið lá eftir Suðurstrandavegi. Á leiðinni voru skoðuð hin ýmsu hraun sem vegurinn sker. Gengið var á Eldborg undir Geitahlíð sem lúrir þar lítt áberandi. Margir sem aka Suðurstrandavegin taka ekki eftir þessum fallega gíg en aðrir telja hann þann fallegasta á sunnanverðu landinu.



Síðan var ekið inn með fjallinu Slögu í nágrenni Ísólfskála og gengið að nýja hrauninu í Nátthaga. Mikil upplifun var að koma að því þar sem enn rýkur gufa og sérlega fróðlegt að skoða hraunmyndanirnar. Það vakti einnig undrun að finna mosa sem var byrjaður að vaxa í glufum í hrauninu. Ótrúlegt að mosinn skuli vera byrjaður að nema land í hrauninu sem rann árið 2021. Því næst voru heimsóttir nokkrir staðir í landi Krýsuvíkur þar á meðal Grænavatn og hverasvæðið Seltúni. Þaðan var farin Krýsuvíkurleið og um Hafnarfjörð, Breiðholt og inn á Suðurlandsveg.

Síðustu viðkomustaðirnir voru Tröllabörn við Lögberg sem eru friðuð hraundryli og fáir taka eftir þegar Suðurlandsvegurinn er ekinn í flýti. Við Bláfjallaafleggjarann voru þátttakendur fræddir um Þríhnjúkagíg. Að enduðum góðum degi var haldið heimleiðis eftir fróðlega og vel heppnaða ferð.

## Vorfréttir 2026

### Löggur í löns

Forvarnarverkefnið Öruggara Suðurland varð til á stofnfundi í Þorlákshöfn 18. apríl árið 2024. Í því er lögð áhersla á að vinna að forvörnum og afbrotavörnum á breiðum samfélagsgrunni þar sem opinberar stofnanir og félagasamtök taka höndum saman. Í þeim efnum leikur fyrirbærið samfélagslöggan jákvætt og uppbyggilegt hlutverk og sinnir forvörnum í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og í félagsmiðstöðvum.



Í leikskólum er það Lúlli löggubangsi sem birtist börnunum en á grunn- og framhaldsskólastiginu eru það svokallaðar löggur í löns sem heimsækja nemendur þegar þeir snæða hádegisverð. Þessi glaðhlakkalega ljósmynd

var tekin um miðjan janúarmánuð af þremur löggum í löns í mötuneyti Fjölbrautaskóla Suðurlands þar sem þeir snæddu dýrindis kjúklingabringur og ræddu við nemendur skólans.

## Nótnahof inni í aðalbyggingu

Nýlega var afhjúpað nýtt merki fyrir Kór Fjölbrautaskóla Suðurlands en slíkt hefur kórinn ekki átt áður. Um samkeppni var að ræða sem fram fór á milli nemenda í áfanganum NÝMI2GH05 eða grafísk hönnun þar sem snert er á ýmsum þáttum eins og lettri og meðferð þess, táknmáli forma og lita, heildarframsetningu veggspjalda og bæklinga og kíkt inn í heim vörumerkja. Kennari áfangans var Ágústa Ragnarsdóttir.

Vörumerkjahlutinn fól í sér raunverkefni sem var hönnun merkis fyrir Kór Fjölbrautaskóla Suðurlands (Kór FSu) og þar átti að huga að öllum

helstu þáttum vörumerkjahönnunar. Nemendurnir, 16 samtals, stóðu sig mjög vel heilt yfir og dómnefnd hafði því úr nægu að móða en hana skipuðu Björgvin E. Björgvinsson, áfangastjóri og formaður dómnefndar, Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir sviðstjóri, Daníel Smári Björnsson formaður nemendaráðs, Þórunn Hafdís Stefánsdóttir formaður Kórs FSu og Þórarinn F. Gylfason grafískur hönnuður.

Það var merki Karenar Önnu Björnsdóttur sem varð fyrir valinu en í útskýringu sem fylgdi því segir vinningshafinn: „Ég vildi notfæra mér einstakt form aðalbyggingar skólans og vinna einnig með nótur sem tengingu við tónlistina. Úr varð einhverskonar nótnahof inni í formi stofnunarinnar sjálfrar. Bláa litapallettan á að vekja tilfinningu trausts, lærdóms og ró. Blár er einnig liturinn í merki skólans. Letur merkisins á að vera auðlæsilegt og þola vel smækkun auk þess að vera passandi við útlit merkisins sjálfs. Merkið á að vera hægt að nota á margvíslegan máta og henta í alls konar framsetningu.“

Í öðru sæti samkeppinnar varð merki Hugdísar Erlu Jóhannsdóttur og því þriðja merki Einars Ara Gestssonar. Úrslitin voru kunngjörð á jólatónleikum Kórs Fjölbrautaskóla Suðurlands sem nú á sitt eigið tákn sem hann getur notað við ýmis tækifæri í framtíðinni.



## Líkaminn í lauginni

Myndlistarnemar við Fjölbrautaskóla Suðurlands hafa sett upp sýningu í Sundhöll Selfoss sem ber yfirskriftina *Möndlað með mannlíkamann* en þar er LÍKAMINN helsta viðfangsefnið. Myndlistaráfanginn er á 3. þrepi og aðeins kenndur fjórðu hverja önn. Hann kallast *Maður og efni* og er einn af framhaldsáföngum myndlistarkennslunnar.

Að sögn Ágústu Ragnarsdóttur kennara áfangans „fylgir öllum framhaldsáföngum myndlistar sú krafa að nemendur haldi sýningu í opinberu rými enda felst heilmikið nám í því að undirbúa sýningu í opinberu rými. Þá þurfa nemendur að skila greinargerð með hverju fullloknu verki þar sem þeir íhuga og rökstyðja í máli og myndum nálgun, stíl, aðferð, myndbyggingu og innihald svo eitthvað sé nefnt.”



Verk úr þremur af fjórum verkhlutum áfangans eru til sýnis. Í fyrsta verkhluta var unnið með lifandi módel (fyrirsætu) þar sem nemendur þjálfuðu sig í að teikna mannlíkamann frá öllum sjónarhornum í lengri og skemmri tíma. Í öðrum verkhluta þurftu nemendur að velja úr skissum fyrsta verkhlutans og vinna þær áfram. Þeir réðu bæði efni og innihaldi en mannlíkaminn varð að vera í forgrunni í nokkuð

raunsærri túlkun.

Skúlpúr var viðfangsefni þriðja verkhlutans. Nemendur völdu sjálfir efnivið til úrvinnslu. Vinna átti mannsmynd raunsætt, afstrakt eða súrrealískt. Í fjórða og síðast verkhlutanum var unnið verk með tengingu við listasöguna. Þar urðu nemendur að sækja sér innblástur og velja hið minnsta eitt verk úr listasögunni þar sem mannlíkaminn kemur við sögu. Verkið varð að vera tvívítt en nemendur réðu efnivið. Stílbrigði gátu verið frá raunsæi og yfir í afstrakt.

„Útkoman er forvitnileg og falleg sýning þar sem fjölbreytt og áhugaverð verk eru til sýnis” segir Ágústa að lokum og bætir við að sýningin standi yfir frá 20. febrúar til og með 17. mars.

## **Brotthvarf og gervigreind**

FSu tekur núna þátt í alþjóðlegu þróunarverkefni sem snýr að brotthvarfi nemenda úr námi og hagnýtingu gervigreindar til að draga úr því brotthvarfi. Háskóli Íslands leiðir þessa vinnu og óskaði eftir aðkomu FSu. Heiðurskonan Halla Dröfn Jónsdóttir skólafélagsráðgjafi FSu var fulltrúi skólans á vinnufundi í Brussel í liðinni viku. Verkefnið kallast StAI en fyrri hluti hugtaksins vísar til nemenda (student) en seinni hlutinn til gervigreindar (AI).

Vinnufundur fór fram í belgísku borginni Brussel dagana 3. til 5. febrúar síðastliðinn. StAI-verkefnið snýst um að hanna gervigreind sem getur hjálpað til við að greina nemendur í áhættu svo hægt sé að grípa fyrr inn í og draga þannig úr ótímabæru brotthvarfi úr námi.

Á fundinum í Brussel var unnið markvisst að því að prófa verkfærið, ræða möguleika þess og takmarkanir, auk þess sem lögð var áhersla á siðferðisleg álitaeftir, gæði gagna og ábyrgð í notkun gervigreindar í menntun. FSu er eini íslenski framhaldsskólinn sem kemur að þessum hluta verkefnisins. Framlag þátttakenda fólst meðal annars í að prófa verkfærið og veita endurgjöf sem nýtist við áframhaldandi þróun þess.

Það verður áhugavert að fylgjast með framvindu þessa mikilvæga og alþjóðlega verkefnis á næstu misserum.

## **Sameininlegir tónleikar FSU og ML**

Síðdegis kórtónleikar FSu og ML hljómuðu í dag í Selfosskirkju. Kirkjubekkirnir þéttsetnir og Guðný heiðurskona Sigurðardóttir vísaði til sætis. Stjórnandi beggja kóranna er hugsjóna – og tónlistarmaðurinn Stefán Þorleifsson. Kórstarf hans verður seint ofmetið. Svo er gaman að tengja sögu þessara skóla saman í söng. Annar stofnaður 1953 og hinn 1981. Flaggskip menntunar á Suðurlandi. Og hljómur ungdómsins var góður í þessari fallegu kirkju sem heldur upp á 70 ára kirkjustarf um þessar mundir.

Stefán færði Selfosskirkju kærar þakkir fyrir að hýsa tónleikana því samvinnan í menningarmálum skiptir svo miklu máli. Þótt nemendafjöldi ML sé aðeins einn fimmti af nemendafjölda FSu var kór þeirra mun fjölmennari. Kórastarf í ML á sér rótgróna hefð og kannski má segja að auðveldara sé að virkja kórastarf í heimavistarskóla en í áfangaskóla sem sækir daglega nemendur frá Hvolsvelli til Þorlákshafnar.



Söngskráin var í bland erlend og innlend lög – í heild tólf lög - en endirinn var eftirminnilegur þar sem báðir kórarnir fluttu á dásamlegan hátt þjóðsög Sveinbjörns Sveinbjörnssonar við kvæði Matthíasar Jochumssonar.

### **Fyrstu nýssveinar FSu í pípulögnum**

Þann 25. mars luku nemendur FSu sveinsprófi í pípulögnum í fyrsta sinn. Boðið var upp á nám á pípulagnabraut í kvöldskóla vorið 2024 og fyrsti hópurinn útskrifaðist síðustu jól. Sex þeirra luku sveinsprófi hjá lðunni fræðslusetri.

Guðmundur Bjarni Brynjólfsson fékk viðurkenningu fyrir bestan árangur á sveinsprófi í pípulögnum en um 30 luku sveinsprófi í pípulögnum að þessu sinni. Við erum gríðarlega stolt af hópnum og árangri Guðmundar Bjarna. Þetta er vitnisburður um gæði námsins í FSu og gefur okkur byr í seglin.



Á myndinni má sjá Guðmund Bjarna Brynjólfsson ásamt Ívari Grétarssyni meistara sínum.

Skólinn tekur nýjan hóp inn í pípulagnir haustið 2026.

### **Fár í Flóa á vorjafndægri**

Hið einstaka og litríka FLÓAFÁR sem haldið er í FSu á hverju skólaári fór að þessu sinni fram á vorjafndægri 20. mars en þá eru dagar og nótt nánast jafnlöng. Um er ræða blöndu af keppni og hátíð – ekki ósvipað karnívali að Suður-Amerískum sið og

Íþróttakeppni Þórs og Útgarða-Loka sem lesa má um í Snorra-Eddu. Allur umbúnaður og skipulag var í besta lagi og sköpun enn betri enda mikið lagt í það af starfsfólki skólans og nemendum. Þátttaka var til sóma og mikið líf í kennsluhúsnæðum FSu í Odda og Hamri þennan föstudagsmorgun.



Í Flóafári hópast nemendur saman í lið og keppa innbyrðis í öllu litrófi námsgreinanna. Þar ræður hugmyndaflug kennara mestu. Hvert nemendalið fær sérstakt heimasvæði til að skreyta sem þau gerðu af mikilli hugmyndaauðgi. Í því sambandi breyttist matsalur skólans í Grænland, gryfja skólans og rýmið í kring ummyndaðist í Barbie og USA með áherslu á bleikt og blátt og í austurhluta Odda á annarri hæð fæddist Villta

Vestrið. Síðan er keppt í þrautunum út um allt rými skólans í Odda og Hamri.

Hugmyndaauði liðanna í útliti og skipulagningu heimasvæða var mikil að venju og fór keppnin vel fram. Fjögur lið voru skráð til leiks að þessu sinni sem þessu sinni nefndust Grænland, Villta Vestrið, USA og Barbie og í lokin sigraði USA.

En það sem upp úr stendur er breytingin sem verður á hefðbundnu skólastarfi. Og sú nauðsyn sem fylgir henni. Eins og um karníval og keppni sé að ræða þar sem öllu er snúið á haus og nemendur hlaupa um með fána og dansa í miðryminu og hefðbundnir kennarar mæta klæddir eins og kökuskreytingar, Rauðhetta og úlfurinn, nunnar, munkar, hippar eða trúðar svo nokkuð sé nefnt. Áfram Flóafár!

### Áfangamessan og valdagur

Áfangamessa er fastur liður í starfsemi FSu. Þá setja kennarar skólans upp skreytta bása eða kynningarborð á sal skólans og nemendur kynna sér fjölbreytt námsframboð. Á þessari önn varð sá dagur MIÐVIKUDAGURINN 4. MARS. Valdagur fylgir svo í kjölfarið og verður 11. MARS

næstkomandi en þá velja nemendur áfanga fyrir komandi haustönn.

Iðn- og starfsnámsbrautir eru sex við skólann. Í hársnyrtiið, matvæla- og ferðagreinum, húsasmíði, rafvirkjun, vélvirkjun og á sjúkraliðabraut.

Stúdentsbrautir til bóknáms eru sex. Í alþjóðasamskiptum, félagsgreinum,

náttúrufræðigreinum, íþróttum, viðskipta- og hagfræðigreinum og á svokallaðri opinni línu. Stúdentsbrautir til starfsnáms eru þrjár. Í búfræði, hestamennsku og listgreinum.



Þá er rekin sérnámsbraut þar sem einstaklingsmiðað nám fer fram fyrir fatlaða og nemendur með greiningar. Garðyrkjunám sem stundað var við Landbúnaðarháskóla Íslands hefur nú flust til FSu og er hægt að stunda það á sex brautum.

## Kórferðalag til Ítalíu

Dagana 24. til 28. febrúar síðastliðinn fór Kór Fjölbrautaskóla Suðurlands í söngferð til Ítalíu. Flogið var til Mílanó og þaðan ekið til borgarinnar Ölbú. Tilgangurinn var að hitta ítalska jafnaldrá sem voru að setja upp ameríska söngleikinn *Chorus Line*. Auk kórs FSu kom þangað danskur kór frá framhaldsskólanum í Frederiksberg í Kaupmannahöfn. Alls voru því um áttatíu syngjandi ungmenni frá Íslandi og Danmörku auk um fimmtán ítalskra heimamanna sem léku á hljóðfæri, dönsuðu og sungu. Daginn eftir komuna tóku við strangar æfingar sem enduðu svo á sýningu um kvöldið. Húsfyllir var og góður rómur gerður af flutningi kóranna.



Morguninn eftir var svo áfram sungið og héldu þrír kórar tónleika í glæsilegum tónleikasal. Að sögn kórstjórans Stefáns Þorleifssonar voru FSu-ingar „full værukærir þegar kom að klæðnaði enda reiknað með að húsið væri upphitað eins og á Íslandi.” Á þessum tónleikum söng hver kór sína efnisskrá og sungu FSu-arar hefðbundna íslenska kórtónlist auk íslenskra dægurlaga. „Þarna toppaði kórin sig” segir Stefán „og ekki fór á milli mála að samvinna við önnur ungmenni

var mikil lyftistöng fyrir starfið ásamt frábæru tónleikahúsi með miklum hljómburði sem við eigum því miður ekki að venjast hér heima.”

Stefán segir að samvinna eins og þessi sé gífurlega mikilvæg fyrir allt skapandi starf með ungu fólki. „Þarna voru rúmlega hundrað ungmenni að hittast og mynduðust vinasambönd þrátt fyrir stuttan tíma. Það er mikið nám sem felst í svona ferðalagi og náinni samvinnu milli nemenda og kennara. Menningarmunur er þó nokkur og matur er annars konar svo eitthvað sé nefnt.”

## Lokaverkefni nemenda við Garðyrkjuskólann fyrsti viðkomustaður forseta Íslands í heimsókn í Hveragerði

Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir og eiginmaður hennar Björn Skúlason heimsóttu Hveragerði þann 29. apríl í tilefni af 80 ára afmæli Hveragerðisbæjar. Þeirra fyrsta verk í heimsókninni var að gróðursetja sitt hvort tréð í lokaverkefni þriggja nemenda af skróðgarðyrkjubraut, þeirra Georgs Rúnars Elfarssonar, Jóhönnu Írisar Hjaltadóttur og Selmu Margrétar Karlsdóttur. Lokaverkefnið þeirra er á smágarðasvæði við aðalgötu bæjarins og er það hringlaga hellulögn með mynstri sem myndar blóm, sem nemendur kjósa að kalla Hellublóm. Nemendurnir hönnuðu og framkvæmdu verkið algerlega upp á eigin spýtur en fengu aðstoð frá garðyrkjudeild Hveragerðisbæjar eftir þörfum. Trén sem forsetahjónin gróðursettu eru af yrkinu pálmareynir 'Dodong' sem er blaðfalletgt yrki sem sérlega fagra haustliti. Fjöldmenni var við gróðursetninguna og forsetjahjónin léku á als oddi.




fær

Garðyrkjuskólinn óskar nemendum hjartanlega til hamingju með glæsilegt verkefni.

### Hinsegin dagar og hinsegin veggur

Hinsegin dagar voru haldnir hátíðlegir í Árborg vikuna 2. - 8. mars síðastliðinn. Af því tilefni fögnuðu FSu-ingar fjölbreytileikanum. Skólin var skreyttur hinsegin litunum, nemendur í kynjafræði útbjuggu veggspjöld með fróðleik um hinseginleikann og hengdu um skólann og fyrirlestur haldinn á sal fyrir nemendur um hinsegin samfélagið frá Samtökunum 78.



Þá máluðu nemendur af listnámsbraut austurvegginn í anddyri skólans í regnbogalitunum. Það gerðu þau Dagmar, Elín Kristín, Malwina Tyl, Oliwia Banach og Nikodem (Nikk). Þá bauð nemendafélagið upp á köku í tilefni daganna og mötuneyti skólans var með í stemningunni. Skrifstofa skólans og stjórnendagangur voru einnig skreytt regnbogalitunum. Jafnréttisfulltrúi skólans er Karl Sigtryggsson enskukennari.

## Faglegur og skapandi skólafundur

SKÓLAFUNDUR var haldinn í FSu síðastliðinn föstudag 17. apríl. En eins og segir í framhaldsskólalögum frá árinu 2008 - *skal halda skólafund að minnsta kosti einu sinni á hverju skólaári. Rétt til setu eiga allir starfsmenn skólans ásamt fulltrúum nemenda. Á fundinum er rætt um málefni viðkomandi skóla. Skólameistari boðar til fundarins og leggur fram dagskrá - stýrir fundi eða felur öðrum stjórn hans.*



Umfjöllunarefni skólafundanna eru ólík á milli ára. Að þessu sinni var athyglinni beint markmiðum ríkisstjórnar Íslands í menntamannauðsmálum og hvernig hægt sé að tengja þau daglegu skólastarfi. Umræðan fór fram í hópum undir faglegri og röggssamri stjórn sviðstjóranna Guðbjargar Helgu Guðmundsdóttur og Guðfinnu Gunnarsdóttur. að og

Hugtökin sem unnið var með voru þrjú. *Góð þjónusta. Gæði menntunar. Öflugur mannauður.* Umræður voru líflegar en ávallt innan ramma skipulagðrar kennslufræði þar sem öllu er afmarkaður tími. Svör og vangaveltur settar á gula límmíða sem festir voru á veggspjald. Dæmi um spurningar sem unnið var með má nefna: Í hverju felst gæði menntunar og hvernig tryggjum við hana? Hvað er góð þjónusta í skólaumhverfi FSu? Vantar þjónustu í FSu? Hvað mætti bæta? Hvað felur öflugur mannauður í sér sér? Hvernig eflum við velferð, námsánægju og starfsgleði nemenda og starfsfólks?

Við lok fundarins fór fram hugstormun um framtíðarsýn FSu þar sem meðal annars var spurt um þau gildi sem ættu alltaf að einkenna skólastarf í FSu? Hvaða sérstöðu hefur FSu í menntun nemenda sinna? Er e-ð sem skólinn ætti að hætta að gera í starfsemi sinni? Og að síðustu: Þegar fyrrverandi nemandi skólans lítur til baka eftir þrjátíu ár – hvað hefur skólastarfið gefið honum?

## Rafmagnsdeildin á þýskri ljósahátíð

Rafmagnsdeild FSu gerir það ekki endasleppt í vettvangsferðum og tækninýjungum því þann 7. til 11. mars síðastliðinn fóru fjórir kennarar ásamt níu nemendum á alþjóðlegu sýninguna Light&building sem haldin er annað hvert ár í Frankfurt í Þýskalandi.



Sýningin er sú stærsta á sviði rafurmagns og ljósa og samkvæmt upplýsingum frá sýningarstjórum komu að þessu sinni tæplega 150 þúsund gestir frá 143 löndum. Sýningarsvæðinu er skipt í tólf aðskilin rými og er í heildina um 250 þúsund fermetrar.

Skoða má allar nýjustu uppgötvanir og framleiðslu á rafbúnaði og efni tengd faginu eins og ljósum, tenglum og verkfærum svo nokkuð sé nefnt. Íslensku heildsölnurnar bjóða upp á skipulagða dagskrá á sýningunni til að kynna sína birgja. Að sögn kennaranna Jóns Sveinbergs Birgissonar og Þórs Stefánssonar heppnaðist ferðin framur vonum – og með þeirra orðum „varð allt gegg bæði faglega og ferðalega.”

### Og svo þurfti líka að muna að anda

Dagana 9. - 13. apríl síðastliðinn lögðu nemendur FSu og kennarar í DANS3KF05 land undir fót og heimsóttu Kaupmannahöfn. Um valáfanga er að ræða á þriðja þrepi dönskunámsins og fjallar um danskar kvikmyndir, ferðalag og skáldsagnalestur. Að sögn Idu Lön kennara var undirmarkmiðið að þjálfast í að nota danskar almenningssamgöngur og kynnast viðurkenndri menningu og óskrifuðum dönskum reglum. Auk þess var fetað í fótspor annarra og eldri ferðalanga til að skapa eigin upplifun.



Heimsóttir voru tveir skólar. Annar var *Johan Borups Højskole* sem er staðsettur í hjarta Kaupmannahafnar - á móti danska þinginu í Christiansborg. Skólinn er lýðháskóli með um 100 nemendur og býður upp á nám í tengslum við skapandi greinar.

Þó Borups sé lýðháskóli er heimavist ekki í boði en að öðru leyti fúnkerar hann sem heimili með allskonar notaleg og misstór rými dreifð á fimm hæðir. Húsið var áður stórhýsi fursta og byggt

um miðju 17. öld. Skólinn var hins vegar stofnaður árið 1891 og átti þá eins og nú að „aðstoða dömur og herra menn stórborgarinnar að finna sig í nútímanum í gegnum sköpun, söng og samveru.”

Hinn heimsótti skólinn var viðskiptaháskólinn *Copenhagen Business School* á Frederiksberg. Hann er með beina neðanjarðarlestartengingu inn á campus og á milli 20 og 23 þúsund einstaklingar stunda þar nám. Tilgangur skólans er rammaður inn með

orðunum: „We transform society with business“ og áhersla lögð á frama og velgegni. Öflugt rannsóknarstarf á viðskiptatengdum sviðum fer fram í þeim skóla.

Til fróðleiks má nefna að í undirbúningi ferðarinnar fengu FSu nemendur ýmsa möguleika þegar kom að því að velja skóla af því að hvorki meira né minna en um tuttugu skólar sýndu FSu nemendum áhuga.

Auk skólaheimsóknanna var farið í Tivoli og út að borða á Pinchos sem er smáréttastaður á Axeltorgi sem auðvelt er að mæla með. Þá var tekinn Hafnarstrætó frá Det Kongelige Bibliotek og út á endastöðina Tegllholmen með viðkomu á Islands Brygge og Knippelsbro. Á bakleiðinni var svo áð í dagverði í Nyhavn. Að lokum má nefna að Havnebussen er ódýr sigling sem hægt er að mæla með og sérlega þægilegur útsýnis- og ferðamáti. Þar mátti sjá konu taka sér pásu frá púlserandi lífi stórborgarinnar og gefa ungabarninu sínu brjóst.

Nemendur sáu um allt skipulag þessarar námsferðar: verðkannanir, símtöl, akstur í Leifsstöð, sameiginlegan kvöldverð, flugpantanir og hótelpantanir og hafa samband við og sjá um samskipti við skólana svo nokkuð sé nefnt. Nemendur báru ábyrgð á staðsetningu og tímaákvörðunum frá upphafi ferðar og til enda. OG SVO ÞURFTI LÍKA AÐ MUNA AÐ ANDA. Í ljós kom að nemendur réðu fullkomlega við að skipuleggja, framkvæma og anda ofan í þind. Hvernig má það vera betra? segir Ida Lön að lokum – spösk á svip af áhuga og reynslu.

## Heiðursmenn halda til Vestfjarða

heiðurinn að heitinu VERKMENNT. Huggulegir og menningarlegir buðu þeir að sjálfsgöðu betri helmingi sínum í þessa ferð.

Tilgangurinn var að sækja heim Menntaskólann á Ísafirði og efla faglegt samband íslenskra verkmenntakennara. En faglegt samstarf er mikilvægt í endurmenntun og stuðlar að starfsþróun. „Það er ómetanleg reynsla að koma í aðra skóla og sjá hvernig kennsla fer þar fram – bæði til samanburðar og hvatningar“ segir Lárus Gestsson fagstjóri húsasmíðagreina í FSu.



Heiðrún Tryggvadóttir skólameistari Menntaskólans á Ísafirði tók á móti gestum og hélt innihaldsríka kynningu um skólastarfið. En að mati Lárusar er húsakostur verklegrar kennslu á Ísafirði og víða annars staðar bágborinn „svo vægt sé til orða tekið. Aðdáunarvert er hversu lausnamiðað fólk getur unnið og kennt við svo krefjandi aðstæður.“

Að kynningu lokinni var haldinn fundur þar sem Heiðrún skólameistari ræddi stofnun Iðnmenntaráðs að danskri fyrirmynd sem komið var á laggirnar á Vestfjörðum árið 2024. Vakti þessi hugmynd sérstakan áhuga FSu kennara en ráðið er hugsað til að efla samstarf við atvinnulífið og styðja við verknám. Á fundinn kom ungur fulltrúi vestfirskis atvinnulífs sem rekur byggingafyrirtæki á Ísafirði og flutti erindi sem tengdist iðnnámi, ferilbók og sveinsprófum. Ljóst var af því erindi að samstarf skóla og atvinnulífs lofar góðu á Ísafirði og að bjartsýni ríki um frekara samstarfi skóla og atvinnulífs á Íslandi. En að mati Lárusar Gestssonar hefur það samstarf verið frekar dapurt og lítið – hingað til.

Þegar fagstjórinn Lárus Gestsson er spurður að lokum um gildi svona ferða stendur ekki á svari. „Það myndast alltaf svo innihaldsríkar umræður um ýmis mál sem tengjast faglegu starfi okkar og því sem við erum að glíma við í verklegri kennslu. Þessi þáttur samtals og samstarfs er mikils virði fyrir fagmennskuna og hjálpar okkur að missa ekki móðinn þó við séum oft við að glíma við erfið verkefni í kennarastarfinu.“

### Loksins brúðuleikhús í FSu

Verkmenntakennararnir Jón Sveinberg Birgisson í rafiðn og Óskar Helgi Guðnason og Ari Már Ólafsson í tréiðn stunda nú kennsluréttindanám við Háskóla Íslands. Þar völdu þeir í sameiningu áfanga sem nefnist HÖNNUN OG SMÍÐI LEIKFANGA en megin markmið hans er að virkja sköpunargleði nemenda og vinna verkefni sem snúa að hönnun og smíði leikfanga. Eitt af verkefnunum var BRÚÐULEIKHÚS og gátu þeir FSu félagar unnið verkefnið saman í hóp. Aðspurðir sögðust þeir hafa fengið leyfi til að gera þessa skemmtilegu hugmynd að veruleika í smíðastofu FSu. Vakti það svo mikla athygli og gleði samstarfsmanna þeirra að BRÚÐULEIKHÚS SÝNINGU var slegið upp á kaffistofunni.



Þessu til viðbótar má geta þess að STIGI JÓNASAR – sem er nákvæmlega hlutfalls smíðað sýnishorn af stiganum sem varð þjóðskáldinu Jónasi Hallgrímssyni (1807 – 1845) að aldurtila - er til sem verk á bókasafni FSu. Það listaverk er hannað og smíðað af tveimur kennurum skólans – þeim Lárusi Ágústi Bragasyni sögukennara og Svani Ingvarssyni smíðakennara í tilefni af degi íslenskrar tungu.

Í ljósi þess að FSu heldur upp á 45 ára starfsafmæli sitt þann 13. september í haust gæti verið frólegt að lista upp og draga fram verk af líku tagi sem vitna um sköpunargleði nemenda og starfsmanna í gegnum áratugin.

## Leiksýning um ásti í ofsaveðri

26. febrúar síðastliðinn fór fjölmennur hópur FSu nemenda í áfanganum ÍSLE2BV05 að sjá rómaða leiksýningu Þjóðleikhússins á *Gunnlaugs sögu ormstungu*. Umfjöllunarefni áfangans snýst um hinar verðmætu bókmenntir okkar Íslendinga frá miðöldum. Má þar nefna eddukvæði, Íslendingasögur og ekki síst Snorra-Eddu sem lýsir fornum og heiðnum menningarheimi norrænna manna.

Gunnlaugs saga fer í flokk styttri Íslendingasagna og segir frá unglíngunum Gunnlaugi og Hrafni á átjándá ári sem eiga sér stóra drauma um frægð og frama. Auk þess eru þeir skotnir í sömu stúlkunni – Helgu hinni fögru – sem verður til þess að mikill harmleikur verður að veruleik.

Líkt og Gunnlaugur forðum vildu hinir ungu FSu nemendur forframast. Þó ekki með því að sigla til annarra landa og flytja konungum og jörlum dróttkvæði heldur með ferð í leikhús þjóðarinnar. En með líkum hætti og í sögu Gunnlaugs og Hrafns lentu nemendur FSu í hindrunum á leið sinni að lokamarkinu. Á háheiði Hellis ríkti sannkallað ofsaveður.

Yfir heiðina komst þó hópurinn og í leikhús en þó örlítið of seint. En eins og orðtakið segir: betra er seint en aldrei. Leikhópur Þjóðleikhússins beið þeirra og salurinn fagnaði hópnum með lófataki – eins að og loknum flutningi hins besta kvæðis.

Eftir leik hríðarbylsins á heiðinni nutu sunnlenskir nemendur og kennarar átakamikils og hrífandi leiks og söngs Hrafns, Helgu og Gunnlaugs og annarra litríkra aukapersóna. Vinátta og fjölskylda, ást og afbrýði, metnaður og öfund, gleði og sorg eru fyrirbæri sem einkenndu til jafns líf sögupersóna fyrir eitt þúsund árum og nútímafólks.

„Við erum öll einfaldlega alltaf að reyna að vera til - bæði þá og nú” sagði Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir – einn af kennurum áfangans við sagnaritara þessarar fréttar.

## Skýrslur fagstjóra

Svið: Tungumál, skapandi greinar, samfélagsgreinar og Ergó

## Enska

Fagstjórar: Guðfinna Gunnarsdóttir og Kristjana Hrund Bárðardóttir

Kennarar og áfangar

	<b>Haustönn 2025</b>	<b>Vorönn 2026</b>
<b>Nafn kennara</b>	<b>Áfangaheiti</b>	<b>Áfangaheiti</b>
Erna Jóhannesdóttir	ENSK2OR05 ENSK3FO05	ENSK2OR05 ENSK3FO05
Filippía Huld Helgadóttir	ENSK1HA05 ENSK2OL05	ENSK1HA05 ENSK2OL05 ENSK1RX05
Guðfinna Gunnarsdóttir	ENSK3FO05 ENSK3VE05	ENSK3FO05 ENSK3YL05 ENSK2OL05(GR)
Karl	ENSK1RX05 ENSK2OL05 ENSK2OR05	ENSK1RX05 ENSK2OL05 ENSK3FO05
Kristjana Hrund Bárðardóttir		
Halldóra (Dóra)	ENSK1RX05	ENSK1RX05
Sigurbjörn M. Valdimarsson	ENSK2OL05 ENSK2OR05 ENSK2OL05 (GR)	ENSKOL05 ENSKOR05

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Deildin sótti um styrk hjá fagefningarsjóði til að uppfæra og endurvinnna áfangana ENSK1HA05, ENSK2OL og ENSK2OR05 eftir breytingar á námsskrá í ensku þar sem tveir

svokallaðir hægferðaráfangar voru teknir út (ENSK2HB05 og ENSK2HC05). Vinnan var svo kynnt við lok vorannar.

Kennari í RX kennslu vann við að setja upp áætlanir skv. skipulagi síðustu tveggja anna á verkefnum og skipulagi varðandi Academic skills 3, ritunar-, málfræði-, og tengd verkefni í áföngunum OL – OR og útbjó Academic skills 2 áætlun fyrir HA. Sett voru upp öll verkefni fyrir hvern RX nemanda í Innu, og nemendur svöruðu könnun með sjálfsmati og viðhorfum til hópverkefna og um eigin vinnusemi og skipulag áfangans sem þau voru að vinna í.

Byrjað var að endurskoða ENSK1HA05 þannig að áfanginn virki sem betri undirbúningur fyrir ENSK2OL 05 og ENSK2OR06. Búin var til námsáætlun þar sem einblínt var á nýjar áherslur og ný verkefni skipulögð.

Unnið var að því að endurskoða OR áfangann með tilliti til þess að hann sé eðlilegt framhald af OL áfanga. Á haustönn var tekin upp rökfærslu ritgerð sem krefur nemendur um að taka afstöðu til samfélagslegra álitaefna. Námsmarkmið ritgerðarinnar er skipulag texta ásamt rýni og meðferð heimilda í texta. Gerð er krafa um að nemendur byggji afstöðu sína á áreiðanlegum heimildum og skoði málið frá fleiri hliðum en einni með það að markmiði að umfjöllun um efnið sé sanngjörn. Nemendur útbúa og flytja kynningu um ritgerðarefnið í hópum sem gefur þeim kost á að ræða og víkka mögulega hugmyndir sínar um málefnið. Ný skáldsaga var tekin inn, námsáætlun, námsmat og verkefni voru endurskoðuð sem og heildarskipulag áfangans.

### **Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**

Allir áfangar í enskudeild eru símatsáfangar, en mikil áhersla er lögð á munnleg próf.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

SMV – Gervigreind í Kennslu, tækifæri og áskoranir (06.06.25).

AI and EFL Writing: Vinnustofa (30.09.25).

Þróunarsjóður námsgagna – Námskeið um gerð námsgagna (29.01.26).

AI as critical opponent: Effects on L2 writer's argument and reasoning quality (16.02.26).

HGB - Júní 2025: Gervigreind í Kennslu, tækifæri og áskoranir, fræðsla um gervigreind í skólalastarfi miðvikudaginn, 14. janúar. 2026

Leiðtogar í skóla án aðgreiningar í fjölmenningsarsamfélagi á haustönn og Kennslufræði og skipulag stoðþjónustu á vorönn (námsleið: Menntun allra 60 erts, viðbótarpróf á meistarastigi).

FHH- Gervigreind í kennslu, Open AI, NotebookLM og Nano Banana, 3. desember 2025.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Skáldsagan 1984 eftir George Orwell var sett inn í ENSK2OR05.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Áfangar verða áfram í uppfærslu og endurskoðun eins og vera ber. Vinna þarf áfram með uppfærslu á ENSK1HA05. Einnig þarf að uppfæra og breyta ENSK3YL05 fyrir vorönn, uppfæra bókalista og skoða verkefni, æskilegt væri að sú vinna fari fram á haustönn.

Vinna að skipulagningu ENSK2OR05 mun halda áfram. Ákjósanlegt væri að vinna betur í námsefni sem notað er í tengslum við umfjöllun álitaefna, sérstaklega viðeigandi greinar til að lesa í undirbúningi fyrir ritgerðarskrif.

## Ergó

Fagstjóri: Sölvi Snær Jökulsson

### Kennarar og áfangar

	<b>Haustönn 2025</b>	<b>Vorönn 2026</b>
<b>Nafn kennara</b>	<b>Áfangaheiti</b>	<b>Áfangaheiti</b>
Anna Kristín Valdimarsdóttir	FÉLA1SA05	
Erla Brimdís Birgisdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Erna Jóhannesdóttir		UMHV1SU05
Guðmundur Björgvin Gylfason	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Guðmundur Garðar Sigfússon	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Halldóra Björk Guðmundsdóttir	FÉLA1SA05	
Ingunn Helgadóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Katrín Rut Sigurgeirsdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Karl Sigryggsson	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Ragnheiður Eiríksdóttir		UMHV1SU05
Sigríður Sigurðardóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Sölvi Snær Jökulsson	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Tóms Davíð Ibsen	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Pórunn Sif Ólafsdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

#### Haustönn

Á haustönn í Ergó A voru kennsluhættir með svipuðu moti og sl. vetur þó með áherslu á að færa námsefnið í átt að lífsleikni og tengja meira við nemendur sjálfa. Um er að ræða

sex námslotur auk skapandi lokaverkefni eins og síðasta vetur. Ergó hóparnir voru sex á þessu skólaári en fleiri nemendur en venjulega í hverjum hóp. Kennarapörin skiptu á milli sín skipulagi námslotanna og sáu um skipulag og framsetningu námsþátta hvernar lotu. Áfanginn er verkefnaþingur og áhersla lögð á samvinnu nemenda og leiðsagnarnám. Árið var með áframhaldandi áherslu á skapandi skil, upplýsingatækni, fjármálafræðslu og heimildanotkun. Sérfræðiheimsóknir dreifðust á önnina m.a. fjármálafræðsla frá Arion banka, heimsókn frá SÁÁ um fíkn og fjárhættuspil og kynning frá VR þar sem sagt er frá starfi stéttafélaga og greint frá réttindum og skyldum félagsmanna.

### **Vorönn**

Á vorönn í Ergó B var skipulag með svipuðum hætti og fyrri önn og námsefni svipað og á vorönn 2025. Námsefnið skiptist í sex námslotur sem vísa í mismunandi heimsmarkmið með áherslu á umhverfis og sjálfbærnimál. Mikið af námsefni var notað frá vorönn 2024 með viðeigandi uppfærslum og bætingu. Stefnt var að þróun í átt að meiri lífsleikni og færa námsefnið nær nemendum, um þeirra umhverfi og sjálfið.

Breyting var gerð með hugleiðingadagbókina sem er onedrive skjal sem nemendur vinna í yfir önnina. Þessa önn var hugleiðingadagbókinni skipt í tvo hluta, fyrri og seinni, og farið var yfir fyrri hlutann við miðannarmat og gefin einkunn og leiðsagnarmat en seinni hluta við lok annar.

### **Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**

Námsmatið er í sífelldri þróun í átt að leiðsagnarmati. Lögð var áhersla á samræmi í námsmati í öllum hópum, t.d. með verkefnum með skilgreindu vægi. Nemendahópar eru stórir og breiðir og því þarf oft að hafa einhverjar áherslubreytingar milli hópa. Námsmatið á hugleiðingadagbók var breytt á vorönninni eins og farið var yfir hér að ofan.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

SS:

- Námskeið á vegum Menntavísindasviðs fyrir dönskukennara. Námskeiðið hét “En verden til forskel” og þar var allt sem fjallað var um tengt við heimsmarkmiðin. Menntaskólinn á Tröllaskaga skipuleggur allt sitt nám út frá markmiðunum og fengum við að sjá ýmis verkefni sem þau vinna í dönsku. Sendikennarar og sendilektorar í dönsku fjölluðu líka um hvernig hægt væri að flétta markmiðin inn í dönskukennsluna með lestri á greinum, horfa á þætti/kvikmyndir o.s.frv..

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Glærur og verkefni uppfærð.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

- Að færa Ergó áfangann í heild sinni í átt að lífleikninámi þar sem félagshæfni, mannkostamenntun og nám tengt nemendum er í forgrunni.
- Að skoða bætingu á námsmati, t.d. með því að bæta við munnlegum skilum á verkefnum og/eða örðum fjölbreyttum verkefnum.

- Leggja áherslu á æskileg vinnubrögð á framhaldskólastigi, upplýsingatækni og meðferð heimilda í allri verkefnavinnu.
- Nýta skapandi skápin meira og setja upp kerfi til að viðhalda og passa uppá frágang og nýtingu efniviðsins. Einnig til að passa að það sé til nóg af öllu í skápinum.

## Íslenska

Fagstjóri: Bertha I.Johansen

### Kennarar og áfangar

	Haustönn	Vorönn
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Bertha I. Johansen	ÍSLE2BV05 ÍSLE3BB05 * 2 ÍSLE3HE05	ÍSLE3HE05 ÍSLE3NB05 ÍSLE3RT05 ÍSLE3PJ05
Birgir Aðalbjarnarson	ÍSLE1GA05 *2 ÍSLE2OS05 ÍSLE3BB05	ÍSLE1GB05 ÍSLE2OS05 ÍSLE2BV05 *2
Jón Özur Snorrason	ÍSLE1GB05 ÍSLE2OS05 ÍSLE3BB05	ÍSLE1GB05 ÍSLE2OS05 ÍSLE3NB05
Katrín Rut Sigurgeirsdóttir	ÍSLE1GA05 ÍSLE2BV05 ÍSLE3HE05	ÍSLE1RX05 ÍSLE3HE05 ÍSLE3RT05
Kristjana Hallgrímsdóttir	ÍSLE1RX05 ÍSLE1GB05 ÍSLE2OS05 ÍSLE2BV05	ÍSLE1RX05 ÍSLE2OS05 ÍSLE3RT05 ÍSLE3HR05
Ragnhildur E. Sigfúsdóttir	ÍSLE3BB05 ÍSLE3ME05	ÍSLE2BV05*2
Stefán Hannesson	ÍSLE1RX05 ÍSLE1GB05 ÍSLE2OS05 * 2	ÍSLE1RX05 ÍSLE1GA05M ÍSLE1GB05
Puríður M. Björnsdóttir	ÍSLE1GB05 ÍSLE2OS05	ÍSLE2OS05 ÍSLE2BV05 (afleysing)

	ÍSLE3HE05 ÍSLE3MV05	ÍSLE3HE05 ÍSLE3NB05
--	------------------------	------------------------

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Hugsandi skólastofa, höfum aukið notkun á töflunum sem voru settar upp í nokkrar íslenskustofur. Við prófuðum að nota bentobox eða bitabox í áföngunum bókviti (ÍSLE2BV05) og ritun og tjáningu (ÍSLE3RT05). Það gaf góða raun. Bitaboxið var hluti af stærra verkefni í ritun og tjáningu. Þar hverfðist lokaverkefnið um eina bók sem nemendur lásu og áttu m.a. að búa til bitabox. Í bókviti unnu nemendur bitabox upp úr sögunni Náðarstund, þá var fyrri hluta sögunnar skipt í u.þ.b.10 blaðsíðna hluta, nemendur unnu í pörum, skimuðu yfir sinn hluta og kjörnuðu efni í 6 eða 7 orða sögu. Verkefnið tókst vel og er upplagt í sameiginlegri yfirferð á bókmenntum. Hentar vel í tvisvar 55 mín kennslu. Bitaboxið var nýtt á sama hátt í bókviti, þ.e. nemendur unnu í pörum, fengu u.þ.b. 10 bls til að vinna með og unnu rafrænar klippimyndir sem þau kynntu og urðu hryggjarstykkið í sameiginlegri yfirferð á sögunni. Að auki unnu nemendur bókmenntagogg upp úr Náðarstund, sömdu spurningar upp úr sögunni og settu inn í gogginn, síðan röltu þau um stofuna og spurðu hvert annað. Líf og fjör! 6 orða sagan var einnig notuð í þjóðskáldum (ÍSLE3PJ05) þar sem nemendur lásu Aðventu. Þessi aðferð hentar vel áður en lagt er af stað í dýpri umræðu og verkefnavinnu. Þannig að það er hægt að nota þessar nýjungar, bitaboxið, gogginn og 6 orða söguna á ýmsan hátt og á öllum þrepum.

**ÍSLE3HE05** - Í heimildaritun er nú unnið með fyrirmyndarritgerð Ara Tannasonar, sem er vel unnin ritgerð nemanda frá sl. vori. Ritgerðin er höfð sem fyrirmynd í heild sinni og ýmsum smærri verkefnum. Þetta hefur gefist vel, nemendur eru ánægðir með að geta skoðað ritgerð sem er unnin eins og kröfur eru gerðar um í áfanganum.

**ÍSLE3ME05** – Ýmsar tilraunir voru gerðar til að brjóta upp langa tíma og hvetja nemendur til þátttöku. Til dæmis fór hópurinn gangandi upp á Stóra-hól þar sem Gunnarshólmi eftir Jónas Hallgrímsson var lesinn og túlkaður en af hólnum má sjá til sögu sviðsins magnaða. Annars unnu nemendur ýmist í hópum eða sem einstaklingar fjölbreytt verkefni sem lauk oftast með samantekt í lok tímans.

**ÍSLE3BB05** – Menningarferð til höfuðborgarinnar, farið var með hópana fimm til Reykjavíkur til að kynna barnamenningu. Hóparnir heimsóttu Þjóðleikhúsið, Listasafn Íslands og Borgarbókasafnið. Alls staðar fengu nemendur vandaðar og fróðlega kynningar á starfinu sem ætlað er börnum. Nemendur unnu heimildaverkefni í tengslum við ferðina. Mikilvægt að auka vettvangsferðir.

**ÍSLE2BV05** – Leikhúsferð; um þessar mundir er verið að sýna söngleikinn Ormstungu í Þjóðleikhúsinu. Tækifærið var gripið og ákveðið að lesa með nemendum Gunnlaugs sögu ormstungu. Þrátt fyrir háskaför vegna veðurs tókst afar vel til og er söngleikurinn hin mesta skemmtun og náði vel til nemendanna.

### Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Það er símat í öllum áföngum íslenskudeildarinnar. Því verður haldið áfram á öllum þrepum en á 2. þrepi þurfa nemendur að ná lágmarkseinkunninni 4,5 í ákveðnum námsþáttum.

Ákveðið var að hafa lágmarkseinkunn í einum námsþætti í **ÍSLE2OS05** og einum í **ÍSLE2BV05**. Það er gert í þeirri von að nemendur fari í næsta áfanga með lágmarkshæfni í ritun og læsi. Það sem á við alla íslenskuáfanga: Áfram er unnið með leiðsagnarnám þegar kemur að ritun. Það má segja að í öllum áföngum hafi verið meiri áhersla lögð á tímaritgerðir og vangaveltur þar sem nemendur handskrifuðu upp á gamla mátann. Auk þess eru munnleg skil að færast í aukana, annaðhvort í kennslustund eða í formi hlaðvarps.

Sem dæmi um námsmat í einum 3. þreps áfanga: **ÍSLE3BB05** – símat, verkefni og próf. Fjölbreytt verkefni sem lauk oft með kynningum nemenda. Krossapróf úr sögum og bókmenntasögu. Kynning var stór hluti námsmats lokaverkefnis. Lokaverkefni verður að ígrunda vel og styðja nemendur, fá þau til að vinna í skrefum og ígrunda vel hvern lið verkefnisins. Hér mætti hugsa sér að gera kynningar nemenda að stærri viðburði, kannski eins konar uppskeruhátíð við lok annar. Í blálökin var tímaritgerð upp úr efni annarinnar og er slíkt verkefni nauðsynlegt í símatsáfanga.

Annars fer umræða um lokapróf einstakra áfanga vaxandi innan deildar – eftir innkomu gervigreindar og almennrar upplýsingatækni - og notkun símans - í námi nemenda. Fylgjendum lokaprófa í hópi kennara fer aðeins fjölgandi og er mikilvægt að vera vakandi yfir námsmati nemenda. Fullyrt er að með því að nýta sér ekki lokapróf glattist þekking / færni til að taka próf og undirbúa sig fyrir próf.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

#### **Bertha I. Johansen:**

Yoga for teacher (Padova erasmus)

Málnotkun innan og utan skólastofunnar (námskeið hjá Félagi íslenskukennara).

Hugsandi skólastofa - **Grunnnámskeið**. Peter Liljedahl, í HÍ, á vegum SamSTEM-hóps.

Hugsandi skólastofa - **Framhald - aðrar faggreinar**. Peter Liljedahl, í HÍ, á vegum SamSTEM-hóps.

#### **Ragnhildur Sigfúsdóttir:**

Málnotkun innan og utan skólastofunnar (námskeið hjá Félagi íslenskukennara).

Mál og lestrarerfiðleikar (KME108F - haust).

Lestur og lestrarkennsla: áherslur og þróun (KME206F - vor) á menntavísindasviði HÍ.

Hugsandi skólastofa, Peter Liljedahl, í HÍ, á vegum SamSTEM-hóps.

#### **Þuríður M. Björnsdóttir:**

Hugsandi skólastofa, Peter Liljedahl, í HÍ, á vegum SamSTEMhóps.

#### **Kristjana Hallgrímsdóttir:**

Yoga for teacher (Padova Erasmus+)

Hugsandi skólastofa - **Grunnámskeið**. Peter Liljedahl, í HÍ, á vegum SamSTEM-hóps.

Hugsandi skólastofa - **Framhald - aðrar faggreinar**. Peter Liljedahl, í HÍ, á vegum SamSTEM-hóps.

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

**ÍSLE2BV05:** Ákveðið var að rúlla þremur bókum milli anna. Fóstbræðra saga og Blóðberg hafa verið kenndar en nú bættist Náðarstund eftir Kent við. Þegar Fóstbræðra saga er ekki lesin var ákveðið að lesa Gunnlaugs sögu, bæði til þess að hafa einhverja Íslendingasögu og líka í ljósi þess að Ormstunga var sett upp í Þjóðleikhúsinu vorið 2026. Nemendur í BV fóru einnig á leiksýninguna Ormstungu og unnu hlaðvarpsverkefni upp úr þeirri ferð. Það var vel heppnað.

**ÍSLE3BB05:** Endurskoðuðum áfangann og tel ég (JÖZ) að sú ákvörðun hafi verið góð. Ætlum að bæta einni barnabók - til lestrar fyrir næstu önn. Að nemendur lesi þrjár fjölbreyttar barnabækur á hverri önn.

**ÍSLE3PJ05:** Lesnar voru Íslandsklukkan eftir Halldór Laxness (1. bindi) og Aðventa eftir Gunnar Gunnarsson. Bókmenntasagan Íslenska fjögur var notuð sem hryggjarstykki í bókmenntahlutanum.

### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Auka vettvangsferðir - megum fara oftár út úr skólastofunni í nærsveitir sem til fjarlægari staða - sem kostar reyndar meira – og krefst víðtækara skipulags.

Niðurstaðan af þessi vangaveltu væri að auka styttri vettvangsferðir.

Nota aðferð hugsandi skólastofu í meira mæli. Færa með því kennsluna frá kennara til nemenda – og æfa hæfni þeirra í því að greina, túlka, skapa og leggja út af því sem þau eru að læra. Styrkja þannig ferlið: Að hugsa og vekja forvitni, þá nálgast nemendur upplýsingar sem leiðir til skilnings (Hugsandi skólastofa). Það er óraunhægt að keyra eingöngu á þessari hugmyndafræði en hún er vel til þess fallin að nota mögulega 1-2 sinnum í mánuði í hverjum áfanga.

### Félagsgreinar

Fagstjóri: Erla Brimdís Birgisdóttir

### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Erla Brimdís Birgisdóttir	SÁLF2IN05 SÁLF3PS05	SÁLF2IN05 (2 hópar) SÁLF3PS05 SÁLF3RS05
Eva Dögg Jafetsdóttir	KYNJ2GR05 (2 hópar)	KYNJ2GR05 (2 hópar)

Ragnheiður Eiríksdóttir	HEIM2BY05	HEIM2BY05
Stefán Hannesson	KVIK2KT05	KVIK2ÚK05
Sabína Steinunn Halldórsdóttir		UPPE2UM05 (2 hópar)
Tómas Davíð Ibsen Tómasson	SAGA2YA05	SAGA2YA05 SAGA3MS05
Ingunn Helgadóttir	BÓKF1BA05 VIÐS2SM05	LÖGF2LÖ05 TÖLN1GR05
Ægir Sigurðsson	HAGF2HA05	VIÐS2FJ05
Lárus Á Bragason	SAGA2YA05 (2 hópar) SAGA3SS05 SAGA1SX02	SAGA2YA05 (2 hópar) SAGA3FM05 FÉLA2AF05
Björgvin G Sigurðsson	FÉL2AF05 (3 hópar) FÉLA3ST05 HEIM2BY05	FÉLA2AF05 (3 hópar) FÉLA3AB05 (2 hópar)

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

**Sálfræði:** Kennsluhættir voru með svipuðu sniði og á sl. önnum þó svo að áherslum einstakra námsþátta hafi verið breytt. Áfangar í sálfræði eru almennt nokkuð verkefnaþjálfir og áhersla er lögð á samvinnu nemenda í mörgum verkefni. Lögð var aukin áhersla á skapandi verkefnaskil, hljóðupptökur, heimildanotkun og kynningar, stefnt er á áframhaldandi þróun.

**Kynjafræði** Kennsluhættir með svipuðum hætti og síðustu annir en regluleg uppfærsla á verkefnum með tillit til samfélagslegra umræðu og þróun gervigreindar. Meira um munnleg verkefni og má auka það á næstu önn. Á vorönn kom það til að Ungmennahing Barnaheilla var haldið í FSu í tengslum við að skoða ofbeldi í nánnum samböndum ungmenna og var kennslan aðlöguð að því enda rímar það vel við viðfangsefni áfangans.

Á vorönn hófst samstarf við Sigurhæðir sem er miðstöð fyrir þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi. Farið var í vettvangsferðir þangað sem var sterkur leikur að gefa nemendum tækifæri að skoða húsakynninn og fá “hands on” fræðslu. Samstarfið er til tveggja ára til að byrja með og verður aðlagð á næstu önn með örlitlum tilfæringum. Síma og tölvunotkun í tímum hefur minnkað en þó þarf að minna nemendur á reglulega. Engin hefur nýtt símahótelid. Opnu vottorðin eru að aukast og nemendur virðast óvissir um mikilvægi opinna samskipta við kennara.

**Heimspæki:** Kennsluhættir voru með svipuðum hætti en þó var kennari aðeins að prófa sig áfram með nýjar áherslur. Meiri áhersla var lögð á umræðutíma sem gengu nokkuð vel þrátt fyrir að nemendur væru svolítið lokaðir. Námsmat var svipað og áður, fjölbreytt símat, en kennari gaf nemendur meira val varðandi verkefnaskil. Símanotkun var aðeins að trufla einbeitingu en nemendur brugðust alltaf vel við þegar beðinir að hætta.

**Kvikmyndasaga:** Kennd með hefðbundnu sniði. Meiri áhersla lögð á umræður eftir kvikmyndáhorf. Námsmat var byggt upp með sama hætti og á síðasta skólaári (á verkefnum, prófum og lokaverkefni). Vægi prófa var aukið á vorönn með því markmiði að endurspegla betur þekkingu nemenda á viðfangsefni áfangans.

**Saga:** Sagan var með hefðbundnu sniði að mestu. Við bættum við fleiri míkroverkefnum (einsöguverkefnum) sem gefa nemendum innsýn inn í hugarheim einstaklinga sem upplifa söguna. Einnig gerðum við tilraunir með örkannanir sem við höfum ekki áður notað.

**Uppeldisfræði:** Kennsluhættir voru með nokkuð hefðbundnu sniði en kennari var þó að prófa sig áfram með mismunandi fyrirkomulag á innlögn og verkefnavinnu. Lögð var áhersla á að hvetja nemendur til að skila verkefnum á fjölbreyttan hátt. Nemendur höfðu aukið val með framsetningu á verkefnum og hvött til að horfa til eigin styrkleika. Eftir önnina sér kennari að það verður ekki hjá því komist að skoða námsáætlun enn frekar næsta haust og leggja ríkari áherslu á að nemendur tjái sig frekar sjálfa með eigin orðum í stað þess að nota gervigreindina. Hins vegar ætlar kennari að skoða enn frekar með nemendum hvernig þau geti nýtt sér gervigreindina til heimildaöflunar. Á sama tíma verður vægi prófa aukið.

### **Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**

Símat er í áföngum í félagsgreinadeildinni líkt og síðustu ár. Námsmat er byggt á verkefnum þá bæði einstaklings sem og hópverkefnum, kaflaprófum ásamt virkni og þátttöku í tímum. Nemendur þurfa að ná 4,5 eða hærra í ákveðnum námsþáttum til að standast áfanga.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

- Erla Brimdís: Örnámskeið í gervigreind og skyndihjálparnámskeið.

- Eva Dögg: Örnámskeið í gervigreind, Designing inclusive learning environment to support all students (Erasmus námskeið í Flórens), Að skilja áhrifa áfalla á hegðun minni og heilsu (Námskeið á vegum Stigamóta)
- Ragnheiður: Er í MA námi í Uppeldis- og menntavísindum á námsleiðinni Farsæld og fjölbreytt samfélag.
- Tómas Davíð Ibsen Tómasson: Skyndihjálparnámskeið

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

- Engar stórar breytingar voru gerðar á kennslubókum.
- Námsefni frá kennara: efni frá kennara hefur breyst á milli ára í nokkrum áföngum í takti við þróun og samfélagslegar breytingar.
- Ásamt því að hlaðvörp voru notuð í meira mæli en áður í nokkrum áföngum.

### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Engar formlegar tillögur, en viðhorf um að "lifa og njóta" eins og hefur verið í deildinni síðustu ár.

### Skapandi greinar

Fagstjóri: Ágústa Ragnarsdóttir

### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Anna Kristín Valdimarsd.	MYNL1LM05	MYNL1LM05
	LIME1IN05	LIME2MM05
	MYNL1SX02	MYNL1SX02
	MYNL1SX05	MYNL1SX05
Ágústa Ragnarsdóttir	MYNL2TK05	MYNL2TK05
	MYNL3MA05	MYNL3TK05 (2 hópar)
	MYNL1SX05	MYNL2VL05
	NÝMI2GH05	MYNL3VL05

		LOVE3RV05
Guðbjörg Bergsveinsdóttir	HÖTE2HU05	HÖTE2HU (2 hópar)
	HÖTE3HE05 (2hópar)	HÖTE3FH (2 hópar)
	FATN1SX05	FATN1SX05
	LIME1	LIME2MM05
		LOVE3RV05
Guðfinna Gunnarsdóttir	LEIK1AA05	
	LEIK2AB05	
	LEIK3AD05	
Þuríður Ingvarsdóttir	NÝMI2FL05	NÝMI2FL05
		NÝMI1XF02

## Nýjungar og þróun í kennsluháttum á skólaárinu

### LEIKLIST:

Unnið var með samvinnu, spuna og stutt leikverk. Einn nemandi var á 3. þrepi og vann með ferla, undirbúning og einleiki, viðkomandi nemandi lauk sínu námi með því að flytja einleik á svokölluðu Hugarflugi, stuttverkahátíð hjá Leikfélagi Selfoss. Nemendur fóru í ferð til Reykjavíkur að sjá Improv Ísland sem heppnaðist mjög vel. Hópurinn vann svo að uppfærslu á verkinu Blóðsystur eftir Guðmund L. Þorvaldsson. Unnið var í samvinnu við Leikfélag Selfoss og verkið sett upp í Litla leikhúsinu við Sigtún í byrjun desember.

Ákveðið var að hvíla leiklistina á vorönn 2026, sem er ágætt að gera öðru hverju til að fá fram betri hópastærðir.

### LISTIR OG MENNING:

Áfanginn LIME1IN05 var kenndur á haustönn í samkenndu. Námsefnið er í stöðugri þróun en heldur sömu megináherslum, s.s. sjálfstæðu leitarnámi, menningarþátttöku og skapandi verkefnum í anda Menningarstefnu Íslands. Samstarf við leiklistarkennslu FSu og Leikfélag Selfoss hélt áfram, meðal annars með heimsókn á sýninguna Blóðsystur í Litla leikhúsinu við Sigtún. Samstarfið er verðmætt og í áframhaldandi þróun.

Áfanginn LIME2MM05 var kenndur á vorönn með svipuðum áherslum en meiri dýpt. Nemendur unnu stærri sköpunarverkefni, þar á meðal hönnunarverkefni með áherslu á endurvinnslu. Tvö ný verkefni voru tekin upp, annars vegar útvarpsleikhús og hins vegar kortlagning lista í almenningsrými í Árborg.

Nemendur tóku þátt í fjölbreyttum viðburðum, m.a. generalprufu á Skilaboðaskjóðunni hjá Leikfélagi Selfoss og sýningum í nærsamfélaginu, svo sem í Listagjánni, Listaseli og Sundhöll Selfoss. Einnig sóttu þeir sýninguna Frelsi eftir ungmenni úr hinsegin félagsmiðstöðinni Zelsúz. Önninni lauk með heimsókn á Listasafn Árnesinga.

#### **MYNDLIST:**

Tvær opinberar myndlistarsýningar voru haldnar báðar Sundhöll Selfoss: Nemendur sem voru í áfanganum MYNL3ML05 vorönn 2025 settu upp sýninguna *Möndlað með módernisma* í september. Sýning stóð í mánuð. Þetta er stærsta sýning sem myndlistarnemendur hafa sett upp í opinberu rými en úr miklu góðu efni var að móða. Í febrúar settu nemendur úr áfangum MYNL3MA05, sem kenndur var á haustönn 2025, upp sýningu undir yfirskriftinni *Möndlað með mannlíkamann*. Sú stóð einnig í mánuð. Báðar sýningar hlutu góðar viðtökur.

Fimm nemendur, með samtals 12 verk, tóku þátt í Samsýningu framhaldsskólanna sem haldin var á Sögu, Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Tíu framhaldsskólar tóku þátt og óhætt að segja að upplifunin var valdeflandi fyrir nemendur.

MYNL1LM05 (litir og myndbygging): Áfanginn var í áframhaldandi þróun með endurbótum á fræðilegum innlögnum, námsmati og verkefnum. Kröfur um greinargerðir með verkefnaskilum hafa aukist (nú þrjár) og lögð er meiri áhersla á fræðilegan rökstuðning. Á skólaárinu vöknudum umræður um mikilvægi þess að nemendur öðlist dýpri skilning á grundvallarhugtökum, fremur en eingöngu verklega færni. Unnið verður áfram að því að efla hæfni þeirra til að skilgreina og útskýra hugtök, setja þau í samhengi og beita þeim markvisst í verkefnavinnu. Fyrirhugað er að kanna bóklegar áherslur, heimalestur og styttri fræðileg verkefni, sem og mögulegt lokapróf. Einnig verður rýnt í sérreglur áfangans og vægi lokaverkefnis.

Þetta síðastatalda á þ.e. greinargerð með ákveðnum verkhlutum og krafa um dýpri skilning á grundvallarhugtökum hefur verið viðhöfð á öllum áföngum 3. þreps og spurning um að leggja enn frekari áherslu á þann þátt samhliða verklegri færni. Stefnan er að áfangar á 2. þrepi muni líka taka upp þennan verkferil og nálgun fyrir ákveðin verkefni.

#### **NÝSKÖPUN OG MIÐLUN:**

NÝMI2GH05 (Grafísk hönnun): Í tveimur verkefnum var farið í samvinnu við aðrar deildir skólans. Fyrri samstarfið var í veggspjaldahlutanum við Trédeild. Þemað var vinnustaðamenning. Veggspjöldin hengd upp í húsnæði Trédeildar. Seinna samstarfið var við stjórnanda Kórs FSu og varðaði logohönnun fyrir kórin. 15 frambærileg merki litu dagsins ljós. Dómnefnd skipuð nemendum, starfsfólki og grafískum hönnuði valdi sigurmerki sem verður einkennistákn kórsins til framtíðar.

NÝMI2FL05 (Fablab): Námið var með sama hætti og á síðustu misserum og gekk mjög vel. Á vorönn heltust þó nokkrir úr lestinni á tímabilinu af ýmsum ástæðum s.s. árekstri í stundatöflu, brotthvarfi úr skóla o.fl. en þeir sem luku áfanganum skiluðu virkilega góðri vinnu í teikniforritunum Inkscape og Tinkercad og unnu í þeim verkefni fyrir laser- og vinylskera og þrívíddarprentara samhliða skráningu í ferilskrá.

### **SÉRNÁMSBRAUT:**

*MYNDLIST:* Nám og kennsla í áföngunum MYNL1SX05 og MYNL1SX02 var með sama sniði og verið hefur síðastliðin ár og aðsókn var góð (þrjú hópar á haustönn og tveir á vorönn). Námið er einstaklingsmiðað og miðast við áhuga og getu nemenda, með áherslu á hugmyndaflug, sköpun og notkun endurvinnanlegs efniviðar. Verkefni voru fjölbreytt, allt frá einföldum teikningum til flóknari verkefna, svo sem málverkum, leirmótun, leðurhönnun, einþrykki, skúlptúrum og ýmsum tilraunum með ólíka miðla og tækni. Einn nemandi á sérnámsbraut lauk áfanganum MYNL2TK05 á vorönn 2025.

**NÝSKÖPUN OG MIÐLUN:** Nemendur unnu í byrjun þrjú verkefni í laser, vinylskera og þrívíddarprentara. Eftir það völdu þeir sér verkefni í þeim tækjum sem heilluðu þá mest. Mjög misjafnt er hvað varð fyrir valinu, áhuginn misjafn og vinnuhraðinn líka enda forsendur ólíkar. Tveir nemendur voru að koma í áfangann í annað sinn og voru því í aðeins öðruvísi verkefnum enda mjög áhugasamir.

Margir völdu þennan áfanga og hefði verið hægt að hafa tvo hópa en það kemst illa fyrir í stundatöflu Fablabsins og væri sniðugra að hafa hann frekar í boði á hverri önn.

**FATASAUMUR:** Nemendur fá að velja sér verkefni. Þau eru hvött til að prófa sem fjölbreyttastar aðferðir og nálgun. Þau kynnast t.d. þrjóni, hekli, þæfingu, útsaum og sauma á saumavél.

### **LOKAVERKEFNISÁFANGI:**

Í fyrsta sinn var kenndur sérstakur lokaverkefnisáfangi LOVE3RV05 sem einungis nemandur á lokaári og eru á Listalínu eða Náttúrufræðilínu geta valið að svo komnu (stendur þá valið á milli þessa lokaverkefnisáfanga og heimildarritunar en annan hvorn þeirra verður að taka). Fagstjórar þessar tveggja lína þróuðu handbók til tryggja faglegt jafnræði og samræmda nálgun í áherslum og námsmati á milli ólíkra lokaverkefna. Fimm nemendur af Listalínu völdu þessa leið þar sem sjálfstæð og fagleg vinnubrögð eru lykilatríði. Áfanginn reyndist áskorun fyrir flest þeirra og þá einkum tímastjórnunarþátturinn og að vera eigin verkstjóri.

### **Námsmat í skapandi greinum.**

Lögð er áhersla á gagnsæi í öllu námsmati. Verkefnafjöldi sé þekktur frá upphafi og vægi á bak við hvern verkhluta. Notast er við einkunnareglur á Innu með fyrirvara um breytingar og allar einkunnarreglur eru rökstuddar með einkunnarþáttum sem sýna vægi allra liða verkefnis og hvers er ætlast til af nemendum og þeir fá skýra endurgjöf sem nýtist í næstu verkefnum.

Í öllum áföngum er notast við leiðsagnarmat og símat. Kennari gefur endurgjöf og ráðleggingar á meðan verk er unnið. Ekki er bara endanlegt verk sem liggur til mats, heldur einnig vegferðin.

Á sérnámsbraut fá nemendur eina lokaeinkunn sem tekur mest mið af ástundun, mætingu og vinnu í tímum. Nemendur þar vinna mjög ólík verkefni enda forsendur til náms ólíkar.

### **Námskeið/endurmenntun sem kennarar hafa sótt / eða haldið**

AKV:

- Yoga for Teachers námskeið, Padua, Ítalía.
- Evrópuráðstefnan Eye í Frakklandi, European Parliament í Strasbourg.
- Þrískólafundur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja.
- Gervigreind í skólastarfi - Sigurður Fjalar Jónsson og Hjörvar Ingi Haraldsson. Haldið af Skólaþróunarteymi FSu.
- Heimsókn í Listaháskóla Íslands, kynning á námsframboði og fl.
- Hélt stutt námskeið fyrir kennara um loftlagsfræðslu GoC - Loftlagsfræðsluefnið Garden of Choices í sýndarveruleika á vegum Geirs Borg og Menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar, janúar 2026.
- Starfsþróunardagur framhaldsskólanna.
- Sótti fræðslu frá Samtökunum '78 - Hinseginleikann í allri sinni dýrð, mars 2026.
- Ráðstefnan Nature Meets Play - Transforming Environmental Education through Games, í Háskólanum í Reykjavík.

ÁR:

- Yoga for teachers, Padua, Ítalía.
- Gervigreind í skólastarfi - Sigurður Fjalar Jónsson og Hjörvar Ingi Haraldsson. Haldið af Skólaþróunarteymi FSu.
- Þrískólafundur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja.
- Heimsókn í Listaháskóla Íslands, kynning á námsframboði og fl.
- Starfsþróunardagur framhaldsskólanna.
- Heimsókn í Myndlistaskólann í Reykjavík, kynning á námsframboði og fl.

GB:

- Padue, Ítalía.
- Ústaumsnámskeið í Storkinum.
- Ústaumsnámskeið í Hússtjórnarskólanum í Reykjavík.
- Gervigreind í skólastarfi.
- Heimsókn í Listháskóla Íslands, kynning á námsframboði.
- Skartgripanámskeið.
- Skrautpúðanámskeið.

GG:

- Gervigreind í skólastarfi.

- Trúðleikur, Bandalag íslenskra áhugaleikfélaga. Kennari Gríma Kristjánsdóttir.

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

#### LISTIR OG MENNING:

- Engar kennslubækur í áfanganum og kennslugögn eru breytileg milli ára.

#### MYNDLIST, NÝSKÖPUN OG MIÐLUN:

- Allt kennsluefni er í sífelldri þróun og unnið af kennurum.
- FSu myndlist á Facebook: mikilvægt lifandi kennslugagn þar sem ný gögn hlaðast inn frá önn til annar.

#### HÖNNUN OG TEXTÍLL:

Notast var við ný blöð, einnig var netið notað meira núna í vetur.

### Danska og þriðja tungumál

Fagstjóri: Ida Lön og Sigríður Guðmundsdóttir

#### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Brynja Ingadóttir	ÞÝSK1AA05 ÞÝSK1BB05 ÞÝSK1CC05	ÞÝSK1AA05 ÞÝSK1BB05 ÞÝSK1CC05 ÞÝSK1XA04
Gunnþórunn K. Sveinsdóttir	SPÆN1BB05 SPÆN1CC05	SPÆN1BB05 SPÆN1CC05
Ida Lön	DANS2FJ05 DANS2ME05 DANS1DL05	DANS2FJ05 DANS2ME05 DANS3KF05
Pelle Damby Carøe	DANS2FJ05 DANS2ME05 DANS2FJ05 (GR)	DANS2FJ05 DANS2ME05 DANS2ME05 (GR)
Sigríður Guðmundsdóttir	SPÆN1AA05 ÞJSK1PB03	SPÆN1AA05 SPÆN1BB05 ÞJSK1PA03
Sigríður Sigurðardóttir	DANS1DL05	DANS1DL05 DANS2FJ05
Sólveig Sigmarsdóttir	DANS1DL05	DANS1DL05

#### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Haustönn:

- (SPÆ) Wordwall, forrit, notað í spænsku, sniðugt, gagnast nemendur með lesblindu, fjölbreytt, nemendur geta dundað sér, hægt að sjá hvað það er sem nemendur nota, samantektarskýrsla til staðar.
- (SPÆ) Bamboozle.
- (DAN) Smásögur sem samdar eru af gervigreind, tvær sögur notaðar á haustönn. Skemmtileg reynsla.
- (DAN) Ritunarpróf: Undirbúningur heima en annars án hjálpargagna.
- (DAN) munnlegt próf, (1) þriggja mínútna fyrirlestur fyrir kennara, þörf á mjög góðum undirbúningi, (2) samtal, nemendur spyrja á móti, reynir á skilningi.
- (DAN) Ritunarpróf: Gervigreind notuð sem undirbúningur, en ekki þegar textinn var skrifaður.

Vorönn:

- (DAN) Breytingar á munnlegum prófum: Lögð er áhersla á frásögn og samtal og hefur þessu verið skipt upp. Undirbúningur og vinna með munnlega þáttinn hafa því verið sett upp á annan hátt.
- (DAN) Áfanginn DANS3KF05 (kvikmyndir og ferðalag) var kenndur í fyrsta sinn, hann var líflegur og skemmtilegur.
- (DAN) Hugsandi skólastofa notuð í DANS3KF05.
- (DAN) Gervigreind hefur verið notuð til stuðnings í kennslunni, bæði til að fá hugmyndir að verkefnum, prófum og uppbyggingu þeirra.
- (DAN) Nemendur hafa fengið leiðsögn um hvernig best sé að undirbúa sig fyrir próf með hjálp gervigreindar í sömum áföngum. Mikilvægt er að nota gervigreind á réttan hátt og forðast að ofnota hana.

### **Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**

Símat er í öllum áföngum. Í dönsku voru 10-12 próf eins og venjulega.

Í sömum grunnáföngunum í dönsku hefur áhersla verið lögð á annars vegar frásögn og hins vegar samtal í munnlegum prófum, eitt munnlegt próf hefur gengið út á að nemandinn segi frá og hitt hefur verið samtal.

Áður var lögð áhersla á bæði frásögn og samtal í báðum munnlegu prófunum.

Í sömum grunnáföngunum í dönsku byggðist inntakið í munnlegu prófunum á efni úr rauntexnum sem unnið var með sem lesefni.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

- GKS: Sumarnámskeið STÍL - „Öndum inn í sumarið“
- GKS: Netkennsla í tungumálum, vinnustofa með Idu Semey (STÍL fyrirlestur á netinu)
- IL, Hugsandi skólastofa, tveggja daga námskeið á vegum HÍ
- IL, Facelift, námskeið í tengslum við Access Bars
- IL, Elimination of permanent pain, námskeið í tengslum við Access Bars
- IL, Foundation, fjögurra daga framhaldsnámskeið í Access Bars
- IL, Access Bars grunnnámskeiðið (endurtekið)

- IL, The Legend of Eldorado, námskeið í tengslum við Access Bars
- IL, Hardwired Human Reality, námskeið í tengslum við Access Bars
- IL, Reiki 1 og 2, tveggja daga námskeið í heilun
- SG: Sumarnámskeið STÍL - „Öndum inn í sumarið“
- SG: Neuroscience: Understand How Your Students Learn (Búdapest)
- SG: Beyond CLIL: Pluriliteracies Teaching for Deeper Learning á vegum HÍ og ECML
- SG: Lífsgæði í framhaldsskóla, Félag sérkennara á Íslandi
- SS: Námskeið á vegum Menntavísindasviðs: „En verden til forskel“

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Danska: Rauntextar/fréttatextar. Frétt frá Danmarks Radio valin og aðlöguð aðeins. Það höfðar vel til nemendahópinn að fást við fréttæfni sem hann þekkir nú þegar til, hér má nefna Golden Globe, Grænlandsmálið, Óskarinn, veiðimennska í dönskum ám. Það er aðgengilegt fyrir nemendur að vinna úr textum sem hafa það að markmiði að vilja fræða og upplýsa.

### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

- Mikilvægt að vekja athygli þeirra nemenda sem fara bæði með til Kaupmannahafnar (DANS3KF05) og einnig með kór skólans á vorönn, á að tvö ferðalög taka sinn toll, nokkuð skýr dæmi voru um það á vorönn 2026.
- Í DANS3KF05 þurfti að breyta einu munnlegu verkefni sökum tíma- og tilbreytingarleysis, hér þarf að fækka munnlegum verkefnum aðeins.

### Svið: Verknám, stærðfræði, raungreinar, hestamennska og íþróttir

#### Grunnnám Hársnyrtiiðnar

Fagstjóri: Elínborg Arna Árnadóttir

#### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Elínborg Arna Árnadóttir	HÁRG2GB03C	HÁRG2FB03D
	HLIT2GB01C	HLIT2FB03D
	HKLI2GB03C	HBLÁ2FB01A
	IÐNF2GB04C	HDAM2FB03A
	HPPEM2GB02C	HHER2FB03A

	VINS2GB03A	HPEM2FB02D
	HÁRG1VA03	VINS2FB06B
		HÁRG1VA03

### Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Símat er í öllum áföngum. Í valáföngum ræðst einkunn af mætingu og virkni.

### Námskeið sem kennarar hafa sótt.

LONGHAIR DESIGN Reykjavík 7. og 8. ágúst.

PIVOT POINT

Nokkur fagnámskeið í Reykjavík og á netinu.

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu.

Uppfærsla á Pivot point kennslukerfinu sem ber heitið LAB þar sem komnar eru nýjungar og nýjustu tískustraumarnir í faginu. Kennslubækur eru þær sömu og hafa verið, Hársnyrting undirstöðuatriði, lesbók og vinnubók. Íslensk þýðing á Pivot point kennslubókum. Þessar bækur eru notaðar allar fjórar annirnar, þó fáum við viðbætur árlega með því nýjasta í hártísku og tækni.

### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs.

Fagið er þess eðlis að kennarar þurfa að vera mjög virkir í að tileinka sér nýjustu strauma og tækni. Starfsáætlun gengur út á að vera með á nótunum.

### Hestamennska

Fagstjóri: Sissel Tveten

### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2023	Vorönn 2024
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Sissel Tveten	HEST1GR05 REIM1GR05 REIM3PG05 HEST2GP05 REIM2GP05 VINU2FH02 VINU3SH02	HEST2KF04 REIM1GF05 REIM2KF05 REIM3PK05 VINH2FH10 VINH3SH10

Áslaug Fjóla Guðmundsdóttir		
Johannes Amplatz	FÓHE2HU03 FÓHE2FU05 REIM1GF05	FÓHE1GR03 HEST1GF05 LOKH3HB03LOKH3HB03 FÓHE3AU03 REIM1GF05
Freyja Hilmarsdóttir	REIM2GP05	
Svanhildur Guðbrandsdóttir	HEST2GP05	LEIH2HE04
Gestakennarar á árinu:  Caroline Aldén, járningamaður.  Sigvaldi Lárus Guðmundsson, reiðkennari.  Sveinn Ólason, dýralæknir.		

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Allir áfangar eru í sífelldri þróun, verkefni og vettvangsferðir eru fjölbreyttar og breytilegar á milli anna. Á vorönn var farið með nemendum á þriðja ári í vettvangsferð til Wången í Svíþjóð sem var styrkt af Erasmus. Nemendur tóku þátt í daglegum þrifum og viðhaldi á reiðgólfinu hjá hestamannafélaginu Sleipni í vetur. Þau fengu námsstyrk frá félaginu og lærðu mikilvæg atriði um umgengni og viðhald reiðvallasvæða. Nemendur í LEIH héldu námskeið í hindrunarstökki í samstarfi við hestamannafélagið Sleipni.

### Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Við vorum með símat í öllum áföngum. Allir kennarar eru sammála um að símat sé besta leiðin til sanngjarns námsmats, sérstaklega í verklegum áföngum en einnig í þeim bóklegu. Við fórum yfir reglur um skil á verkefnum og erum búin að koma okkur saman um að hafa sömu verkreglur um það í öllum hestatengdum áföngum.

### Námskeið sem kennarar hafa sótt

- Allir kennarar hafa sótt reiðkennslu reglulega.
- Einn kláraði mastersnám í hestafræðum og varði mastersrítgerðina sína fyrir jól.
- Ýmisleg endurmenntun á vegum félags tamningamanna, landssambands hestamannafélaga LH og alþjóðasamtaka íslenska hestsins FEIF.

- Kennarar hafa fundað rafrænt með kennurum í Wangen um kennsluhætti og möguleika á áframhaldandi samstarfi.

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Við erum komin með góðar bækur á ensku á bókasafnið sem við erum ávallt að reyna að nýta sem best í kennslu. Þetta er krefjandi vegna tungumála en nauðsynlegt til að læra faghugtökin á ensku. Okkur langar að koma þessu með markvissum hætti inn í námið. Einn nýr skólahestur var keyptur á haustönn og tveir skólahestar fara á eftirlaun í sumar.

### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Við stefnum á að halda okkar góða starf áfram í svipari mynd og á síðasta skólaári. Við höldum þróuninni áfram í samstarfi við hestamannafélagið Sleipni og grunnskólana í leiðbeinanda áfanganum.

Þátttaka í reiðhallasýningunum verða vonandi hluti af starfi okkar í framtíðinni. Þetta er gríðarlega mikil reynsla fyrir nemendur og mikilvæg leið til að kynna hestabraut. Nemendur sem byrja á 3. ári eiga einhvern afgang eftir fjáröflunina og heyrst okkur helst á þeim að þau vilji nota það í að gera eitthvað skemmtilegt saman sem tengist náminu. Í sumar verður reynt að láta skólahestana fara í rekstra- og hestaferðir til þess að þeir haldist í formi.

Við kennararnir munum halda áfram að skoða og prufa lánshesta í sumar og haust sem geta nýst okkur í kennslu. Við munum einnig hafa augun opin fyrir hentugum hest í lægri verðflokki til kaups fyrir skólann.

## Húsasmíði

Fagstjóri: Lárus Gestsson

### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Lárus Gestsson	GLUH2GH08 TRÉS1HV08 TRÉS1VA05	INRE2HH08 TRST3HH05
Ingvar Bjarnason	TEIK2HS05 TEIK2HH05 TEIK3HU05	TEIK2HS05 TEIK2HH05 TEIK3HU05 BYGG2ST05

Óskar Helgi Guðnason	GLUH2GH08 TRÉS1VÁ05 TRÉS1SX02	LOKA3HU08 TRÉS1VT08 TRÉS1SX02
Óskar G. Jónsson	EFRÆ1EF05 FRVV1FB05	INN2HH05 ÁÆST3SA05 FÓHE3AU03
Ari Már Ólafsson		HÚSV3HU05 TRÉS1VT08
Jón Sigursteinn Gunnarsson	EFRÆ1EF05 TRÉS1VA05 LHRTRÉ. Leyfi um miðjan okt.	Leyfi
Hjalti Guðmundsson	HÚSA3HU09 EFRÆ1EF05 LHRTRÉ	HÚSA3PÚ09 LOKA3HU08 LHRTRÉ
Svanur Ingvarsson	GRTE1FA05 GRTE1FB05	GRTE1FA05 GRTE1FB05

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Nýjungar í kennslu á þessu skóla ári felast fyrst og fremst í endurskoðun verklegra verkefna í TRÉSHV08 - TRÉS1VÁ05 og TRÉS1VT08, öll verkefni voru teiknuð upp í tölvu og breytt með það að markmiði að nemendur réðu betur við þau. Það er samröma álit þeirra kennara sem voru með þessa áfanga að vel hafi tekist til og ákveðið á deildarfundi að halda þeim óbreyttum næsta skólaár.

Einnig var lögð vinna í að endurskoða EFRÆ1EF05 í sambandi við próf og efnislegt innihald, lítið eða ekkert var af efni á Innu sem var hægt að nýta sér. Er það komið í ágætt lag og verður haldið áfram að bæta innihald áfangans.

Aðrir áfangar eru líka á blaði með uppfærslur og endurskoðun ef á þarf að halda.

Það verður að vera vilji til að laga það sem betur má fara til að fagleg nálgun geti talist í lagi.

Þess má einnig geta að nemendur á 3 og 4 önn tóku þátt í að halda áfram við að byggja upp skýlið okkar í portinu. Á haustönn var steypdur stoðveggur undir stækkunina og ýmislegt fleira. Ráðgert er að halda áfram á næsta skólaári með framkvæmdir.

### **Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**

Símat og leiðsagnarmat eru eingöngu notuð í trédeild, engin lokapróf. Við reynum eins og hægt er að hafa námsmat eins hlutlægt og hægt er en verðum stundum að beita huglægu mati og þá gjarnan með samtali við nemendur. Þessar námsmatsleiðir teljum við að henti okkar kennslu vel og skili góðri niðurstöðu.

Ekki eru fyrirhugaðar breytingar en alltaf má samt endurskoða og læra af reynslunni, þannig höldum við fagmennsku og metnaði lifandi í starfi sem kennarar.

Í mörgum áföngum erum við með tímapróf sem bókleg verkefni, hvort sem það eru bóklegir eða verklegir áfangar. Þessi aðferð hefur reynst mjög vel og sýnir mun betur námsárangur hvers nemenda fyrir sig heldur en heimaverkefni.

Prófið er opið í eina til tvær klst. og nemendur vinna prófin á staðnum undir eftirliti kennara.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt:**

#### **Lárus Gestsson:**

1. Áfangi í FSu TEIK3HU05 (h-2025) Iðnteikning í tölvu.
2. Námskeið hjá Iðunni fræðslusetri **“Lífsferilsgreiningar bygginga”**
3. Faglegt námsskeið og vettvangsferð á Ísafirði með Verkmennt félagi verkgreinakennara.

#### **Svanur Ingvarsson:**

1. Faglegt námsskeið og vettvangsferð á Ísafirði með Verkmennt félagi verkmennta kennara.

#### **Hjalti Guðmundsson:**

1. Faglegt námsskeið og vettvangsferð á Ísafirði með Verkmennt félagi verkgreinakennara.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Engar nýjar kennslubækur komu í okkar hendur en auðvitað erum við alltaf að uppfæra kennsluefni eins og kostur er.

Iðan Fræðslusetu hélt fyrir okkur tvö námskeið á þessu skólaári. Námskeiðin bera engan kostnað fyrir skólann og eru haldin á stundatöflutíma nemenda eftir okkar óskum til að aðrir tímar nemenda lendi ekki í árekstri.

Annað námskeiðið var um vinnupalla (haustönn) og hitt um brunapéttingar (vorönn). Þessum námskeiðum fylgir alltaf töluvert námsefni sem við nýtum í okkar kennslu áfram.

Húsnæðis og mannvirkjastofnun hefur sett fram athyglisvert efni sem við reynum að nýta okkur eins og kostur er.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Vinna í að nýta aðstöðuna í trédeild mun betur. Annað hvort að bæta við einum hóp í dagskóla að hausti sem ætlaður er eldri nemendum, eða vera með kvöldskóla. Það er í raun til nógur tími í trédeild og aðstaðan er góð en það þarf fleiri kennara og alvöru vilja stjórnvalda til að efla verknám. Hljóð og mynd fara ekki saman þegar talað er um að fjölga nemendum í iðnnámi, á sama tíma á jafnvel að skera niður.

Það er líka merkilegt að sumir framhaldsskólar eru alltaf með kvöldskóla og virðast fá fjármagn til að reka hann en öðrum er synjað, þetta er ekki réttlát pólitík og stenst enga skoðun.

### **Annað**

Starf trédeildar hefur verið blómlegt þetta skólaár, við erum að sinna mörgum nemendum með ólíkar þarfir og krefst það á stundum mikils af kennurum til að farsæl niðurstaða fáiast. Stundum þarf að lesa í erfiðar aðstæður nemenda og með hjálp námsráðgjafa, gefa þeim nemendum sanngjarnt tækifæri. Engin nemandi er eins og getur sanngirni til handa honum snúist um hvort hann er samviskusamur eða kærulaus.

Búið er að ráða tvo nýja kennara til starfa en þeir Óskar G. Jónsson og Jón Sigursteinn Gunnarsson láta báðir af störfum nú í vor. Við þökkum þeim kærlega fyrir frábært samstarf og ánægjulegan tíma.

Þeir nýju eru Ari Már Ólafsson og Óskar Helgi Guðnason sem báðir hafa verið hjá okkur í afleysingum á þessu skólaári. Alls sóttu 6 um þessar tvær stöður.

Haldnir voru 12 deildarfundir á þessu starfsári. Fundirnir eru nauðsynlegur þáttur í starfi deildarinnar og því fleiri því betra, það kemur alltaf eitthvað gott út úr hverjum fundi. Í dag erum við 7 kennarar sem komum að kennslu á húsnæðisbraut ásamt því að sinna valáföngum fyrir sérnámsbraut og aðrar brautir FSu. Ekki má gleyma kennslu í fangelsum en hún er fastur liður í okkar kennslu. Valáfangarnir og kennsla í fangelsum eru mikilvægur þáttur í okkar kennslu og við erum stoltir af að geta tekið þátt á þessum sviðum.

Iðan kom með tvö námskeið fyrir nemendur til okkar í skólann á skólaárinu skólanum og þátttakendum að kostnaðarlausu. Tengsl okkar við iðuna voru orðin lítil og var farið í það fyrir nokkrum árum að hressa upp á sambandið, í dag er gott samband sem kemur meðal annars fram í þessum námskeiðum á hverju skólaári sem við fáum á þeim tíma sem hentar stundatöflu viðkomandi áfanga. Það er mjög mikilvægt til að árekstur við aðra áfanga hjá nemendum eigi sér ekki stað.

### **Vettvangsferðir**

Farnar voru nokkrar vettvangsferðir á starfsárinu, við fórum í gluggaverksmiðjuna Álfag sem staðsett er á Selfossi, fyrirlestur og skoðunarferð á

Byggðasafn Árnesinga Eyrarbakka, vöngöngu um Eyrarbakka undir leiðsögn Magnúsar Karel, göngutúr um nýjan miðbæ á Selfossi, árleg vorferð á höfuðborgar-svæðið fyrir fjórðu önn sem Byko sér um og kostar og skipuleggur að öllu leiti.

Íþróttir

Fagstjóri: Ásdís Björg Ingvarsdóttir

**Kennarar og áfangar**

	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Ásdís Björg Ingvarsdóttir	HBFR1HH05	ÍþRÓ2ÞL03
	ÍþRÓ1ÞH03	ÍþRÓ1ÞX02
	ÍþRÓ1ÞX02	ÍþRÓ2BL02
	ÍþRÓ2BA02	ÍþRÓ2ÞR02
	ÍþRÓ2JF02	ÍþRÓ2JF02
Bertha I. Johansen	ÍþRÓ2JÓ02	
Guðmundur G. Sigfússon	ÍþRÓ1ÞH03	
	ÍþRÓ1BX02	FANT1FO02
	ÍþRÓ1XE01	ÍþRÓ1PX02
	LHRÍÞR	ÍþRÓ2ÞL03
	ÞRG3HA03	ÍþRÓ2KK02
		LHRÍÞR
Gunnar Rafn Borgþórsson	ÍþRÓ1ÞH03	ÍþRÓ1ÞH03
	ÍþRÓKN02	ÞRÓ2ÞL03
Magnús Tryggvason	ÍþRÓ2BA02	ÍþRÓ2BL02
	ÍþRÓ1ÞH03	ÍþRÓ2ÞL03
Ragnheiður Eiríksdóttir	ÍþRÓ2JÓ02	ÍþRÓ2JÓ02
	ÍþRÓ2JH02	
Sabína S. Halldórsdóttir	ÍþRÓ1GX02	ÍþRÓ1GX02
	ÍþRÓ1BX02	ÍþRÓ2ÞL03
	ÍþRÓ1XH01	
	ÍþRÓ1ÞX02	
	ÍþRÓ1ÞH03	

	ÍPRÓ2BA02	
Sverrir G. Ingibjartsson	ÍPJÁ3AÐ03	ÍPJÁ3AÐ03
	ÍPRF2PJ05	ÍPRF2SS05
	ÍPRÓ1GX02	ÍPRF3LL03
	ÍPRÓ2PL03	ÍPRG3BA03
	ÍPRÓ2ÚF02	ÍPRÓ2BL02

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Verkefni í ÍPRÓ2PL03 voru endurskoðuð, fengum styrk frá fagefningarsjóði. Ástæða þess að við fórum út í þá vinnu er m.a. að nemendur skila gervigreindarverkefnum í stórum stíl. Við erum því að leita leiða og þróa okkur áfram til að fá nemendur til að vinna lokaútkomu verkefnanna sjálf þó svo þau nýti gervigreindina til stuðnings.

### Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

ÍPRF2PJ05 og ÍPRF2SS05 eru símatsáfangar þar sem lotupróf og verkefni eru stærstu þættir í námsmati.

Í ÍPRF3LL05 sem kenndur er á vörönn er þó lokapróf með sleppikerfi. Þar er hægt að sleppa við lokapróf með því að ná 6,5 í annareinkunn.

ÍPRÓ1PH03 og ÍPRÓ2PL03 eru símatsáfangar þar sem bóklegt vegur 50% á móti 50% verklegt. Í bóklega hlutanum eru metin hlutapróf og verkefni. Við höfum verið að yfirfara og hugsa verkefni upp á nýtt í þessum áföngum til að ná fram færni nemenda í stað getu gervigreindar. Einnig höfum við verið að efla hlutaprófin sem tekin eru á pappír með skriffærum og ætlum við að auka vægi þeirra í námsmatinu á kostnað verkefna á næsta skólaári. Verklegi hluti áfangans er metin út frá mætingu og virkni í tímum.

Valáfangar í íþróttum er að mestu leyti verklegir með 10-30% verkefnaskilum.

Námsmatið í þeim er því byggt á stórum hluta af mætingu og virkni í tímum.

Námsmat í sérnámsáföngum er eingöngu byggt á mætingu og virkni í tímum.

### Námskeið sem kennarar hafa sótt

GRB - Göngufótbolti (ÍSÍ og KSÍ) - 12. maí 2026

GGG - Endurmenntunarnámskeið - Golf fyrir byrjendur - Ívar Hauks.

GGG - Afreksmenning og Stjórnunn - Þórir Hergeirsson

SGL - Heilaheilsa og þjálfun hugans - Endurmenntun HÍ

SGL - Endurmenntunarnámskeið í badminton - Badmintonsamband Íslands

SSH - Kroppsøving, ídrettsfag og fysisk aktivitet i skolen – NIH 5. maí

SSH - Raddir ungs fólks á Suðurlandi - ÍSÍ og UMFÍ 24. apríl

SSH - Alþjóðadagur hamingjunnar 2026 20. mars – Embætti Landlæknis

SSH - Hvað með gutta? Et seminar om psykisk helse, kroppsbilde og hormoner. – NIH 13. mars

SSH - Tæknin sem bakhjarl: Stuðningur við nám og málþroska - Málefli 10. mars

SSH - Konur í íþróttum – UMFÍ og ÍSÍ 6 .mars

SSH - Öryggi barna á neti - Verkfærakista foreldra – Netvís 10. febrúar

SSH - Málþing allir með – Ferðin hingað og ferðalagið framundan ÍF, UMFÍ og ÍSÍ 30. janúar

SSH - "Meira eða minna afreks?" 21. janúar – HR, UMFÍ og ÍSÍ

SSH - Dagur sjálfbóðaliðans – málþing! UMFÍ og ÍSÍ 5. desember.

SSH - Líttupp - Vertu með í að skapa heilbrigðara samfélag á netinu! Netvís 22. október

SSH - LYKILL AÐ LÍÐAN - barna og unglinga. Delta, kappa, Gamma 30. október

SSH - Coaching boys into men. NIH 17. okt

SSH - Talentutvikling i den norske idrettsmodellen. NIH 8. okt

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Það voru engar nýjar kennslubækur kenndar á árinu. Í mörgum okkar greinum er lítið um uppfærslur kennslugagna og þau því orðin gömul og jafnvel úrelt, má því til stuðnings nefna heilbrigðisfræði. Í þessum fögum sjá kennarar um að búa til námsefnispakkann handa nemendum. Human anatomy coloring book var bætt við sem auka kennslubók í ÍPRF3LL03.

Í ÍPRÓ2JF02 var áætlað að ganga á Eyjafjallajökul, því miður var ekki veður til þess í þeirri viku sem gangan átti að fara fram. Því var búin til ný áætlun að ganga á hæsta topp Esju, Hábungu. Vegna vorleysinga komumst við að Steini, eftir gönguna var farið í “klifur” hjá Fálkakletti. Þetta var enginn Eyjafjallajökull en heppnaðist engu að síður vel og klifrið mæltist vel fyrir hjá nemendum.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Við höfum rætt varðandi X-sérnámsþópa, einna helst í þreki og göngu, að sameina tvo hópa og hafa þá tvo kennara. Með því langar okkur að sjá hvort við getum komið betur á móts við þarfir nemenda.

### **Annað**

Það kom til okkar kennaranemi frá HÍ og var með okkur í þrjár vikur í mars. Skólaárið rúllaði nokkuð stórtíðindalaust og leið hratt. Við sem kenndum nýnemum upplifðum rótleysi og minni áhuga á náminu en oft áður.

### **Matvæla - og ferðagreinar**

Fagstjóri: Guðríður Egilsdóttir

	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Nafn kennara	Áfangageiti	Áfangageiti

Guðríður Egilsdóttir	VBFMVA12	VBFM1VB12
	ÖRVR1HR02	IEMÖ1GÆ02
	ÖROF1ÖR01	VÞVM1VB01
	VÞVM1VA01	
Helga Sigurðardóttir	MATR1VA05 x2	MATR1VA05
	BAKA1SK02 x2	BAKA1SK02 x2
	MATR1SX05	BAKA1SX02
	MATR1SX02 BAKA1SX02	MATR1SX05
Sigríður Guðmundsdóttir	ÞJSK1ÞB03	ÞJSK1ÞA03
Þórir Erlingsson	VBFMVA12	VBFMVB12

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Áfram var haldið að vinna með matarsóun og hvernig nemendur geti dregið úr henni.

Með því að sækja námskeið á vegum Erasmus gefur það okkur ný verkfæri í verkfærakistuna og eykur starfsánægjuna sem aftur skilar sér til nemenda. Við fengum styrk úr fagefningarsjóði til þess að búa til áhættumatsgreiningu fyrir kennslueldhús sem er mjög þarft verkefni og úr varð áhættumat fyrir verklegar greinar í kennslueldhúsi FSu. Þetta er lifandi plagg.

Það var mjög gott að vera með öryggisglæraugun í kennslueldhúsinu og gera sér grein fyrir hættum sem geta skapast í verklegri kennslu í eldhúsi.

### Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat í öllum áföngum sem eru verkleg verkefni ásamt stuttum bóklegum verkefnum.

### Námskeið sem kennarar hafa sótt

Guðríður og Þórir ásamt 7 nemendum af GMF braut fóru á vegum Erasmus til Álaborgar í Danmörku þar heimsóttum við Tech College stóran verknámsskóla sem kennir 36 iðngreinar. Nemendur tóku þátt í verkefnum í bakstri og þjóðlegri matreiðslu sem kennarar höfðu undirbúið. Það var fræðandi bæði fyrir nemendur og kennara. Aðstaðan í skólanum var til fyrirmyndar í alla staði, gaman væri ef að við hefðum þessa góðu aðstöðu fyrir okkar nemendur.

Guðríður sótti 3 daga námskeið í Endurmenntun HÍ um gervigreind.

Helga og Guðríður fóru með Félagi heimilisfræðikennara til Utrecht í Hollandi á námskeiðið þar sem lögð var áhersla á sjálfbæra matarmenningu, plöntumiðaða rétti og ábyrgða fæðukeðju. Kennarar á matvælabraut sóttu starfsþróunardag framhaldskólakennara þar sem við fengum námskeið í áhættugreiningu og áhættumati. Þá var kynning á gervigreind í iðnaði.

### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Að halda áfram að bjóða upp á Grunnám matvæla – og ferðagreina ásamt vali í matreiðslu og bakstri.

Að auka samstarf við atvinnulífið í matvælagreinum það hefur verið gott en við þurfum að gera betur, það má gera meira af því að kynna verknám skólans fyrir atvinnulífinu á Suðurlandi t.d. með kynningarfundum sem FSu. boðar til með atvinnulífinu. Samstarfið við atvinnulífið gerir nemendum auðveldara að komast í vinnu og á samning í matvælagreinum.

Við á Suðurlandi þurfum á fjölbreyttu námsúrvali að halda fyrir unga fólkið okkar.

### Rafvirkjun

Fagstjóri: Jóhann Snorri Bjarnason

### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Jón Sveinberg Birgisson	RAFM1GA05 (1-2) RAFL1GA05 (1-2) RAFM1GR05 (2)	RAFM1GB05 (1-2) RAFL1GB05 (1-2) RAFL3RE04 (1)
Jóhann Snorri Bjarnason	STÝR3RD05 (1-2) RAFM2GC05 (1-2) RAFM3RE05(1-2)	RAFM3RF05 (1-2) RRVRS05 (1-2) STÝR3GC05 (1-2)
Sigurður Ágúst Pétursson	FRLARA05 (1-2) LÝST3RB05 (1-2)	FRLA3RB05 (1-2) RAST2RB05 (1-2) RAFL1VA05 (1)
Stefán Birnir Sverrisson	TNTÆ1GA05 (1-2) METR2PR05 (1)	TNTÆ2GB05(1-2) RATM2GB05(1-2) METR2PR05(1-2)

Bór Stefánsson	STÝR2GB05 (1-2) RLTK2RB05 (1) RAFM1GR05 (1)	RAFM3GD05(1) RLTK2RB05 (1-2) RLTK3RB05 (1-2)
Guðmundur Bjarnason	RAFL2GC05 (1-2) RATM2GR05 (1-2) VGRV1ML05 (2)	RAFL3GD05(1-2) STÝR1GA05(1-2) RAFL3RE04 (2)
Magnús Hermannsson	VGRV1ML05 (1) METR2PR05 (2)	VGRV3TP03

### **Kennarar:**

Á vormánuðum 2025 voru auglýstar þrjár kennarastöður við deildina, tvær fullar stöður kennara í rafvirkjun og ein full staða og hlutastarf við kennslu í smáspennu, rafeindavirkjun. Meginástæða þess hversu margar stöður eru auglýstar, er að kennarar án réttinda þurfa að endurnýja umboð sitt árlega. Guðmundur var ráðinn í 100% stöðu kennara í rafvirkjun og þeir Stefán Birnir Sverrisson og Magnús Hermannsson í stöður kennara smáspennu. Að auki sótti Jón Sveinberg Birgisson um og var ráðinn í stöðu rafvirkjakennara og er nú í réttindanáminu. Þeir Þór Stefánsson, Sigurður Ágúst Pétursson og Jóhann Snorri Bjarnason eru áfram fastráðnir kennarar við deildina. Við erum því alls sjö sem kenndum við rafdeildina síðasta skólaár.

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu:**

Byrjað var að kenna eftir nýrri brautarlýsingu haustið 2024. Brautin hafði verið til skoðunar nokkur skeið og greiningarvinna farið fram þar sem allir áfangar brautarinnar voru skoðaðir með tilliti til mikilvægi, kennslugagna, búnaðar og tengsla við atvinnulíf. Reynt var að taka mið af þessu þegar nýja brautarlýsingin var smíðuð. Henni er ætlað að mynda betra flæði fyrir nemendur. Framþróun í náminu verði stöðug þannig að þekkingin byggist upp í samfellu og standi á traustum grunni. Liður í því er að auka verklega kennslu. Í því skyni mun einingum í hreinum verklegum greinum fjölga nokkuð. Þetta skapaði annað vandamál því ekki reyndist pláss til að kenna svo marga verklega áfanga. Brugðið var á það ráð að kenna raflagnir í spönnum. Þannig fengu nemendur 8 kennslustundir á viku hálfra önnina og svo var skipt. Nú í vor kláraði síðasti hópurinn nám eftir eldri námsskrá.

Nýr búnaður barst deildinni að gjöf í byrjun haustannar. Þá komu þrír þrífasa spennugjafar sem er forsenda fyrir verklegum æfingum í þrífasa rafkerfum. Einnig fékk deildin svokallaðan Plant Simulator þar sem hægt er að herma mismunandi virkni sjálfvirknibúnaðar. Með tilkomu þessara tækja hefur verklegum verkefnum fjölgað til muna og einnig eru þau mun fjölbreyttari. Gefendur búnaðarins voru meistarafélag rafverktaka og FRS sem er félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi.

Tveir fulltrúar FSu, fagstjóri og áfangastjóri, hafa tekið þátt í allsherjar endurskoðun námsbrautar í rafvirkjun. Allir skólar sem kenna rafiðngreinar taka þátt í þessari vinnu. Ný námsbraut gæti því verið í farvatninu og ekki ólíklegt að hún taki gildi haustið 2027.

Skólinn tók þátt í samstarfsverkefni með Lycée Professionnel Jean Dupuy í Tarbes í Frakklandi. Þetta er stór verkmenntaskóli sem á margan hátt er sambærilegur okkar skóla. Nemandi og kennarafjöldi er svipaður og hjá okkur. Tveir nemendur komu frá þeim til sex vikna dvalar á Selfossi. Þeir voru tvær vikur í tímum í rafdeild FSu en síðan fjórar vikur í vinnu hjá Árvirkjanum. Þetta samstarf gekk vel og hafa þeir óskað eftir framhaldi á því.

Gerð var tilraun með víxlkennslu milli deilda. Nemendur í rafiðn fengu tilsögn hjá húsasmíði í meðferð verkfæra á borð við bútsagir og frágang rakavarnarlags. Á móti fengu nemendur í húsasmíði kynningu á rafmagni, umgengni um það og hættum. Þetta var gert í eina viku og mæltist vel fyrir.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Kennsluskipting fyrir næstu önn liggur að mestu fyrir en þó vantar enn kennara í tvo áfanga í kvöldskóla. Aðsókn í deildina er mikil sem skapar álag á kennara deildarinnar og einhverjir kennarar með nokkuð yfir 100% kennslu á næstu önn.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Í rafdeild er notast að miklu leiti við Rafbók sem rekin er af Rafmennt og nemendur hafa þar frían aðgang. Unnið er jafnt og þétt að uppfærslu rafbókarinnar og því er alltaf einhver endurnýjun á námsefni þar. Annað kennsluefni er frá kennurum deildarinnar sem hafa útbúið töluvert magn kennsluefnis mest í formi myndbanda.

### **Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**

Námsmat er að mestu í formi símats og lokaprófum fækkar stöðugt. Haldin eru reglulega próf yfir önnina auk þess sem verkefni eru lögð fyrir á INNU. Unnið er jafnt og þétt í að koma öllu námsmati og öllum verkefnum í INNU. Notast er við einkunnareglur hópa og verkefni sem tilheyra einkunnarreglunni síðan brotin niður í einkunnarþætti. Þannig geta nemendur fylgst vel með framvindu námsins og einnig séð hvernig námsmati hvers verkefnis er háttað. Almennu eru bóklegir áfangar byggðir upp á verkefnavinnu og þrem til fjórum lotuprófum.

Með tilkomu gervigreindar og vaxandi notkun hennar hefur umræðan orðið síffellt sterkari þess efnis að sennilega sé rétt að taka aftur upp lokapróf.

Tveir fullir hópar hófu nám sl. haust og verða tveir hópar áfram á þriðju önn. Þá eru tveir hópar að hefja nám á fimmtu önn. Í haust ætlum við að prófa að setja hópana saman í bóklegum greinum eins og RAFM2GC05 og RAFM3RE05 og kanna þá í einum hópi. Aðal ástæðan er að ekki eru nægilega margir kennarar við deildina og kennslumagn yrði allt of mikið ef kennt væri í tveimur hópum eins og vant er. Reiknað er með að taka inn tvo fulla hópa í haust eða um 24 nemendur. Þá hefur kvöldskóli verið auglýstur og hefur

þegar borist mikill fjöldi umsókna í hann. Nemendafjöldi verður því umtalsverður á næsta skólaári og margt sem þarf að skipuleggja og hagræða til að allt gangi upp. Aðstaða er að verða þröng og verða kennslurými enn betur nýtt en áður.

### Námskeið sem kennarar hafa sótt

Kennarar deildarinnar sóttu tveggja daga ráðstefnu í ágúst hjá Rafmennt í samstarfi við félag kennara í rafiðngreinum. Þá fóru fjórir kennarar deildarinnar með tólf nemendur til Frankfurt á sýninguna Ligth and building. Fjórir kennarar deildarinnar fóru og heimsóttu Lycée Professionnel Jean Dupuy í Tarbes í Frakklandi þar sem skólinn var skoðaður og fylgst með kennslu í tvo daga. Jón Sveinberg Birgisson er í námi til kennsluréttinda og Guðmundur Bjarnason stundar nám við HR. Þá hefur Stefán Birnir einnig skráð sig í kennsluréttindanámið.

### Annað

Í vetur var haldið áfram samtali við stóru veitufyrirtækjanna, Landsvirkjun, RARIK og OR, með samstarf í huga. Suðurland er mikið orkuframleiðslu og -flutningsvæði. Það er því hagur þessara fyrirtækja að huga til framtíðar með vel menntað starfsfólk. Búið er að endurnýja samstarfssamning við Landsvirkjun. Samningurinn felur í sér að fyrirtækin taka nema á ferilbók og styrkja skólann til tækjakaupa um tiltekna upphæð á ári. Á móti mun skólinn auka áherslu kennslunnar á þætti er varða starfsemi þessara fyrirtækja þó innan marka námsskrár. Unnið verður áfram í þessu og vonandi nást samningar við alla aðila á haustmánuðum. Einnig er samstarf skólans við rafverktaka á svæðinu gott og stöðugt samtal í gangi. Það er mikilvægt að búa deildin tækjum sem hjálpa okkur að auðga kennsluna og gera hana fjölbreyttari og betri sem laða að góða nemendur. Auka þarf samstarf enn frekar við grunnskólana og kynna betur fyrir nemendum námsgreinar er varða iðnað og tækni. Þetta gæti verið sameiginlegt verkefni allra deilda í Hamri og raungreinadeilda skólans unnið í samstarfi við atvinnulífið. Aðsókn í deildina er góð og ljóst að hafna verður mörgum umsóknum. Þegar þetta er skrifað er líklegt að fjöldi umsókna myndi fylla fimm hópa. Við höfum aðeins tök á að taka inn tvo. Eins og áður segir var brottfall mjög lítið hjá þeim nemendum sem hófu nám síðasta haust og því verða kenndir tveir fullir (12-14) hópar á 1.- 3. og 5. önn. Það verður því líf og fjör í deildinni og í mörg horn að líta á næstu önnum.

### Raungreinar

Fagstjóri: Ester Ýr Jónsdóttir

### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Brynja Valgeirsdóttir	LAND2EL05 LÍFF2EL05	LÍFE2LN05 LÍFF2EL05

	NÆRI2AA05	NÆRI2AA05
Ester Ýr Jónsdóttir	EFNA2AE05 EFNA3BB05 LÍFF2EL05 LÍFF3EF05	EFNA2AE05 EFNA3BB05 EFNA3CL05 LÍFF3ÖR05 LOVE3RV05
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir		EÐLI2GR05
Hekla Þöll Stefánsdóttir	Í l e y f i	
Ólafur Einarsson	JARÐ2JÍ05 LÍFF2EL05	JARÐ2JÍ05 LÍFF2EL05 UMHV2UU05
Sölvi Snær Jökulsson	LAND2EL05 STJÖ2AS05	EFNA2AE05 LAND2EL05 LOVE3RV05
Thelma María Marinósdóttir	EÐLI2GR05 EÐLI3RS05	EÐLI2GR05 EÐLI3VB05

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Eftir að nám til stúdentsprófs var stýtt reyndist erfitt að halda úti kennslu í náttúrufræðigreinum á þriðja þrepi. Undanfarnar annir hefur staðan þó batnað eftir endurskipulagningu áfangaframboðs. Af fagmennsku og metnaði hafa kennarar raungreinadeildar endurskoðað og uppfært áfanga, gert þá aðgengilegri og meira aðlaðandi fyrir nemendur. Sókn nemenda í raungreinar hefur aukist undanfarið, t.a.m. voru nú á vorönn tveir hópar kenndir í grunnáföngum í eðlis- og efnafræði, EÐLI2GR05 og EFNA2AE05, í fyrsta sinn í langan tíma.

Áfram var unnið að því í nokkrum áföngum að uppfæra efni, svo sem verkefni og próf, með lesblinduletrinu OpenDyslexic, en það hefur reynt lesblindum nemendum vel.

Námsáætlun og námsmat í Næringarfræði (NÆRI2AA05) var endurskipulagt að öllu leyti. Náms- og kennsluefni var unnið alveg upp á nýtt og að auki þýtt yfir á ensku til að mæta þeim fjölbreytta hópi nemenda sem stunda nám við FSu.

### Námsmat og mat á námsmatsaðferðum

Símat var í öllum áföngum raungreinadeildar. Í nokkrum áföngum var vægi prófa aukið og skrifleg próf tekin upp sem hluti af fjölbreyttu námsmati. Þetta var meðal annars gert

til að bregðast við aukinni notkun nemenda á gervigreind við verkefnavinnu. Ljóst er að mikilvægt er að styðja nemendur í ábyrgri og uppbyggilegri notkun gervigreindar þannig að hún styðji nám þeirra í stað þess að draga úr virkri þátttöku í námsferlinu.

### **Starfspróun kennara**

Almennt huguðu raungreinakennarar vel að starfspróun sinni á skólaárinu. Sumarið 2025 sóttu sumir kennarar námskeið, til dæmis sumarnámskeið um *vistfræði sjávarspendýra við Ísland* sem var haldið 2.–4. júní í Flensborgarskólanum og á Hafrannsóknarstofnun á vegum Samlífs.

Í haust hófst próunarverkefni styrkt af Nordplus Junior um sjálfbæra þróun í menntun og STEM-verkefni í óformlegu námsumhverfi, ***Sustainable Development in Educational Process and STEM Activities in Non-formal Education***. Einn kennari úr deildinni tekur þátt í verkefninu.

Kennarar sóttu einnig ráðstefnur og fræðsluviðburði, meðal annars Líffræðiráðstefnuna í Öskju og LÆRT-ráðstefnuna í Menntaskóla Borgarfjarðar. Þá tóku nokkrir kennarar þátt í tilraunaverkefni um notkun Claude-gervigreindar í framhaldsskólum. Verkefnið sem er á vegum Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu hófst í nóvember 2025 og stóð fram í maí 2026.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Í eðlisfræði er verið að byggja upp nýtt kennsluefni sem var notað í grunnáfanganum (EÐLI2GR05) í fyrsta sinn vorið 2026. Kennsluefnið er í þróun og breytingar verða gerðar á því á næsta skólaári. Ný verkefni voru samin í örverufræði (LÍFF3ÖR05) þar sem áhersla var á aðferðir vísinda, lestur ritryndra fræðigreina og ritun á fjölbreyttu formi.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Engar tillögur komu frá raungreinakennurum varðandi starfsáætlun skólans en áherslur deildarinnar verða eftirfarandi:

**Starfspróun.** Lögð verður áhersla á starfspróun innar deildarinnar þannig að við sem kennum raungreinar í FSu sækjum okkur reglulega yfir skólaárið vinnustofur og námskeið, tökum þátt í ráðstefnum og fræðslufyrirlesturum og miðlum okkar á milli því sem er markverðast hverju sinni. Mikilvægt er að við nýtum vel þau tækifæri sem bjóðast til að efla okkur í starfi sem faggreinakennarar á tímum örrar tækniþróunar og framfara. Einnig er mikilvægt að við höldum áfram að efla okkur sem einstaklingar.

**Deildarfundir** verða 2-3 á önn en þeirra á milli verða ýmis mál afgreidd í Teams-hópi raungreinakennara í FSu og þau bókuð á næsta fundi. Þannig hyggjumst við nýta dýrmætan tíma okkar allra sem skilvirkast og best.

**Áfangaframboð** verður áfram skoðað með gagnrýnum hætti á hverri önn með tilliti til þess hvort náttúrufræðiáfangar lendi í innbyrðis samkeppni sem geti stuðlað að því að hvorugur áfanginn verði kenndur vegna fámennis.

**Náttúrufræðilínan** verður í stöðugri endurskoðun.

**Kennslurými** í stofum 103 og 104 þarfnast umbóta. Kallað hefur verið eftir þeim að hluta og vonir standa til að vinna við að taka niður hluta af innréttingu undir grænum borðum í stofu 104 fari fram í sumar og verði lokið áður en kennsla hefst í haust. Stefnt

er að áframhaldandi endurbótum og skipulagi í stofum 103, 104 og 105 og tilheyrandi geymslum með það að markmiði að stuðla að heilbrigðu starfsumhverfi fyrir kennara og nemendur. Búið er að taka brúnar hirslur undir gluggum í stofu 105 niður, það gjörbreytti aðstöðunni og innloftinu til muna.

**Erlent samstarf.** Horft verður til þess að skapa tækifæri fyrir nemendur og kennara að taka þátt í erlendum þróunarverkefnum á vegum Nordplus eða Erasmus+.

**Félagatengsl** okkar hóps verða styrkt með samveru utan vinnu a.m.k. einu sinni til tvisvar á skólaári.

### **Annað**

Fagstjóri sótti á vorönn fagráðsfund á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis um STEM í framhaldsskólum. Þar var m.a. rætt um viðmiðunarbraut í náttúrufræðigreinum og áherslur í náttúrufræðimenntun. Á fundinum kom skýrt fram mikilvægi þess að gera ráð fyrir verklegri kennslu í fjármögnun raungreinaáfanga og ekki síður að gera skólum kleift að halda úti fámennum áföngum á þriðja þrepi.

Ólafur Einarsson hafði umsjón með umhverfisnefnd (FUND1UN01). Unnið er að Grænfánaverkefninu í nefndinni en Grænfánaverkefnið er alþjóðlegt umhverfismenntaverkefni sem stuðlar að menntun til sjálfbærni. Landvernd hefur umsjón og heldur utan um verkefnið á Íslandi (<https://graenfaninn.is/>). Þess má geta að UNESCO telur Grænfánaverkefnið vera helsta innleiðingartæki menntunar til sjálfbærni í heiminum. Fulltrúar nemenda í umhverfisnefnd Grænfánans á haust- og vorönn Einar Ari Gestsson, Elín Kristín Ellertsdóttir, Helga Maria Teresa Pimenta, Hlynur Helgi Jónsson, Ísold Ylfa Þórarinsdóttir og Sólveig Björk Kristinsdóttir. Grænfánanefndin hittist í hádeginu einu sinni í viku og einnig í „Bragatíma“ ef þörf var á. *Áttugar og landslag* er megin þemað sem unnið var með núverandi Grænfánatímabil ásamt vistheimtarverkefni skólans. Fylgst var með lífrænum úrgangi frá mötuneytum skólans og taldir voru bílar og hjól við skólann.

JARÐ2JÍ05 fór í jarðfræðiferð á Reykjanesskaga, á haustönn og vorönn, vel heppnaðar ferðir í bæði skiptin og voru nemendur ánægðir og nokkrir minntust á það að ættu að vera vettvangsferðir í fleiri áföngum.

Fjölbrautaskóli Suðurlands tekur þátt í tveggja ára Nordplus Junior þróunarverkefni, *Sustainable Development in Educational Process and STEM Activities in Non-formal Education*, skólaárin 2025–2027. Samstarfið er milli FSu og skóla frá Anykšćiai í Litáen, Tallinn í Eistlandi og Karjaa í Finnlandi.

Á skólaárinu fóru frá FSu tveir kennarar ásamt sex nemendum til Litáen dagana 28.9.–3.10. og tveir kennarar ásamt sex nemendum til Finnlands dagana 12.–17. apríl. Í heimsóknunum hittum við bæði nemendur og kennara frá öllum þátttökuskólunum og unnum saman verkefni ásamt því að skoða náttúru og kynnast menningu lands og þjóðar. Nemendur voru skólanum til mikils sóma.

## Stærðfræði

Fagstjóri: Ægir Sigurðsson

### Kennarar og áfangar

	<b>Haust 2025</b>	<b>Vor 2026</b>
<b>Kennari</b>	<b>Áfangi</b>	<b>Áfangi</b>
Dagbjört Sævarsdóttir	STÆR1AJ05	STÆR1AJ05
	STÆR1AJ05	STÆR1AJ05
	STÆR2RU05	STÆR2RU05
	STÆR2RU05	STÆR2RU05
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir	STÆR1RX05	STÆR1RX05
	STÆR2PT05	
Ingvar Bjarnason	STÆR2HV05	
	STÆR1RX05	STÆR1RX05
Kjartan Ólason	STÆR1AJ05	STÆR1AJ05
	STÆR1AJ05	STÆR2RU05
	STÆR2AR05	STÆR2RU05
		STÆR2RU05
Kristjana Sigríður Skúladóttir	STÆR1AJ05	STÆR1RX05
	STÆR1AJ05	STÆR2AR05
	STÆR2RU05	STÆR2TL05
	STÆR2TL05	STÆR3TL05
Magnús Másson	STÆR2HV05	STÆR2AF05
Renata Lis	STÆR2AF05	STÆR3FD05
	STÆR2AF05	STÆR3FD05
	STÆR3FD05	STÆR3HD05
	STÆR3HD05	STÆR3TD05
Sigríður Anna Guðjónsdóttir	STÆR1AA05	STÆR1AJ05
	STÆR1AA05	STÆR2TL05
	STÆR2TL05	STÆR2TL05
	STÆR2VF05	STÆR2VF05
Sölvi Snær Jökulsson	STÆR1AA05	STÆR1AA05
Ægir Sigurðsson	STÆR2AR05	STÆR2AF05
	STÆR2AR05	STÆR2AF05
	STÆR2VF05	STÆR2HV05

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennarar deildarinnar leggja áherslu á fjölbreytta og skapandi kennsluhætti og eru nokkrir kennarar að vinna með hugmyndafræði Peters Liljedahl um „hugsandi kennslustofu“ Nemendur vinna meira í samvinnu, fá tækifæri til að ræða lausnaleyðir sínar og um leið tækifæri til að útskýra hugsun sína fyrir samnemendum. Tveir kennarar deildarinnar voru í tilraunahópi MMS sem var að prófa notkun gervigreindar í kennslu. Með hjálp gervigreindar hefur það aukist að kennarar noti stafræna námsleiki og

verkefni tengd daglegu lífi til að auka skilning og áhuga á stærðfræði. Sumir kennarar leggja áherslu á leiðsagnarnám þar sem nemendur fá reglulega endurgjöf sem hjálpar þeim að fylgjast með eigin framförum og setja sér markmið í náminu. Kennarar stærðfræðideildar hafa boðið uppá stoðtíma í stærðfræði á miðvikudögum kl. 15. Það hefur gefist vel og verður vonandi í boði áfram.

### **Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**

Flestir stærðfræðiáfangarnir eru settir upp í þrjár til fjórar lotur sem hverri um sig lýkur með lotuprófi. Nemendur sem ná ákveðinni lágmarkseinkunn úr lotunum eiga þess kost að sleppa lokaprófi.

Skilyrði til að sleppa við lokapróf eru eftirfarandi:

- Ná meðaltalinu 6 úr öllum lotuprófum
- Skila öllum verkefnum á réttum tíma
- Ná sérhverju lotuprófi (yfir 4,5)

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Stærðfræðikennarar hafa sótt hin ýmsu námskeið á skólaárinu, má þar nefna meðal annars:

- Thinking Classroom – vinnustofa með Peter Liljedal í HÍ 12.-13. júní 2025.
- Claude – Gervigreind í Framhaldsskólum. Námskeið sem stóð yfir skólaárið 2025-26.
- Starfsþróunardagur framhaldsskólakennara – haldið í Verzlunarskóla Íslands fyrir alla stærðfræðikennara þann 27. febrúar 2026
- Menntaveislan LÆRT sem haldin var í Borgarnesi 13.-15. Nóvember.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Efla samvinnu á milli kennara stærðfræðideildar, hafa enn reglulegri fundi. Skipa áföngum á milli kennara þannig að allir vita hvert hlutverk þeirra er, gott að einhver einn sé leiðandi í hverjum áfanga. Jafnvel að hafa 1 þróunarverkefni í gangi á hverri önn til að efla samvinnu innan deildarinnar.

Setja mælanleg markmið fyrir deildina — t.d. um námsárangur, mætingu eða ánægju nemenda og endurskoða þau í lok árs.

### **Breytingar á námskrá sem tengjast stærðfræðideild**

Í stærðfræðideild hafa verið ræddar námkrárbreytingar sem snúa að einföldun kerfisins og fækkun fornámsáfanga. Hér má sjá yfirlit yfir breytingar og tímasetningar eða afgreiðslu mála:

### **Námskráin**

## Frá skýrslunni 2025

Námskrárbreytingar sem um hefur verið rætt og þarf að taka ákvörðun um og breyta á öllum stöðum ef breyta skal. Tímasetja breytingar. Málin sem taka þarf afstöðu eru hér númeruð frá 1-5.

### Mál nr.

1	breyting	afgreiðsla
	Sameina áfangana 1AA	
1	og 1BB	tekur gildi strax fyrir haustönn 25 aðlögun næsta skólaár - ááætlun haust 26
2	Sameina 2AF og 2VF	- hætt hætt var við þetta, fleiri skólar eru með 2HV
3	færa 2HV á 3. þrep	en 3HV
4	2BT verði valáfangi	á skólaárinu 25-26

Samhliða breytingunum þarf að breyta innihaldi áfanga í námáætlunum skoða allar forkröfur í INNU, nýtt skipurit stærðfræðiáfanga, leiðbeiningar um val í kjarnaáföngum o.fl. í samráði við áfangastjóra.


Í seinustu skýrslu var þessi listi yfir fyrirhugaðar breytingar.

**Atriði 1.** hefur verið framkvæmt að fullu og er röðin því orðin STÆR1AA05-STÆR1AJ05, fyrir nemendur sem ekki luku grunnskólastærðfræðinni með a.mk. einkunn C.

**Atriði 2.** Að sameina AF og VF var ekki gert að svo stöddu. Við nánari skoðun teljum við það ekki tímabært.

**Atriði 3.** Það var alveg hætt við þetta eftir að skoða á hvaða þrepum sambærilegir áfangar annarra skóla eru. Það kom í ljós að fleiri skólar eru með áfangann á 2. þrepi.

**Atriði 4.** Í stað þess að gera áfangann að valáfanga þá er ákveðið að hann verði einungis í boði á haustönnum og bara einn hópur í senn. Á móti verður boðið upp á EXCEL áfangann á vorönnum. Gerð var breyting á skipuriti stærðfræðiáfanga. Samhliða var val um lokaáfanga á Stúdentabraut-Náttúrufræðilínu aukið. Fyrir breytingar, stóð valið um að taka annan af áföngunum STÆR3TD05 OG STÆR3SG05 en nú hefur áfanginn STÆR3TL05 bæst í þetta val. Hjá okkur þarf reyndar að taka undanfarann STÆR2TL05 að auki til að komast í STÆR3TL05. Ástæðan fyrir þessari ákvörðun er byggð á leiðbeiningum frá HÍ um forkröfur í læknánám og skyldar greinar. Hér má sjá nýtt skipurit stærðfræðideildar.



### Annað

Auka þarf samstarf og samvinnu milli kennara deildarinnar. Samstarf milli kennara sem kenna sama áfanga þarf að vera skýrt, hver sér um hvað og það ætti að ákveða í upphafi annar. Þannig er hægt að dreifa vinnuálagi betur og gera það sanngjarnara. Áhersla verður í upphafi annar að ræða þetta mál og auka samstarf kennara.

### Vélvirkjun

Fagstjóri Gísli Viðar Oddson

### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Gísli Viðar Oddsson	AVVI2BB05	AVVI1VB05
	IÐNA2EL05	AVVI3UV05
	HLGS1MI05	RENN1GR05
	VÉLF3FA05	
Sigurþór Leifsson	PLVG1GR05	HAMÁ1NH05
	HAMÁ3NH05	HAMÁ2NH05
		AVVI3VF05

		IÐNT2VB05
Jóhann Valdimarsson	LOGS1UM05	VÖKT3VH05
	HLGS2MI05	IÐNT2VB05
	RAFS1SU05	RENN1GR05
		IÐNA3EI05
		HAMÁ2NH05
Borgþór Helgason	TSVÉ2GV05	IÐNT3ML05
	IÐNT2MI05	TSVÉ3TV05
	KÆLI2SK05	EFRÆ1MI05
	STÝT3GR05	
Magnús Tryggvason	MÁLM1VA05	HAMÁ1NH05
	MÁLM1SX02	MÁLM1SX02

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Í HAMÁ2NH05 var tekið inn nýtt verklegt verkefni, skipt var um smíðastykki. Nýtt skrifstykki var tekið inn í stað þess gamla sem áður var smíðað. Það sem við höfðum verið að smíða hefur ekki komið nógu vel út hjá öllum nemendum. Við teljum að þessar breytingar hafi gengið nokkuð vel þó við höfum alveg hugmyndir að breyttum verkferlum við þetta nýja þegar og ef það verður kennt næst.

SL gerði nýjar vinnuteikningar að vörubílnum sem smíðaður er í HAMÁ1NH05. Fékk styrk til þess úr fagefningarsjóði. Nýju teikningunum fylgja svo smíðalýsingar fyrir flesta íhluti sem smíða þarf. Það er von okkar að nemendur geti með þessu orðið aðeins sjálfstæðari við vinnuna og eigi auðveldara með að átta sig á í hvaða röð best er að smíða hvert stykki.

SL og JV tóku upp lotupróf í IÐNT2VB05.

### Annað

JV fór með nemendur í VÖKT3VH05 í heimsókn í SET þar sem ýmiss vökvabúnaður var skoðaður, ásamt skoðun á þeirri framleiðslu sem þar fer fram.

Ferð í Rarik með 6. Önn með rafvirkjadeild BH.

Bókasafn - skýrslu má finna á heimasíðu skólans.

Forstöðumaður bókasafns: Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir

## Bragi

Fagstjóri: Ágústa Ragnarsdóttir

### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Nafn kennara	Áfangiheiti	Áfangiheiti
Magnús Tryggvason	BRAG1SA05 (1)	BRAG1SB05 (1)
Sverrir G. Ingibjartsson	BRAG1SA05 (2)	BRAG1SB05 (2)
Jón S. Gunnarsson/Lárus Gestsson	BRAG1SA05 (3)	
Óskar Guðbjörn Jónsson		BRAG1SB05 (3)
Kristjana Hallgrímsdóttir	BRAG1SA05 (4)	BRAG1SB05 (4)
Katrín Rut Sigurgeirsdóttir	BRAG1SA05 (5)	BRAG1SB05 (5)
Birgir Aðalbjarnarson	BRAG1SA05 (6)	BRAG1SB05 (6)
Sölvi Snær Jökulsson	BRAG1SA05 (7)	
Guðmundur Garðar Sigfússon		BRAG1SB05 (7)
Ægir Sigurðsson	BRAG1SA05 (8)	BRAG1SB05 (8)
Guðfinna Gunnarsdóttir	BRAG1SA05 (9)	BRAG1SB05 (9)
Sigrúður Harðardóttir	BRAG1SA05 (10)	BRAG1SB05 (10)
Halldóra Björk Guðmundsdóttir	BRAG1SA05 (1)	
Eva Dögg Jafetsdóttir	BRAG1SA05 (2)	
Sigríður Gunnarsdóttir	BRAG1SA05 (3)	
Sigríður Rós Sigurðardóttir	BRAG1SA05 (4)	
Sóley Jónsdóttir	BRAG1SA05 (5)	

### Nýjungar og þróun í kennsluháttum á skólaárinu

Nýnemadagur var straumlínulagaður enn frekar t.d. stakur stöðvartími stytur úr tuttugu mínútum í fimmtán sem hafði hagræðingu í för með sér bæði fyrir þær stöðvar sem þurftu styttri og lengri tími. Tímafrekari stöðvar fengu þá tvöfaldan tíma eins og óskað hafði verið eftir í ársskýrslu fyrra árs. Nýrri stöð bætt við þar sem Braginn sem fyrirbæri

er kynntur. Fleiri hópar kalla á fleiri stöðvar. Dagurinn lengdur enn frekar í annan endann, endaði á hópefli sem nemandafélagið sá um og stóð til 14:00

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Til grundvallar námsmati var mæting 30%, verkefni 50% og annað 20% (s.s. virkni o.fl.). Í upphafi beggja anna lá fyrir hvernig hlutafallið skiptist nákvæmlega á milli námsþátta og innan verkefna. Nemendur safna alla önnina upp í lokaeinkunn, með mætingu, vinnslu verkefna og þátttöku í tímum eða öðru sem fyrir lá.

### **Námskeið/endurmenntun sem kennarar hafa sótt / eða haldið**

Þessar upplýsingar koma fram í skýrslum annarra deilda þar sem Bragakennarar koma úr ýmsum deildum skólans.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

- Auðvelda nemendum og kennurum enn frekar nálgun við uppbyggingu námsferilsskjals nemenda.

### **Félagsráðgjöf - skýrslu má finna á heimasíðu skólans**

Félagsráðgjafi: Halla Dröfn Jónsdóttir

### **Fjarnám grunnskólanemenda**

Umsjón: Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

Fjölbrautaskóli Suðurlands bauð námslega sterkum nemendum í 10. bekk grunnskóla á Suðurlandi upp á fjarnám í þremur kjarnagreinum, þ.e. ensku, dönsku og stærðfræði. Fjarnámið stendur þeim til boða sem hafa lokið námsmarkmiðum 10. bekkjar í viðkomandi námsgrein með hæfnieinkunninni B+ eða A. Þeir 15 grunnskólar sem tilheyra upptökusvæði FSu fá boð um að nýta þetta fjarnám fyrir sína nemendur. Áfangarnir sem stóðu til boða haustönn 2025 voru ENSK2OL05 og DANS2FJ05. Vegna mikillar aðsóknar var tekið á það ráð að bjóða þeim sem ekki komust að í enskunám á haustönn upp að taka byrjunaráfangann á vorönn. Á vorönn 2026 voru því kenndir áfangarnir, ENSK2OL05 og DANS2ME05, auk grunnáfangans í stærðfræði, STÆR2AR05.

Haustið 2025 hófu 48 nemendur úr 5 grunnskólum á Suðurlandi fjarnám. Í ensku hófu 22 nemendur nám (eftir að nemendum var skipt upp á báðar annir), 21 lauk áfanganum. Í dönsku hófu 30 nemendur nám og luku 27 nemendur áfanganum.

Vorið 2026 hófu 43 nemendur úr 6 grunnskólum á Suðurlandi fjarnám í framhaldsáfangum í dönsku og grunnáfangum í ensku og stærðfræði. Í ensku hófu 19 nemendur nám, 18 luku áfanganum en einn hætti. Í dönsku hófu 27 nemendur nám og luku allir áfanganum. Í stærðfræði hófu 14 nemendur nám en einn hætti á önninni.

Mikilvægt er að þeir grunnskólanemendur sem legja stund á fjarnám frá FSu hafi þegar

lokið námsmarkmiðum 10. bekkjar með einkunninni B+ eða A. Einnig gerir námið kröfur til nemenda um sjálfstæð vinnubrögð, sjálfsaga og skipulagshæfni. Einungis þeir nemendur sem standast þessar kröfur ættu að taka þátt í fjarnáminu. Einnig er nauðsynlegt að nemendur njóti stuðnings í sínum grunnskóla og að hver grunnskóli tilnefni tengilið sem hefur umsjón með náminu og heldur sambandi við kennara fjarnámsins hjá FSu. Grunnskólinn sækir um áfanga fyrir hönd nemenda. Kennarar FSu hafa umsjón með fjarnáminu og sjá um allt námsmat sem því tengist. Í áföngum þar sem lokapróf eru hluti af námsmati er prófað í grunnskóla viðkomandi nemanda.

Kennari FSu sendir prófin til tengiliða grunnskólanna, sem leggja þau fyrir. Þetta gildir einnig um stöðupróf eða lotupróf eftir því sem við á. Úrlausnir nemenda eru síðan sendar til kennara FSu, sem annast námsmatið. Greitt er innritunargjald fyrir þessa nemendur, sem annaðhvort sveitarfélag eða forráðamenn greiða. Á samráðsfundi FSu með grunnskólakennurum gefst tækifæri fyrir kennara á báðum skólastigum í þessum námsgreinum að hittast og ræða málefni fjarnámsins og .

Þar sem aðsókn hefur aukist mjög var ákveðið að skrá nemendur til náms að vori fremur en að hausti. Þá gefst tími til að bregðast við óvæntum fjölda í tæka tíð. Sú stefna var tekin að taka nemendur inn frá skólum eftir hlutfallaslegri stærð árgangs hvers skóla.

## **Flóafár 2026**

Flóafársnefnd: Anna Kristín Valdimarsdóttir, Halldóra Björk Guðmundsdóttir, Kristjana Sigríður Skúladóttir og Sigríður Rós Sigurðardóttir

Flóafár var haldið föstudaginn 20. mars í kjölfar tveggja Kátra daga. Flóafársnefnd var skipuð kennurunum Önnu Kristínu Valdimarsdóttur, Halldóru Björk Guðmundsdóttur, Kristjönu Sigríði Skúladóttur og Sigríði Rós Sigurðardóttur. Fyrir hönd nemenda voru Ásgeir Örn Sverrisson, formaður Íþróttaráðs, ásamt þeim Hjálmari Vilhelm Rúnarssyni og Sverri Mána Harðarsyni, sem eru í íþróttaráði. Í ár voru liðin fjögur talsins: Draumaland Barbie: Liðstjórar voru Dagbjört Ýr Sigurbjörnsdóttir og Margrét Þóra Ingbórsdóttir. Grænland: Liðstjórar voru Ásgeir Marinó Harðarson og Daníel Smári Björnsson. USA: Liðstjórar voru Katrín Embla Hlynsdóttir og Selma Axelsdóttir. Villta vestrið: Liðstjórar voru Eva Karen Friðriksdóttir og Guðrún Birna Kjartansdóttir. Liðakeppnin gengur út á að kennarar í pörum leggja þrautir fyrir nemendur sem keppast um að leysa þrautirnar hratt og vel. Fyrir það fá liðin stig og það lið sem fær flest stig vinnur og hlýtur leirbikar. Aukalega hafa verið veittar viðurkenningar fyrir heróp, borðlagningu, svæði, búninga, hópmynd, fána og skemmtiatriði. Tískulöggur nemenda gefa búningum kennara stig og kennaraparið sem fær flest stig hlýtur viðurkenningu.

## **Kostir Flóafárs sem verkefnis:**

Verkefnið er heildstætt, raunverulegt sem og þematengt þar sem nemendur bera ábyrgð frá A-Ö á öllum verkþáttum, setja sig í spor ýmissa sérfræðinga og hafa jafnvel samband við ólíka aðila í

samfélaginu til að leita styrkja/þjónustu. Þar reynir á samvinnu innan liðs, fyrirhyggju í framkvæmdaþáttum, gerð verkáætlunar og eftirfylgni hennar, gerð fjárhagsáætlunar og nauðsyn þess að fara eftir henni, annars reka þeir sig á. Verkefnið er skapandi, krefst hugvits og þarfnast gífurlegs skipulags á mannafla, tíma, svæðum, fjármunum og æfingum. Verkefnið krefst þrautseigju, dugnaðar og samskiptahæfni, að nemendur geti leyst ágreining og tekist á innbyrðis og milli liða um hvað er „sanngjarnt“. Það reynir á samþættingu og líkist í mörgu fremur raunverulegum verkefnum sem nemendur gætu þurft að glíma við fremur en afmörkuð „þekkingarinntök“ einstakra námsgreina. Kannski er þetta það verkefni sem kemst næst því að innihalda alla grunnþættina í skólafarfinu, þ.e. sköpun, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði, sjálfbærni og læsi.

### **Undirbúningur fyrir Flóafár 2026**

Undirbúningur Flóafárs hófst á haustönn 2025 með fyrsta fundi kennara þann 24. nóvember. Fyrsti fundur nefndarinnar, með kennurum og íþróttaráði, var haldinn 27. nóvember og í kjölfarið var byrjað að auglýsa eftir liðsstjórum. Alls voru haldnir 10 fundir fram að deginum ásamt reglulegum samskiptum á Messenger, Teams og INNU. Ásamt óformlegum samráðsfundum kennara við meðlimi íþróttaráðs og liðsstjóra jafnt og þétt yfir tímabilið. Skráningar í Fóafarslið fóru fram á Forms í ár með góðri raun.

Í ár var auglýst eftir liðsstjórum fyrr en verið hefur síðastliðin ár. Íþróttaráð hengdi upp auglýsingar í skólanum í nóvember ásamt því að auglýsa á samfélagsmiðlum. Það er mikilvægt að auglýsa eftir liðsstjórum á haustönn, t.d. í október eða fyrr, til að ferlið gangi sem best. Það hefur mikil áhrif á heildarskipulagið ef ekki næst að skipa liðsstjóra á réttum tíma. Þrjú svæði voru á fyrstu hæð því að liðin voru fjögur í ár. Mötuneyti (innri og ytri hluti mötuneytis var sameinað í eitt svæði), gryfjan og „bókasafnsmegin við gryfjuna“. Eitt svæði var á svölum austan megin á annarri hæð. Svæðin voru tilbúin um 22:00 á fimmtudagskvöldinu. Það gekk vel og öll liðin lögðu sig fram við að gera svæðin sín flott. Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna, var á dagskrá um kvöldið. Þar mættust Fjölbrautaskóli Suðurlands og Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi í átta liða viðureign, sem endaði með sigri FSu. Ákveðið var að flétta viðburðinum við Flóafarsþrautir til að stuðla að aukinni þátttöku nemenda í sjónvarpssal í samráði við forvarnar- og félagsmálafulltrúa skólans. Um 60 nemendur tóku þátt í Gettu betur.

### **Framkvæmd á Flóafarsdag 2026**

Sjálfur Flóafarsdagurinn byrjaði á því að nemendur hittu umsjónarkennara sína kl. 8:15 til að skrá viðveru. Noel Chareyre tók hópmyndir af liðunum kl. 8:45. Liðsstjórnarnir vissu af myndatökunum og liðsstjórar allra liðanna voru búnir að skipuleggja uppsetningu liðsins þegar ljósmyndarinn mætti. Hann tók einnig hópmynd af kennurum að fárinu loknu. Hann sá einnig um að búa til myndband af Flóafári 2026.

Liðin komu niður stígana (austur og vestur) eitt og eitt á víxl og inn í sal, undir stjórn formanns íþróttaráðs. Framsetning skipulagsins var endurbætt og kynnt á stuttum fundi með liðsstjórum og íþróttaráði með góðri raun. Íþróttaráð sá um upphitunardans fyrir liðin, sem var að þessu sinni fugladansinn. Íþróttaráð var með hljóðnema og stjórnaði uppi á sviði með fulltingi kennara. Formaður íþróttaráðs sá um að láta liðin fara með herópin sín og ræsa þau af stað í þrautirnar. Hann

var öruggur á sviðinu. Áhersla var lögð á að liðin myndu ljúka þrautunum en ekki fara sem hraðast í gegn. Liðin fóru samviskusamlega á allar stöðvar og leystu þrautirnar vel.

Þegar fánaberi kom í mark setti hann fánann í stand og þar með var liðið formlega komið í mark og tímatöku lokið. Skemmtiatriðin voru sýnd eftir að öll lið voru komin í mark. Þetta árið voru að mestu dansatriði en eitt liðið var með tónlistatriði. Öll skemmtiatriðin voru spiluð úr sama tækinu og hljóðgæðin voru góð. Verðlaun fyrir besta kennarabúninginn hlutu Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir og Sigrún Þorkeldsdóttir sem Kökuskreytingar. USA sigraði Flóafársþrautina. Mismunandi aðilar veittu sérverðlaun og viðurkenninga. Flóafársnefndin klæddist sem Stranger Things fyrirbæri að þessu sinni.

Guðbjörg Helga og Ægir Sig. voru stigaverðir. Útreikningarnir að þrautum loknum fóru að mestu fram í Króki með góðri raun. Kátudaganefnd sá að mestu um að sækja stigamiða úr stofum og Hamri til að stigaverðir gætu hafið talninguna. Fyrirkomulagið létti mikið á Flóafársnefndinni.

Frágangur gekk vel. Kústar, moppur, ruslaílát og fötur fyrir vökva voru aðgengileg fyrir liðin til að þrifa eftir sig. Auka ruslatunnur skiluðu betri umgengni. Eitt lið fékk leyfi til að hafa konfettí í salnum og það gekk vel að þrifa það upp. Frágangurinn var framúrskarandi og var öllu lokið um kl.

16:00. Ákveðið var í samráði við skólameistara að verðlauna liðsstjórana með 5.000 kr. gjafabréfi á Kaffi krús, sem vakti ánægju. Formaður íþróttaráðs sá um að panta 40 pizzur, sem vinningsliðið hlaut í verðlaun, og nemendaráð borgaði. Mikilvægt er að panta pizzurnar tímanlega.

Öll gögn sem viðkoma undirbúningnum eru vistuð á Teams-hópi og í möppu á H-drifinu undir Flóafár 2026.

## **Nýjungar og þróun í Flóafári á árinu 2026**

Drög að handbók. Verklag og kynningarefnið er í sífelldri þróun.

KSS kynnti Flóafárið fyrir hönd nefndar fyrir starfsfólk Menntaskólans á Ísafirði 14. ágúst 2025.

Hingað til hafa samskipti við nemendur að mestu farið fram á Messenger. Í ár var prófað að nota bæði TEAMS og INNU.

## **Tillögur að bættri starfsáætlun næsta Flóafárs**

Kynna Flóafárið betur á samfélagsmiðlum, bæði myndum og myndskaiðum.

Miðað hefur verið við að kennarar Flóafársnefndar sitji í nefndinni í þrjú ár í röð. AKV og HBG hafa verið síðustu þrjú ár og KSS var að ljúka öðru árinu og SRS kom inn í ný í ár. Það er mikilvægt að fá inn nýjan kennara í nefndina fyrir næsta ár.

## **Garðyrkjuskólinn að Reykjum**

Sviðsstjóri Garðyrkjunáms: Guðríður Helgadóttir

Nýr nemendahópur var tekinn inn á garðyrkjubrautir skólans haustið 2024, en tekið er inn í garðyrkjunámið annað hvert ár. Nokkrir nýir nemendur bættust í hópinn haustið

2025 og einnig voru nokkrir sem hættu námi á leiðinni. Alls voru 93 nemendur við nám í lok haustannar 2025, flestir í fjarnámi en nokkrir staðarnemar. Fjarnemar taka garðyrkjunám á hálfum hraða, á fjórum vetrum við skólann í stað tveggja. Alls luku 26 nemendur námi við skólann vorið 2026, 10 luku bóklegu námi og eiga eftir eitthvað af verknámi sínu en 16 nemendur luku bæði bóklegu og verklegu námi og eru því formlega útskrifaðir sem garðyrkjufraeðingar.

Kennt var á fimm garðyrkjubrautum skólans, þ.e. öllum brautum nema blómaskreytingabraut.

Kennsla hefur gengið samkvæmt áætlun. Hver kennari kennir í kennslustofu, er með streymi á netinu og gerðar eru upptökur af kennslustundum sem fjarnemar geta nálgast þegar þeim hentar. Nokkuð flækjustig er á upptökumálum og fer alltaf töluverður tími í það á haustdögum að finna út úr því hvernig best væri að koma upptökum úr teams kerfinu á framfæri við nemendur í gegnum innu.

Skyldumæting allra nemenda er í lotuvikur og er skólinn þá mjög þéttsetinn, bæði kennslustofur og aðstaða til verklegar kennslu, innanhúss sem utan. Kennarar hjálpast að við kennslu í verklegum æfingum í lotuvikum vegna þess hve stórir hóparnir geta verið og margir nemendur í hverjum áfanga. Þetta er töluvert púsluspil. Að auki eru lotuvikur gjarnan notaðar til að heimsækja garðyrkjufyrirtæki og aðra aðila tengda fagsviðum mismunandi brauta.

Við kennslu voru alls fimm fastráðnir starfsmenn í vetur, auk nokkurra stundakennara sem kenndu sérhæfða áfanga á mismunandi brautum.

Í fyrsta sinn í sögu Garðyrkjuskólans voru engir sumarstarfsmenn ráðnir í sumarstörf til að sinna lóðum og lendum skólans. Bar skólalóðin því skýrt vitni þegar kennsla hófst á haustdögum.

Nemendur garðyrkjubrauta lögðu land undir fót í ágúst og fóru í námsferð til Englands, undir dyggri fararstjórn Bryndísar Bjarkar Reynisdóttur, námsbrautarstjóra garðyrkjuframleiðslu. Þar heimsóttu nemendur grasagarða, kastalagarða, garðyrkjufyrirtæki og gróðrarstöðvar og var ferðin ákaflega vel heppnuð. Nemendur komu heim innblásnir af garðyrkjumeningu Englands.

Á sumardaginn fyrsta var haldið opið hús í Garðyrkjuskólanum og mætti þar fjöldi gesta í blíðskaparveðri. Veitt voru garðyrkjuverðlaun ársins en þau hafa verið veitt á sumardaginn fyrsta frá árinu 2004. Einnig voru veitt umhverfisverðlaun Hveragerðisbæjar en að sama skapi er löng hefð fyrir þeim verðlaunum. Skipulag og framkvæmd opna dagsins gekk mjög vel.

Á vordögum var fjöldi nemenda þrjá daga í verklegri kennslu í áfanganum Fornhleðslur sem fjallar um torf- og grjóthleðslu. Nemendur lærðu þar af sérfræðingum í faginu um forna byggingararfleifð Íslendinga. Einnig má halda því til haga að skógur skólans, Yndisgarður og önnur svæði á skólalóðinni nýttust vel í kennslu í trjáklippingum, trjáfellingum, umhirðu trjágróðurs og grisjun. Óhætt er að fullyrða að hið einstaka útisvæði skólans sé eins og risavaxin kennslustofa.

Síðasta verkefni annarinnar hjá nemendum voru kynningardagar lokaverkefna en þar kynntu nemendur lokaverkefni sín sem eru mjög ólík milli brauta. Lokaverkefni er sjálfstætt einstaklingsverkefni þar sem reynir á þrautseigju og úthald nemenda, knýr þá til að nýta þekkingu úr mismunandi áföngum í náminu og tengja þessa þekkingu saman í verklegu verkefni. Nemendur garðyrkjuframleiðslubrauta hafa ræktað fjölbreytt úrval plantna og matjurta í gróðurhúsum skólans á önninni. Nemendur á braut skógar og náttúru vinna sín verkefni í skóglendi og snúast þau verkefni oft um grisjun, gerð göngustíga, skiltagerð, kurlun og þess háttar. Nemendur á skrúðgarðyrkjubraut vinna 2-3 saman í hópum að afmörkuðum skrúðgarðyrkjuverkefnum sem reyna á þekkingu hvers og eins nemanda. Óhætt er að segja að kynningardagar lokaverkefni hafi verið ákaflega fróðlegir og skemmtilegt að sjá hversu ólík nálgun nemenda var að sínum verkefnum enda er bakgrunnur nemenda fjölbreyttur og reynsla þeirra mismunandi.

Fjöldi hópa hefur heimsótt Reyki, bæði skólahópar og aðrir hópar og fengið leiðsögn um svæðið.

Garðyrkjuskólinn tekur þátt í Erasmus+ verkefni í samstarfi við Félag skrúðgarðyrkjumeistara og DAG, félag skrúðgarðyrkjumeistara í Danmörku um þýðingu og staðfæringu staðla og viðmiða fyrir skrúðgarðyrkju úr dönsku yfir á íslensku. Guðríður Helgadóttir er verkefnisstjóri en auk hennar taka þeir Hörður Helgi Hreiðarsson og Þröstur Þórsson þátt í verkefninu fyrir hönd skólans. Þýðingu á danska staðlinum er nú lokið en það var verkhluti skólans. Dönsku þátttakendurnir í verkefninu komu til Íslands í október haustið 2025 og fræddust um skrúðgarðyrkju við íslenskar aðstæður. Verkefnið er nú á lokametrunum og verður lokaskýrslu skilað í lok júní. Afurð verkefnisins, íslenskur staðall í skrúðgarðyrkju mun nýtast vel sem námsefni fyrir nemendur í skrúðgarðyrkju.

Endurmenntun græna geirans hefur staðið fyrir fjölda námskeiða í vetur og er það Björgvin Örn Eggertsson, námsbrautarstjóri skógar og náttúru sem stýrir endurmenntuninni. Námskeið hafa ýmist verið haldin á Reykjum eða annars staðar á landinu og er námskeiðahaldið mikilvægt til að vekja athygli á náminu við skólann. Jafnframt skiptir það miklu máli fyrir atvinnulíf garðyrkjunnar að hægt sé að sækja fagleg endurmenntunarnámskeið eins og þau sem hafa verið í boði á Reykjum.

Í tilraunahúsi garðyrkjunnar á Reykjum var haldið áfram með tilraunaverkefni um lýsingu í paprikuræktun í samstarfi við garðyrkjubændur, einkum og sér í lagi Samband garðyrkjubænda. Þeir Elías Óskarsson og Börkur Blöndal Hrafnkelsson höfðu veg og vanda af umhirðu plantna og framkvæmd tilraunarinnar fyrir hönd skólans en þeir unnu í nánú samstarfi við garðyrkjubændur og ræktunarráðunauta um verkefnið. Niðurstöður tilraunarinnar liggja nú fyrir og hafa þær nú þegar skilað sér í bættum árangri í paprikuræktun undir lýsingu.

Fyrirtækið Orf líftækni var með ræktunarklefa á leigu í tilraunahúsinu en fyrirtækið missti gróðurhús sitt við Grindavík vegna eldsumbrota á svæðinu. Orf hefur ræktað erfðabreyttar byggplöntur í gróðurhúsinu og hefur sú ræktun gengið vel.

Framkvæmdir við skólabyggingar á vegum Ríkiseigna hafa gengið hægt í vetur. Á vordögum var loksins lokið við framkvæmdir við geymsluloft og litla kennslustofu (Brakanda) en lítið hefur farið fyrir öðrum verkefnum. Skipt var um fyrirtæki hjá Ríkiseignum og tók það nokkurn tíma að leiðbeina nýjum aðila um þarfir og verkefni á Reykjum.

Verknámshús skrudgarðyrkjunnar er orðið mjög hrörlegt og staðan orðin þannig að ekki er óhætt að kenna í húsinu þegar blæs hressilega. Reynt var að finna þá aðra aðstöðu fyrir verklega kennslu en það reyndist snúið vegna þess hve nemendahópurinn var stór. Brýnt er að ráðist verði í að koma upp nýrri aðstöðu fyrir verklega kennslu.

Loks má nefna að starfsmenn garðyrkjubrauta hafa verið með margvíslegar leiðbeiningar og upplýsingagiöf til samfélagsins í gegnum fjölmiðla og samfélagsmiðla um garðyrkjutengd málefni, garðyrkjunám og stöðu Garðyrkjuskólans.

Í töflum hér fyrir neðan eru ýmsar tölulegar upplýsingar úr starfinu veturinn 2025-2026.

				Luku b ókl, 120	Verk og bók l okið	Verk og bók l okið
<b>Nemendafjöldi á brautum</b>		<b>H 202 5</b>	<b>V20 26</b>	<b>Vor 2026</b>	<b>Haust 2025</b>	<b>Vor 2026</b>
GS	Garð- og skógarplöntubraut	21	23	3	1	1
LRM	Lífræn ræktun matjurta	22	17	3		
BSB	Blómaskreytingabraut					1
SN	Skógur og náttúra	7	7	2		
SGB	Skrudgarðyrkjubraut	33	29	2		12
YB	Ylræktarbraut	10	11			1
		93	87	10	1	15

**Starfsfólk á Reykjum****Haustönn 2025 Vorönn 2026 Starfshlutfall %**

Fastráðnir kennarar	5	5	100
Stundakennarar	6	3	

**Starfsfólk annað**

Bókasafnsfræðingur	1	1	80
Deildarfulltrúi á kennsluskrifstofu	1	1	60
Umsjónarmaður fasteigna	1	1	100
Í gróðurhúsum og á útisvæði	3	3	100
Aðstoðarmaður	1	1	60

**Yfirlit yfir námskeið á vegum Endurmenntunar Græna geirans veturinn 2025-2026**

Námskeið	Dagsetning	Kennari/kennarar	Fjöldi
<b>Haust 2025</b>			
Grunnnámskeið í blómaskreytingum	30 okt - 1 nóv 2025	Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, Valgerður Guðjóns dóttir	19
Ræktun berja og ávaxta í skóglendi - í samstarfi við lðuna	20.- 21.11.2025	Guðríður Helgadóttir, Ólafur S Njálsson	30
Ræktun berja og ávaxta í skóglendi Gr. Sk.II opið	26- 27 sept 2025	Guðríður Helgadóttir, Ólafur S Njálsson	17
Trjáfellingar Hallormsstað	24-26 okt 2025	Björgvin Örn Eggertsson	10
			<b>76</b>
<b>Vor 2026</b>			
Trjáfellingar og grisjun Reykjum	20.-22. janúar 2026	Björgvin Örn Eggertsson	10

Trjáfellingar og grisjun Reykjum	16.-18. febrúar 2026	Björgvin Örn Eggertsson	7
Molta - haldið hjá lðan fræðslusetur	16.2.2026	Ingólfur Guðnason	34
Trjá- og runnaklippingar – fagfólk - endurmenntun	17.-18. febrúar 2026	Ágústa Erlingsdóttir	6
Sumarblóm, uppröðun og tegundir	12.3.2026	Steinunn, Guðríður, Bryndís	5
Áhættumat trjáa	20.3.2026	Aaron Zachary She arer	4
Ræktun í gróðurhúsum	21.3.2026	Ingólfur Guðnason	14
Fjölgun trjáa og runna – ýmsar aðferðir	21.3.2026	Guðríður Helgadóttir	7
Trjáklippingar - Krónuklipping og sígrænt	24.3.2026	Ágústa Erlingsdóttir	6
Ræktun í gróðurhúsum	11.4.2026	Ingólfur Guðnason	18
Garðurinn – skipulag og plöntunotkun	11.4.2026	Steinunn Garðasdó ttir	11
Flokkstjóranámskeið Kópavogi	19.5.2026	Ágústa Erlingsdóttir	24
Flokkstjóranámskeið Suðurnesjabæ	21.5.2026	Ágústa, Guðríður	9
Námsferð Grænni skóga II	11.-13.5 2026	Guðríður Helgadóttir	12
			<b>167</b>

## Grunnmenntabré

Umsjón: Bjarney Sif Ægisdóttir

### Inngangur

Grunnmenntabré (GRB) hefur verið starfrækt, með því fyrirkomulagi sem hún byggir á í dag, í 10 skólaár. Fyrstu tvö skólaárin var verkefnið þróað og fjármagnað með styrkveitingu frá Menntamálaráðuneytinu sem leið til þess að sporna við brotthvarfi. Þegar átaksverkefninu á vegum ráðuneytisins lauk ákvað skólinn að halda verkefninu áfram enda mikilvægt námstilboð fyrir nemendur skólans sem uppfylla ekki

inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir skólans, en eftir að styrkveitingunni lauk minnkaði stöðuhlutfall sem fór í umsjón, þróun og utanumhald með nemendum á brautinni.

Markmið grunnmenntabráar eru meðal annars að aðstoða nemendur við að byggja upp trú á eigin getu og seiglu í námi, auk þess að efla sjálfsmynd og sjálfsskilning þeirra. Nemendur eru fræddir um mismunandi leiðir í menntakerfinu og aðstoðaðir við að marka sér stefnu í námi og starfi. Til þess að uppfylla þessi markmið voru þróaðir áfangarnir NÁSS1GA05 (haustönn) og NÁSS1GB05 (vorönn). Áfangarnir eru skylduáfangar á grunnmenntabrá. Í þessum áföngum er áhersla lögð á kennslu í námstækni, sjálfsstyrkingu og starfsfræðslu. Kennsla í þessum efnisþáttum fer fram í tveimur kennslustundum á viku og í tveimur kennslustundum fá nemendur aðstoð við heimanám og sérstakan stuðning í námi. Í heimanámsaðstoðinni eru tveir kennarar þar sem að minnsta kosti annar þeirra er umsjónaraðili grunnmenntabráar. Með þessu móti kynnist umsjónaraðili brautarinnar námsstíl nemenda og hefur góða yfirsýn á námsframvindu nemenda á brautinni.

### **Brautarstjórn og sérstaða brautar**

Verksvið umsjónaraðila grunnmenntabráar er að halda utan um brautina, eiga regluleg samskipti við nemendur, kennara og forráðamenn nemenda, þróa námsbrautina og meta árangur námsins. Einnig fylgist umsjónaraðili reglulega með mætingu nemenda á brautinni. Stefnt er að því að hitta flesta nemendur í fylgd með forráðamönnum við upphaf náms (vorið áður eða um haustið) þar sem markmið og fyrirkomulag náms á grunnmenntabrá er kynnt, farið er yfir skólasóknarreglur, stöðu nemenda og mikilvægar persónulegar upplýsingar. Utanumhald með nemendum felur einnig í sér símtöl og viðtöl við forráðamenn og nemendur, teymisfundi og fleira, en reynslan sýnir að þörfin er mismikil milli nemenda.

Umsjónaraðili með grunnmenntabrá skólaárið 2025-26 var Bjarney Sif Ægisdóttir. Nýnemar á brautinni voru í sérstöku utanumhaldi í áföngunum NÁSS1GA05 (haust) og NÁSS1GB05 (vor). Vegna fjölda nemenda voru tveir námshópar í hvorum hóp á þessu skólaári. Bjarney sá um kennslu í öðrum NÁSS hópnum og Tómas Davíð Ibsen um kennslu í hinum hópnum. Með Bjarneyju kom Kristjana Sigríður inn í námsstuðningstímanna og Ingunn kom inn í hópinn með Tómasi. Þess má geta að fleiri nemendur eru skráðir á grunnmenntabrá en þeir sem eru í NÁSS hópnum, en það eru í flestum tilfellum nemendur sem hafa áður verið í sérstöku utanumhaldi og lokið NÁSS áföngunum en uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir skólans.

### **Námsframvinda nemenda haustönn 2025**

Haustið 2025 hófu 39 nemendur nám á grunnmenntabrá, svipaður fjöldi og skólaárið á undan. Þessir nemendur voru flestir nýnemar sem að höfðu ekki uppfyllt hæfniviðmið inn á aðrar brautir skólans, en 4 nemendur voru eldri og höfðu sum þeirra lokið einhverjum önnum á sérnámsbraut. Þessir nemendur voru í tveimur NÁSS hópnum og í sérstöku utanumhaldi þar. Nemendurnir 39 voru samtals skráðir í 1076 einingar og luku 881 einingum, eða 82% þeirra eininga sem þau lögðu upp með í upphafi annar. Þessi námsárangur er svipaður og á haustönn 2024 þegar nemendur luku um 80% þeirra eininga sem þau lögðu upp með í upphafi annar.

## Námsframvinda nemenda vorönn 2026

Á vorönn 2026 voru 36 nemendur í sérstöku utanumhaldi á grunnmenntabré í tveimur NÁSS hópum. Nemendurnir voru samtals skráðir í 1081 einingar og við lok annar höfðu þeir staðist 716 einingar eða 66% þeirra eininga sem þau lögðu upp með.

Þessi námsárangur er töluvert lakari en bæði námsárangurinn á haustönn og einnig miðað við vorönn 2025. Þó er árangurinn betri en á vorönn 2024, en sú vorönn skar sig úr fyrri vorönnum, með 55% námsárangur sem hafði aldrei verið jafn slakur frá því að byrjað var að taka þessar upplýsingar saman. Eflaust má rekja námsárangurinn til nokkurra samverkandi þátt, svo sem mætinga og eðlilegra árgangasveiflna.

Það sem meðan annars dregur heildarárangurinn niður á vorönn er að 3 nemendur náðu engum einingum og tveir til viðbótar einungis einni einingu.

## Umræður og framtíðarsýn

Nemendafjöldinn á grunnmenntabré hefur síðustu skólaár verið í kringum 30-40 nemendur og þetta skólaár sker sig ekki úr hvað það varðar. Fyrir þann nemendafjölda er gott að hafa tvo námshópa og sitthvorn kennarann með utanumhald með sitthvorum hópnum eins og var á þessu skólaári. Nemendahópurinn á grunnmenntabré var fjölbreyttur að venju. Flestir þeirra nemenda sem innritast á brautina eru með einhverjar greiningar um námserfiðleika en þó ekki allir. Einhverjir nemendur sem innritast á brautina eiga sögu um að hafa misst töluvert úr grunnskóla, ýmist vegna veikinda, skólaforðunar eða annars. Nemendurnir eiga það sameiginlegt að hafa ekki uppfyllt hæfniviðmið grunnskólans í a.m.k. tveimur kjarnagreinum og þurfa að styrkja námshæfni sína til að geta uppfyllt inntökuskilyrði á aðrar brautir skólans. Í ár komu einnig 3 nemendur inn á brautina eftir að hafa lokið einhverjum önnum á sérnámsbraut, en grunnmenntabré getur verið góð brú yfir í almennt nám.

Það er mikilvægt að haldið sé sérstaklega utan um nemendur á grunnmenntabré þar sem staða þessara nemenda er yfirleitt viðkvæm og fyrri reynsla úr skólakerfinu ekki alltaf jákvæð. Oft er um námserfiðleika að ræða sem að hafa haft áhrif á námsárangur, en einnig er stundum að baki fjölþættur vandi, skólaforðun, erfiðleikar með mætingar og ýmsir félags- og persónulegir erfiðleikar.

Þessi vetur var að mörgu leyti nokkuð hefðbundinn á grunnmenntabré, tveir hæfilega stórir námshópar og tveir kennarar með sitthvorn hópinn. Það sem vakti þó áhyggjur NÁSS kennara á skólaárinu og sérstaklega á vorönninni var að þó nokkuð margir nemendur virtust eiga í erfiðleikum með mætingar, sem almennt er talinn einn lykilþátturinn að góðum námsárangri. Það kann að skýra minni námsárangur á vorönn að einhverju leiti. Mikilvægt er að rýna í hvernig er hægt að stuðla að betri mætingum nemenda, hvort það sé með meiri eftirfylgni, betra foreldrasamstarfi, fleiri nemendaviðtölum eða annað.

Undir lok vorannar 2026 lögðu NÁSS kennarar könnun fyrir nemendur í áfanganum, líkt og gert hefur verið undanfarin skólaár. Könnunin var lögð fyrir í gegnum Google eyðublöð/spurningakönnun og hlekkur á könnuninna settur á Innu sem nemendur svöruðu í kennslustund. Í ár svöruðu 27 nemendur könnuninni, sem var nafnlaus og

órekjanleg. Bæði komu fram tölulegar upplýsingar úr könnuninni, en einnig voru opnar spurningar sem gefa betri innsýn í upplifun nemenda. Niðurstöður er í samræmi við niðurstöður síðustu skólaára.

Helstu niðurstöður úr könnuninni þetta skólaár eru að 55,5% nemenda eru frekar ánægð, eða mjög ánægð með námið á grunnmenntabré, 18,5% svöruðu hvorki né. 55,5% nemenda telja námið hafa styrkt sig sem námsmann, 37% svöruðu hvorki né og einungis 7,4 töldu námið á grunnmenntabré ekki hafa hjálpað sér að ná betri tókum í náminu. Aðspurð um líðan sögðu 44,4% nemenda að líðan sín hafi batnað eftir upphaf náms í FSu, en 37% svöruðu að líðanin hefði ekki breyst. Þegar nemendur voru spurðir um NÁSS áfangann svöruðu 77,8% nemenda að þeim þætti áfanginn góður og gagnlegur eða mjög góður og gagnlegur. Enginn svaraði að sér þætti áfanginn ekki góður og gagnlegur en 25,9% svöruðu að sér þætti áfanginn „allt í lagi“. Þetta eru jákvæðar niðurstöður sem hvetja okkur til að halda áfanganum áfram með sambærilegum hætti, því markmið áfangans er að sjálfsögðu að styrkja nemendur og hjálpa þeim í náminu og jákvætt að nemendur upplifi það sjálfir.

NÁSS áfanginn skiptist í námstækni/starfsfræðslu og svo heimanámstíma/námsaðstoð. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar fannst 65,4% heimanámstíminn góður/gagnlegur eða mjög góður/gagnlegur og 26,9% svöruðu hvorki né, 7,7% finnst heimanámstíminn ekki góður/gagnlegur. Flestir nemendur, eða 76,9% telja sig hafa nýtt heimanámstímana vel, eða mjög vel. Aðspurð um hvort þeim þyki NÁSS kennarinn sinn á grunnmenntabré hafa reynst sér hjálplegur voru 57,7% sem svöruðu mjög hjálplegur, 30,8% svöruðu hjálplegur og 11,5% svöruðu hvorki né. Enginn sagði að kennarinn hafi ekki reynst hjálplegur. Það er einnig jákvætt að sjá að 46,1% telja að framtíðaráform sín séu skýrari eftir veturinn á grunnmenntabré, en það er einmitt eitt af markmiðum námsins á brautinni. Það er einnig mjög ánægjulegt að 88,5% nemenda segjast geta mælt með náminu á grunnmenntabré við aðra nemendur. Þessar niðurstöður hvetja okkur til þess að halda áfram á sömu braut þótt áfanginn sé að sjálfsögðu alltaf í þróun og þarf einnig að taka mið af nemendahópnum hverju sinni.

Umsjónaraðili grunnmenntabréar hefur í gegnum tíðina haft áhyggjur af námsframvindu nemenda eftir að utanumhaldi í NÁSS áfanganum líkur. Það væri gott ef hægt væri að fylgja nemendunum betur eftir þegar þeir hafa lokið náminu á grunnmenntabré, en hingað til hefur lítill tími gefist til þess að huga markvisst að þessum nemendahóp. Þessir nemendur eiga þó að sjálfsögðu að þekkja orðið þjónustu skólans og geta leitað sjálfir til náms- og starfsráðgjafa eftir aðstoð. Þá er mjög jákvætt framfaraskref að í vetur var opnað námsver þar sem nemendur geta fengið aðstoð við heimanámið eftir að NÁSS áfanganum og utanumhaldi og grunnmenntabré lýkur.

Það er mikilvægt að áfram sé markvisst unnið að því að halda sérstaklega utan um þann nemendahóp sem að innritast á grunnmenntabré. Ástæður þess hvers vegna nemendur ná ekki hæfniskröfum grunnskólans í kjarnafögum og geta þar af leiðandi ekki innritast inn á aðrar námsbrautir skólans eru jafn margar og nemendurnir eru margir. Hver nemandi hefur sína sögu. Flestir nemendur eru með einhverjar greiningar um námserfiðleika, en það er þó ekki þannig í öllum tilfellum. Það er mikilvægt að hafa það í

huga að það er einhver ástæða fyrir því að nemandinn náði ekki markmiðum grunnskólans og því er mikilvægt að viðkomandi fái auka aðstoð fyrst um sinn í framhaldsskólanum til þess að aðstoða nemendur við að ná markmiðum sínum. Það er mismunandi hvaða leið nemendur velja að loknu námi á grunnenntabré, en markmiðið á þessu fyrsta ári er að efla námshæfni nemanda, aðstoða þau við að byggja upp trú á eigin getu og seiglu í námi, auk þess að efla sjálfsmynd og sjálfsskilning og stuðla um leið að ígrundaðra náms- og starfsvali í framtíðinni.

Nemendahópurinn sem hefur nám á grunnenntabré að loknum grunnskóla er almennt viðkvæmur nemendahópur sem þarfnast mikið utanumhald og stuðning. Mikilvægt er að NÁSS kennslustundirnar fái að vera á góðum stað innan skólans og af fenginni reynslu þá hentar salurinn ekki vel fyrir þennan nemendahóp, bæði vegna staðsetningar og umhverfi salarins, en það rými er bæði allt of stórt og heldur því ekki vel utan um hópinn, en einnig þyrftu að vera þar opnanlegir gluggar. Á þessu skólaári var NÁSS áfanginn staðsettur í Odda á 2. og 3. hæð í almennri kennslustofu og reynist sú staðsetning áfanganum vel.

Það að starfsfólk grunnskólanna á svæðinu er farið að þekkja grunnenntabréna og hugmyndafræðina á bak við hana hjálpar til við að ná markmiðunum með brautinni, því nú er orðið algengara að nemendur velji grunnenntabré sem námsleið að loknum grunnskóla. Margir nemendur fara í viðtal ásamt forráðamönnum sínum fyrir tilstilli námsráðgjafa grunnskólans til umsjónaraðila grunnenntabréar undir lok grunnskólagöngu. Það fyrirkomulag hentar vel til þess að ræða t.d. staðsetningu nemandans í námi á framhaldsskólastigi, útskýra mun á grunnenntabré og öðrum námsbrautum, kynna námsbrautina, mynda tengsl, draga úr kvíða svo nokkur atriði séu nefnd. Þetta verður til þess að fleiri nemendur byrja á brautinni á haustin eftir að hafa valið hana sem námsleið að loknum grunnskóla, í stað þess að sækja um á annarri námsbraut, komast ekki inn og vera ósátt með að byrja á grunnenntabré. Með þessu eru nemendur því oft sjálfir upplýstari um námstilboðið og hafa tekið ákvörðun um að hefja nám á brautinni.

Ég vil þakka þakka sérstaklega þeim kennurum sem að voru með okkur í heimanámstímum á námsbrautinn í vetur, þeim kennurum sem kennt hafa fornámsáfangana í kjarnagreinum ásamt kennurum sem kenna nýnemaáfangana, FÉLA, UMHV, ÍPRÓ, BRAG og öðrum kennurum sem hafa komið að námi nemenda á grunnenntabré fyrir gott samstarf í vetur.

## ÍSAN og umsjón með nemendum af erlendum uppruna

Umsjón: Sigprúður Harðardóttir

### **Kennarar og áfangar**

	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Sólveig Sigmarsdóttir	ÍSAN2ÍA05 ÍSAN2ÍB05 ÍSAN3MA05 ÍSAN3MB05 ÍSAN3MC05	ÍSAN2ÍA05 ÍSAN2ÍB05 ÍSAN3MA05 ÍSAN3MB05
Sigríður Sigurðardóttir	ÍSAN2ÍA05 ÍSAN2ÍB05	ÍSAN2ÍA05 ÍSAN2ÍB05
Sigprúður Harðardóttir	ÍSAN1GA05 ÍSAN1GB05 ÍSAN1AA ÍSAN1BB05 ÍSAN2ÍA05 ÍSAN2ÍB05	ÍSAN1GA05 ÍSAN1GB05 ÍSAN1GC05 ÍSAN1AA05 ÍSAN1BB05 ÍSAN2ÍA05 ÍSAN2ÍB05

### **Nýjungar í kennsluháttum og skipulagi á skólaárinu**

Á skólaári var nýjum kennara bætt í ÍSAN teymið, þar sem enn varð mikil aukning í nemendahópi ÍSAN áfanganna. Alls voru 60 nemendur skráðir í ÍSAN við upphaf annar sem var um 30% aukning frá árinu áður. Sigríður Sigurðardóttir kom inn og kenndi á 2. þrepi. Einnig bættum við einum áfanga við á 1. þrepi (ÍSAN1GC05) fyrir þá nemendur sem ekki höfðu öðlast næga færni til að fara upp á 2. þrep og var miðað við þá sem fengu einkunn lægra en 7 í ÍSAN1GB05. Þetta kallaði ekki á auka kennara þar sem allir áfangar á hverju þrepi eru kenndir saman og á 1. þrepi hefur Selma stuðningsfulltrúi verið til aðstoðar.

1. þrep: Sigprúður og Selma

2. þrep: Sólveig og Sigríður

3. þrep: Sigprúður og Sólveig

Teymisvinnan hefur gengið afar vel. Kennarar sammála um það þetta hafi gefist vel og í samtölum við nemendur kom einnig í ljós að flestir eru sammála að þetta fyrirkomulag hafi verið gott. Kennsla hefur verið samkvæmt kennsluáætlun. Allir færniþættir þjálfaðir á sem fjölbreyttastan hátt og hafa tungumálaleikir og tónlistarverkefni verið oftár á dagskrá en áður. Evrópski tungumálaramminn liggur til grundvallar kennsluáætlun og markmiðum áfanga. Munnlegar kynningar hafa einnig komið inn í námið í auknum mæli.

Mikil vinna fór í það á árinu að skipuleggja svokallaða **Íslenskubró**, en kennarar hafa á undanförunum árum skynjað þörfina fyrir það að hafa einhvern ákveðinn ramma við upphaf náms fyrir erlenda nemendur sem eru nýkomnir til landsins. Brúin varð að veruleika á vorönn og er nú í fyrsta sinn í boði þegar nemendur sækja um skólavist fyrir næsta skólaár. Brúin byggir á svipuðum grunni og Grunnmenntabré og eru sumir áfangar þeir sömu. Með brúnni bætast við tveir taláfangar í ÍSAN á 2. þrepi en hingað til hafa einungis verið taláfangar á 1. þrepi.

**Námsmat. Símat/lokapróf.** Í öllum ÍSAN áföngum fer fram símat og talsvert af verkefnum liggur undir yfir önnina. Prófað er úr öllum námspáttum rafrænt eða á pappír og allir nemendur taka munnlegt próf og halda munnlegar kynningar.

#### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

- Fræðslufundur á vegum Ísbrúar
- Kynningarfundur um rafræna verkefnabók með JÆJA námsefninu
- Samráðsfundur með framhaldsskólategymi MEMM

#### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

- **JÆJA 1 og JÆJA 2** (námsefni fyrir framhaldsskóla) – rafrænar verkefnabækur
- **Einmitt** (nýtt námsefni fyrir nýkomna. Samið fyrir grunnskóla en hentar vel sem byrjendaefni) Á þessu skólaári komu út bækur 1b og 1c, lesefni, hljóðefni og vinnubækur. Áður hafið 1a komið út.

Þar sem flestir nemendur á 1. þrepi komu beint inn í skólann án þess að hafa grunn úr íslenskum grunnskólum var gripið til námsefnis sem alla jafna er kennt í grunnskólum til að kenna grunnorðaförða. Að öðru leyti var námsefni svipað og verið hefur en í auknum mæli rafrænt.

Á 2. og 3. þrepi voru lesnar skáldsögur fyrir unglinga sem gefnar hafa verið út fyrir grunnskólanemendur með lestrarerfiðleika. Þetta efni hentaði mjög vel og sömuleiðis vinnubækur sem fylgja sumum bókunum. Í lokaáfangi

3. þreps unnu nemendur heimildaritgerð og er áfanginn að einhverju leyti byggður á áfanganum ÍSLE3HE05 sem kenndur er í almennri íslensku.

## **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Eins og fram hefur komið verður á næstu önn í fyrsta sinn kennt samkvæmt nýrri Íslenskubró fyrir nemendur sem lítinn eða engan grunn hafa í íslensku. Þar bætast inn tveir taláfangar (einn á hvorri önn). Stöðug endurskoðun á skipulagi þarf að fara fram þar sem samsetning hópsins getur verið mjög mismunandi frá einni önn til annarrar. Þar sem 2-3 áfangar eru kenndir saman kallar það á enn meiri breytileika og þurfa kennarar og stjórnendur alltaf að vera vakandi fyrir því hvað hentar hópnum best hverju sinni.

### **Kátir Dagar**

Nefndin: Ásdís Björg Ingvarsdóttir, Sabína Steinunn Halldórsdóttir og Sigurður Ágúst Pétursson

Kátir dagar voru haldnir dagana 18. og 19. mars 2026. Dagskráin hófst kl. 9:30 á miðvikudeginum, kennt þangað til, og stóð til klukkan 15:00 og frá 8:30-12:10 á fimmtudeginum.

### **Undirbúningur og nefnd:**

Í nefndinni voru Ásdís Björg Ingvarsdóttir, Sabína Steinunn Halldórsdóttir og Sigurður Ágúst Pétursson ásamt fulltrúum skemmtinefndar nemendaráðs, Ásdísi, Dagmar Sif, Freydísi Erlu og Olivíu. Því miður fyrirforst að bjóða Garðyrkjuskólanum að vera með en hann hefur aldrei tekið þátt á þessum dögum.

Fyrsti fundur vegna Kátudaga var haldinn 5. febrúar og var fundað vikulega eftir það, ásamt að vera í samskiptum á samfélagsmiðlum. Á fyrsta fundi var ákveðið að Ásdís Björg og Ásdís væru tengiliðir við Odda, Sabína og Dagmar sæju um íþróttaviðburðinn í lðu og Sigurður yrði tengiliður við Hamarsfólk. Yfirleitt fundaði nefndin í hádegishléi en eftir skóla þriðjudaginn 17. mars sáu fulltrúar nemenda um að skreyta skólann og huga að lokaundirbúningi.

Nemendur í Kátudaganefnd kynntu dagana í Bragatíma í salnum þar sem allir nýnemar voru mættir, þann 12. febrúar. Þá var fyrirkomulagið útskýrt og nemendur gátu komið með hugmyndir að dagskrárliðum.

Undirbúningur Kátudagana gekk ágætlega. Stuðst var við dagskrá fyrri ára, reynt að halda því inni sem vel gekk og annað endurskoðað. Þrátt fyrir áherslur seinasta árs þá var tekin ákvörðun um að hafa sem mest af viðburðum í Odda og nota miðrymið sem mest, hugmyndin var að fá fjöldann saman og ná góðri stemmningu í skólanum. Okkur finnst að það hafi tekist að mörgu leiti. Að þessu sinni var ekki mikið um utanaðkomandi viðburði heldur var dagskráin mikið til byggð á viðburðum frá starfsfólki skólans og þeim tengdum. Það verður að hrósa kennurum og starfsfólki sérstaklega fyrir þeirra þátt, því án framlags þeirra væru þessir dagar ekki framkvæmanlegir. Íþróttakeppnin í lðu spilaði stórt hlutverk í dagskránni í ár eins og undanfarin ár. Þó nokkur umræða var innan nefndarinnar um hvernig best væri að skipuleggja íþróttakeppnina þannig að hún myndi ekki taka of mikið frá annarri dagskrá. Í ár eins og síðast liðið ár byrjuðu Kátudagarnir kl. 9:30 og var það gert til að

geta haldið inni keppni í þremur greinum, þar sem handboltaæfingar hefjast í salnum kl. 13:30 á miðvikudögum og því tímaramminn sem við höfum ekki mjög langur. Góð þátttaka var frá nemendum í öllum keppnum, brennó, körfubolta og fótbolta. Það sýndi sig því enn á ný að nauðsynlegt er að hafa kennara og nemanda í nefndinni til að halda sérstaklega utan um þennan stóra viðburð í dagskránni. Alls voru 16 lið skráð í allar greinar og eins og ávallt var keppni hörð og ekkert gefið eftir. Á miðvikudegi var keppt í körfubolta og brennibolta en á fimmtudegi var það fótbolti á heilan sal. Einhver ágreiningur var um skráningar í lið, en fyrir næsta ár er gott að skerpa enn frekar á reglum um leikmenn og skráningar. Íþróttakennarar sáu um að dæma á mótinu.

Nemendur sáu um að tala við fyrirtæki vegna styrkja fyrir happdrættis- og bingóvinninga og morgunverðarhlaðborð. Það gekk illa að fá matvæli eins og ost, smjör og álegg hjá matvöruverslunum staðarins. Þessar vörur voru því keyptar og greiddi nemendaráðið.

Mötuneytið seldi hádegismat á miðvikudeginum og nemendaráðið seldi pizzusneiðar í hádeginu á fimmtudeginum.

### **Þátttaka og nýbreytni:**

Það voru prentuð 600 vegabréf og 496 skiluðu sér í kassann í lok dagskrár á fimmtudeginum. Í ár héldum við áfram að vera með vinningspott fyrir þá sem skiluðu full útfylltu vegabréfi sem við teljum vera hvata til þátttöku.

Góð mæting var á flesta viðburði og sannaði það sig hversu mikilvægt er að hafa fjölbreytta dagskrá þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

### **Lykilatriði og dagskrá:**

Miðvikudagur 18. mars

Hefðbundin kennsla til 9:30 (ekki dagskrárliður)

Vegabréf afhent í tímum og í miðrymi Odda, lðu og Hamri – Kátudaganefnd – ýta undir að nemendur fái vegabréfin í tímanum á undan.

Flóafárssmiðja Trédeild – liðstjórar Flóafársliða sjá um skráningu – ekki mikil þátttaka, þarf sennilega að kynna betur fyrir Flóafársliðum.

Íþróttakeppni í lðu – körfubolti og brennó – mjög góð þátttaka.

Jeppaferð í umsjón Bogga – farið var inn á Landmannaafrétt, Dómadalsleið inn að Landmannahelli.

Prjónum saman – fyrir öll sem kunna að prjóna og þau sem vilja læra – margir kennarar komu að þessari stöð - var allan daginn og mjög vel sótt.

Leiklist – spuni með Guðfinnu – góð þátttaka.

Kósýstöð – litir, púsl, spil og spjall – umsjón Linda, Sigrún, Sóley – mjög vel sótt.

Access Bars: Slökun sem leið inn í betri líðan – umsjón Ida og Kristjana Hrund – vel sótt.

Hjartastöðin – jákvæð skilaboð og gula FSu hjartað – umsjón námsráðgjafar – mjög vel sótt.

Manntafl hjá Lalla Braga – Lalli á móti Grími – Grímur vann.

Fablab smiðja – límmiðagerð – umsjón Þuríður.

Félagsvist – umsjón Stephanie (nemandi), Ingunn og Sigríður Anna.

Vetrarleikar FSu – hestabraut – Sleipnissvæði – tókst vel.

Pílumót – miðrymi Odda – umsjón Ásgeir Örn (nemandi) – góð þátttaka.

Fjölnotapokar úr bolum – umsjón Guðbjörg, Solla og Sigríður – hefur verið betur sótt.

Hárvottanámskeið með Örnunni í hárdeild – endaði á fullri skráningu.

Skákmót – umsjón Ægir, Kjartan og Birgir – vel sótt.

Tölvuleikjamót – umsjón Skúli (nemandi), Pelle og Stefán.

Magic the Gathering: Commander mót – umsjón Pelle, Stefán, Kalli og Sölvi – vel sótt.

Kynning frá Sindra og þrautir – umsjón fulltrúar frá Rönning - var í miðrymi Odda og frábær þátttaka – nemandi vann borvél í skrufukeppni.

Mötuneyti með góðar og girnilegar freistingar.

Origami, litir og spil – umsjón Eva, Ragnhildur og Þorbjörg – vel sótt.

Hámhorf með Kristjáni og Alex sem sáu um það með aðstoð Evu.

Villi Naglbítur mætir með læti og kæti í sal skólans – eini keypti viðburðurinn, valinn af nemendum í Kátudaganefndinni, sem nemendaráð greiddi – tímasetningin kl.12:30 hugsuð til að hafa sem flesta í húsi og ekki missa nemendur heim eftir hádegismat – við teljum það hafa tekist þar sem Villi hóf skemmtunina með fullan sal en því miður höfðu hann ekki til allra nemenda og margir létu sig hverfa fljótlega.

Bingó – skemmtinefnd bauð í Bingó – vel sótt.

Fimmtudagur 19. mars

Morgunmatur í boði Kátudaganefndar – 150-200 manns mættu en við hefðum viljað sjá fleiri. Morgunmaturinn er unninn í frábæru samstarfi við Gurrý og nemendur hennar í grunnnámi matvæla og ferðagreina. Án þeirra gengi þetta ekki og kunnum við þeim bestu þakkir.

Flóafárssmiðja Trédeild.

Kveikjukrot myndlist – umsjón Ágústa og Solla – vel sótt.

Hjartastöðin – jákvæð skilaboð og gula FSu hjartað – umsjón námsráðgjafar – vel sótt en rólegra en á miðvikudeginum.

Björgunarsveit – kynning á starfinu og sígið niður af svölum annarar hæðar – mjög góð þátttaka.

Kynning frá Sindra og þrautir – umsjón fulltrúar frá Rönning – mjög góð þátttaka.

Langar þig í heimsreiðu – kynning frá Kilroy – ágæt þátttaka.

Íþróttakeppni í Iðu – fótbolti – mjög góð þátttaka.

Kósýstöð – litir, púsl, spil og spjall – umsjón Linda, Sigrún og Sóley – vel sótt.

Origami, litir og spil – umsjón Eva, Ragnhildur og Þorbjörg – vel sótt.

Hnútar með Sverri og Svani – ágætlega sótt.

Netskrafl og Orðla með Sissu.

Yoga Nitra – umsjón Solla – vel sótt.

Kórinn og Stefán með söng og opinn mæk – skemmtilegt uppbrot í miðrymi skólans.

Kahoot keppni í umsjón nemendafélags í salnum – góð þátttaka.

Lokahykku í Iðu – íþróttakeppni milli vinningsliða í íþróttakeppninni og kennara – nemendur unnu körfu- og fótbolta en kennarar brennó – vel sótt og ágæt skemmtun.

Skil á vegabréfum í kassa í anddyri Iðu.

### **Tillögur og lærdómur fyrir framtíðina:**

- Mikilvægt að taka umræðuna hversu mikið pláss íþróttakeppnin á að taka í dagskránni. Stór viðburður sem tekur óhjákvæmilega frá öðrum viðburðum.
- Það var ein kynning fyrir nýnema í Bragatíma 12. febrúar. Við teljum þessa kynningu vera of snemma, nemendur fylgjast illa með og eru búnir að gleyma. Einnig þarf kynningin að vera betur uppsett af hálfu Kátudaganefndar. Nefndin reyndi að kynna viðburði á samfélagsmiðlum skólans og á veggjum skólans en það skilaði sér illa til nemenda og voru þeir margir týndir og vissu ekkert hvað þeir áttu að gera. Hugmynd kom fram um að kynna dagskrána í Ergó tímum, þar væri góður vettvangur til að ná til allra, sýna þeim tilbúna dagskrá og útskýra vel hvernig þessir dagar ganga fyrir sig.
- Í framhaldi af punktinum fyrir ofan þá voru skráningar mjög lélegar í þá viðburði sem átti að skrá sig fyrirfram, nema íþróttakeppnina. Á miðvikudagsmorgun fylltist hinsvegar í nánast alla viðburði þegar dagskráin byrjaði sem flækti málin fyrir þá sem sáu um viðburðinn. Betri kynning fyrir nemendum gæti hugsanlega gagnast hér.

- Fyrirtæki eru ekki eins tilbúin að styrkja eins og áður, sérstaklega þau „stóru“ sem ekki eru rekin af heimafólki. Skoða hvernig hægt er að efla þetta samstarf t.d. með því að nemendafélagið auglýsi þá staði sem gefa. Fyrir næstu Kátudaga þarf að hugsa hvort og þá hvernig á að standa að morgunmatnum.
- Við fengum gefins:
  - Mandarínur og epli frá Krónunni.
  - Brauð og sætabrauð frá Almari bakara.
  - Brauð og sætabrauð frá GK bakarí.
  - Nemendaráð keypti:
    - Smjörva 10 box – ca. helmingur afgangs.
    - Skinka 15 box – ekki mikill afgangur.
    - Ostur 20 box – mjög mikill afgangur.
    - Bananar 20 stk.
    - Djús þykkni 10 flöskur – helmingur afgangs.
- Við veltum fyrir okkur hvort ætti að kenna fyrsta tímann á fimmtudögum til að fá nemendur í hús. Hlutfallslega fáir sem mættu í morgunmat en mætingin góð þegar viðburðir byrjuðu. Það endurspeglast í fjölda áritaðra vegabréfa.
- Á að hafa kaffhúsastemningu og tónlist í miðrymi Odda?
- Það eru of margir kennarar sem ekki taka þátt, því mikilvægt að það komi skilaboð frá stjórnendum (tímanlega) til starfsfólks og nemenda um hvað þessir dagar fela í sér og hver ber ábyrgð á hverju. Að það sé mætingarskylda þessa daga bæði fyrir nemendur og starfsfólk.
- Það þarf að huga vel að því að nóg sé af kennurum í íþróttahúsi til að aðstoða t.d. við áritanir, ruslatínslu, skrá stig, hafa hemil á nemendum o.fl.
- Afrakstur þessara daga gengur út á góða skipulagningu, dugnað og virkni fulltrúa nemenda í Kátudaganefnd. Það skiptir því miklu máli að þeir nemendur sem veljast í verkið séu tilbúinir að axla ábyrgð.

### **Náms- og starfsráðgjöf - skýrslu má finna á heimasíðu skólans.**

Starfslíð: Agnes Ósk Snorradóttir, Anna Fríða Bjarnadóttir og Bjarney Sif Ægisdóttir

## **Prófstjórn**

Prófstjóri: Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

**Haustannarpróf 2025:** Aðstoðarskólameistari skipulagði uppröðun prófa og sendi kennurum drög að próftöflu haustannar þann 23. september 2025. Þá óskaði hann eftir ábendingum og athugasemdum varðandi próftöflu. Endanleg próftafla var gefin út 30. september. Prófatíminn hófst fimmtudaginn 11. desember og lauk 12. desember. Mánudaginn 15. desember voru sjúkrapróf. Náms- og starfsráðgjafar sendu nemendum upplýsingar í nóvember um umsóknir um sérúrræði s.s. að taka próf í fámenni og/eða að fá hljóðpróf, taka próf í tölvu, o.fl. Umsóknarfrestur nemenda til að sækja um sérúrræði í prófi var auglýstur 8. nóvember og rann út 22. nóvember. Yfirsetutafla kennara var send út 4. desember. Taflan var unnin út frá fjölda nemenda sem komu til með að taka próf í áföngum, en oft berast þær fjöldatölur ekki fyrr en í blálök annarinnar. Þá er hægt að raða nemendum í stofur og sjá hversu mikil þörf er fyrir yfirsetu. Yfirsetutaflan var send kennurum í tölvupósti og hengd upp við kaffistofu kennara í Odda. Próftíminn var yfirleitt klukkutími, stundum 90 mínútur, en til viðbótar fá allir nemendur 45 mínútur til að ljúka við úrlausn. Í mörgum áföngum er sá háttur hafður á að nemendur þurfa ekki að þreyta lokapróf hafi þeir staðist námsmat annarinnar með fullnægjandi árangri. Fáir áfangar eru þess eðlis að allir nemendur taki lokapróf. Á haustönn 2025 voru 11 áfangar með próf í próftöflu. Einnig fóru fram munnleg próf í tungumálum. Þær umsóknir um sérúrræði í prófi sem voru samþykktar sneru að því að nemendur óskuðu eftir því að taka próf í fámenni, fá hljóðpróf, fá að taka próf í tölvu, fá stærra letur eða sérstakan lit á prófblöð. Kerfisstjóri hefur umsjón með prófum í tölvu og upptökum á lokaprófum, en einnig aðstoðar bókasafnsfræðingur kennara við upptökur. Að þessu sinni voru stofa 208 notuð fyrir sérúrræði í prófum.

**Vorannarpróf 2026:** Aðstoðarskólameistari sendi kennurum drög að próftöflu vorannar 18. febrúar 2026. Þá óskaði hann eftir ábendingum og athugasemdum varðandi próftöfluna. Endanleg próftafla var gefin út 25. febrúar. Prófatíminn hófst föstudeginum 15.maí og lauk þriðjudaginn 19.maí. Miðvikudaginn 20 maí voru sjúkrapróf. Náms- og starfsráðgjafar sendu nemendum upplýsingar í apríl um umsóknir um sérúrræði s.s. að taka próf í fámenni og/eða að fá hljóðpróf, taka próf í tölvu, o.fl. allt var samþykkt nema hljóðpróf í stærðfræði, en kennarar lásu upp verkefnin fyrir þá sem þess óskuðu. Yfirsetutafla var send kennurum miðvikudaginn 13. maí. 17 áfangar voru skráðir með lokapróf í próftöflu, auk þess voru munnleg próf í tungumálum. Að þessu sinni voru stærðfræðikennarar yfirsetar í eigin prófum, sumir voru frekar ósáttir við það fyrirkomulag. Það komu upp vangaveltur um prófskráningarmiða, hvort þeir væru nauðsynlegir og einnig hvort það væri kannski betra að hver og einn kennari tæki ábyrgð á fjölrítun prófa fyrir sína nemendur í stað þess að fela húsverði og skrifstofustjóra það hlutverk. Eftir umræður var niðurstaðan sú að prófskráningarmiðar væru nauðsynlegir, það hefur komið fyrir að nemendur taki próf með sér og þá er gott að vera með sönnun fyrir að viðkomandi hafi mætt. Betra er að hafa annan yfirseta í stærðfræðiprófum en kennarann. Það er hins vegar góð breyting að láta hvern kennara prenta út réttan eintakafjölda prófa og hafa að auki til frumrit í kassa bak við eldvarnardyrrnar á skrifstofu a.m.k 2 dögum fyrir próf. Þannig verður hægt að ljósrita próf í óvæntum aðstæðum.

**Skrapppróf veturinn 2025-26.** Á skólaárinu voru auk hefðbundinna lokaprófa haldin svokölluð skrapppróf fyrir þá nemendur sem misst höfðu af skriflegum kafla-/lotuprófum. Kennarar óskuðu eftir skrappprófi fyrir hönd nemenda sinna og þeir kennarar sem sinntu yfirsetu í skrappprófum var ekki úthlutað yfirseta í lokaprófum. Skrappprófin voru þrjú og haldin dagana 7. nóvember, 18. febrúar og 24. apríl. Mikil aðsókn var í þetta úrræði en hver og einn nemandi getur aðeins þreytt próf í einu fagi. Á næsta ári er fyrirhugað að bjóða upp á heila námsmatsdaga yfir önnina sem geta rúmað fleiri próf fyrir hvern nemenda auk verkefnavinnu, munnlegra prófa og mögulega vettvangsferða.

### **Sérnámsbraut**

Sviðsstjóri: Jónína Ósk Ingólfssdóttir

### **Sérnámsbraut**

Sviðsstjóri: Jónína Ósk Ingólfssdóttir

Skólaárið 2025- 2026 var starfsár númer 34 hjá sérnámsbrautinni í FSu. Í upphafi haustannar voru 87 nemendur skráðir á brautina, þar af 35 nýnemar. Mikið var um tilfæringar nemenda í upphafi annar og endaði fjöldinn í 75 nemendum við lok haustannar. Einn nemandi bættist við um áramót. Það voru svo 72 nemendur sem luku vorönninni.

Jónína Ósk Ingólfssdóttir starfaði sem sviðsstjóri brautarinnar en vegna fjölgunar nemenda á brautinni voru ráðnir inn þrír nýjir sérkennarar og einn þroskaþjálfari. Við brautina störfuðu því þetta skólaár 10 sérkennarar, tveir þroskaþjálfarar og einn leiðbeinandi.

Breytingar urðu á starfsmannahópnum um áramótin en báðir þroskaþjálfarnir fóru til annarra starfa en ekki tókst að ráða aðra í þeirra stað. Í staðinn stigu sérkennarar brautarinnar inn og nýttu sína sérþekkingu í vinnu með nemendum.

Á haustönn störfuðu 4 stuðningsfulltrúar á brautinni í 60-100% stöðum, en breytingar urðu á vorönn þar sem einn stuðningsfulltrúi hætti og voru ráðnir inn tveir nýjir. Á vorönn voru því 5 stuðningsfulltrúar í 4,20 stöðugildum.

### **Kennarar og áfangar á sérnámsbraut skólaárið 2025- 2026**

Kennarar af sérnámsbraut- \*Áfangi utan brautar

<b>Nafn kennara</b>	<b>Haustönn 2025</b>	<b>Vorönn 2026</b>	<b>Nafn kennara</b>	<b>Haustönn 2025</b>	<b>Vorönn 2026</b>
Eva Dögg Jafetsdóttir	BRAG1XA01 FÉLA1SX02	ENSK1SX05 FÉLA1SX02	Sigríður Gunnarsdóttir	BRAG1XA01 ENSK1XB05	FÉLA1XC04 FILM1SX02

	KYNJ2GR05* NÁTT1SX04	KYNJ2GR04* LOKA1SX04 UMHV1SU05*		ÍSLE1XD05 STÆR1XD05	ÍSLE1XA05 STAS1XA02
Guðmundur Björgvin Gylfason	FÉLA1SA05* NÁTT1SX04 STÆR1XD05 STÆR1XE05	FÉLA1FX02 STÆR1XA05 STÆR1XE05 UMHV1SU05*	Sigríður Rós Sigurðardóttir	BRAG1XA01 ENSK1XB05 SPIL1XA02 STÆR1XD05	ENSK1XC05 FILM1SX02 ÍSLE1XA05 ÍÞRÓ1SS02 STÆR1XA05
Hafdís Guðrún Garðarsdóttir	Námsleyfi	Námsleyfi	Sigrún Þorkeldsdóttir	ÍSLE1XD05 SPIL1XA02 STÆR1XD05	FÉLA1XC04 STÆR1XA05
Halldóra B. Guðmundsdóttir	BRAG1XA01 ENSK1RX05* ENSK1XB05 FÉLA1SA05* NÁTT1SX04	ENSK1RX05 ENSK1XC05 FÉLA1XD01 ÍSLE1SX02 STAS1XA02 ÖKUN1SA02	Þorbjörg Lilja Jónsdóttir	ENSK1XB05 ÍSLE1XD05 NÁTT1SX04	ENSK1XC05 FÉLA1XC04 ÍSLE1XA05
Linda Rut Larsen	ÍSLE1XD05 KVIK1SX02 STÆR1XA04	FÉLA1XC04 ÍSLE1XA05 KVIK1SX02 SPIL1XA02 STÆR1XA05	Þórunn Sif Ólafsdóttir	FÉLA1SA05* ÍSLE1XD05 LÍFS1XV10	ÍSLE1SX02 LÍFS1XV02 LÍFS1XV04 UMHV1SU05*
Ragnhildur Þorsteinsdóttir	ENSK1XA05 ENSK1XB05 ÍSLE1SX05 ÍSLE1XA05	FÉLA1XC04 FÉLA1XD02 ÍSLE1XA05 NÁTT1XD02			

	ÍSLE1XC05 STÆR1SX05	SAGA1JX02			
--	------------------------	-----------	--	--	--

### Kennarar af almennum brautum (27)

Nafn kennara	Haustönn 2025	Vorönn 2026	Nafn kennara	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Anna Kristín Valdimarsdóttir	MYNL1SX0 2  MYNL1SX0 5	MYNL1SX0 2  MYNL1SX0 5	Jón Sigursteinn Gunnarsson	TRÉS1SX02	
Ágústa Ragnarsdóttir	MYNL1SX0 5		Karl Sigtryggsson	ENSK1RX0 5	ENSK1RX0 5
Axel Benediktsson	SPIL1XB02  SPIL1XC02	SPIL1XB02  SPIL1XC02	Kristjana Hrund/Filippía	ENSK1RX0 5	ENSK1RX0 5
Ásdís Björg Ingvarsdóttir	ÍPRÓ1PX02	ÍPRÓ1PX02	Kristjana Hallgrímsdóttir	ÍSLE1RX05	ÍSLE1RX05
Guðbjörg Bergsveinsdóttir	FATN1SX05	FATN1SX0 5	Kristjana Sigríður Skúladóttir	STÆR1RX0 5	STÆR1RX0 5
Brynja Ingadóttir		ÞÝSK1XA04	Sigurbjörn Már Valdimarsson	TÓNL1SX0 2	TÓNL1SX0 2
Freyja Hilmarsdóttir		REIM1SX02	Lárus Bragason	SAGA1SX0 2	
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir	STÆR1RX0 5	STÆR1RX0 5	Magnús Tryggvason	MÁLM1SX0 2	MÁLM1SX0 2
Guðmundur Garðar Sigfússon	ÍPRÓ1BX02  ÍPRÓ1XE01	ÍPRÓ1PX02	Óskar Guðbjörn Jónsson	TRÉS1SX02	
Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir	SPÆN1SX0 4		Óskar Helgi Guðnason	TRÉS1SX02	TRÉS1SX02

Helga Sigurðardóttir	MATR1SX0 2	BAKA1SX0 2	Sabína Steinunn Halldórsdóttir	ÍÞRÓ1ÞX02	ÍÞRÓ1GX0 2
	MATR1SX0 5	MATR1SX0 2			
		MATR1SX0 5			
Ingunn Helgadóttir	STÆR1RX0 5	STÆR1RX0 5	Stefán Hannesson	ÍSLE1RX05	ÍSLE1RX05
Johannes Amplatz		HEST1SX0 2	Sverrir G. Ingibjartsson	ÍÞRÓ1GX0 2	
			Þóra Valdís Hilmarsdóttir	HÁRG1SX0 2	

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu:

Aukin var notkun á raddupptökum og unnið markvissara með upplestur og gervigreind til að búa til hæfniramma fyrir einkunnabætti. Ýmist hlutbundið stærðfræðiefni notað og keyptar stærðfræðibækur/efni af netinu sem nýttist í einstaklingskennslu og í litlu hópunum.

Nokkrir nýjir áfangar voru prufukeyrðir á skólaárinu en það voru: afbrotufræði, dýr og náttúra, Eurovision, fólk og fjölmiðlar, snillingastund, Manga og animee, sund og samvera, pílukast og lokaáfangi fyrir útskriftarnemendur. Flestir reyndust vel og verða kenndir áfram.

### Námskeið sem kennarar hafa sótt:

- Lífsgæði í framhaldsskólum- Félag sérkennara á Íslandi.
- Hegðunarvandi, samskipti, ofbeldi og áskoranir í skólastarfi- Félag sérkennara á Íslandi
- Þrískóladagurinn í FS
- Lykillinn að líðan- barna og unglunga- Málþing Epsilondeildar DKG
- Innleiðum aðgengilegt og inngildandi umhverfi fyrir skóla og vinnustaði. Fyrirlestur frá Harts (tvö skipti)
- Sérkennsluráðstefna á vegum Félags sérkennara á Íslandi
- Gervigreind í kennslu- Skólaþróunarteymi FSu
- Leiðtogar í skóla án aðgreiningar í fjölmenningsarsamfélagi- námskeið við menntavísindasvið HÍ
- Málþing ADHD samtakanna

- Tjaskiptaforritið TD Snap Grunnnámskeið TMF- Tölvumiðstöðin
- Starfsþróunardagur í MK á vegum FÁ
- Designing Inclusive Learning Environments to Support all Students, námskeið haldið í Flórens
- Erindi frá Samtökunum '78
- Kennslufræði og skipulag stoðþjónustu- námskeið við menntavísindasvið HÍ
- Menntafléttan Málþing- Skólaforðun
- Greiningarstöðin: Vorráðstefna 2026, Sköpum tækifæri- þátttaka og framtíð fatlaðra barna
- Námsferð til Toronto

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Þar sem kennslan á sérnámsbrautinni er miðuð út frá getu hvers og eins er stöðugt verið að aðlaga, breyta og bæta námsefni. Sú vinna er alltaf í gangi.

Unnið var nýtt námsefni í ensku þar sem námsefnið var flokkað eftir hæfnivíðmiðum. Kennsluáætlanir uppfærðar og áfangar aðlagðir að námshópum.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Starfsáætlun sérnámsbrautarinnar fyrir haustið 2026 er ennþá í vinnslu. Fyrir liggja umsóknir frá 22 nemendum. 12 nemendur útskrifuðust af sérnámsbrautinni vorið 2026, 4 nemendur eftir þrjú ár og 10 eftir 4 ár hjá okkur. Tveir nemendur ákváðu að fara alfarið í fjarnám við aðra skóla. Því má reikna með að 80 - 82 nemendur hefji nám á sérnámsbrautinni haustið 2026 sem er í það mesta út frá aðstöðunni sem við höfum.

Kennslufyrirkomulag næsta skólaárs verður með svipuðu sniði og verið hefur. Nemendahópurinn verður ansi fjölbreyttur, allt frá nemendum með miklar þjónustuparfir og einstaklingskennslu að nemendum sem eru mjög sjálfstæðir og þurfa litla sem enga aðstoð utan kennslustunda.

Einhverjar breytingar verða í starfsmannahópnum en einn sérkennari fer í launalaust leyfi og annar snýr til baka úr námsleyfi. Einnig er áætlað að ráða sérfræðing á brautina í stað þroskaþjálfar þar sem enginn sem sótti um uppfyllti skilyrði. Eins verða töluverðar breytingar í hópi stuðningsfulltrúa en þegar þetta er skrifað er auglýsing í gildi og ekki farið að vinna úr umsóknum.

### **Annað**

Skólaárið var nokkuð hefðbundið og gekk heilt yfir nokkuð vel. Ekki var mikið um breytingar á skipulagi brautarinnar en alltaf er verið að leita leiða til að betrumbæta það sem fyrir er.

Nemendafjöldinn verður rúmlega 80 næsta haust sem er sá hámarksfjöldi sem talið er að brautin beri þannig að við ráðum vel við. Á hverju skólaári kemur upp umræða um hvort brautin eigi að fylgja stökkakerfi skólans eða vera með samfelldan skóladag. En til þess að það gæti gengið upp þá vantar eina kennslustofu fyrir brautina. Það eru kostir og gallar við báðar leiðir en kostir brautarinnar hafa hingað til verið þeir að með því að fylgja stökkakerfinu fáum við aðgang að faggreinakennurum og stofum þeirra í verknáminu sem hentar mjög stórum hópi nemenda okkar.

Vegna fjölgunar nemenda haustið 2025 var gripið til þess ráðs að stækka námshópana og voru allt upp í 11 nemendur í námshópum. Það er okkar mat að hóparnir hafi verið of stórir þar sem öll kennsla sé einstaklingsmiðuð og í svona stórum hóp hafi reynst erfitt að uppfylla námslegar þarfir nemenda. Eitt af því sem hefur áhrif á þetta er að kennslurýmið eru lítil og þjónustuparfirnar eru flóknar.

Mikið og gott samstarf er við allt stoðkerfi skólans og njótum við góðs af því að geta leitað til fagaðila hér innanhúss. Mest hefur samstarfið verið við skólafélagsráðgjafann þar sem hann er tengiliður inn í farsældina og gegnir stóru hlutverki í að stuðla að velferð okkar nemenda. Sú samvinna heldur áfram og í sameiningu erum við alltaf að móta og bæta það vinnulag sem við vinnum með.

### **Sjálfsmat – skýrslu má finna á heimasíðu skólans.**

Sjálfsmatsnefnd: Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir, Guðfinna Gunnarsdóttir og Sigursveinn Sigurðsson

### **Sjúkraliðabraut**

Umsjón: Íris Þórðardóttir

### **Kennarar og áfangar**

	Haustönn 2025	Vorönn 2026
Íris Þórðardóttir	HJVG1VG05 LÍBE1HB01 SASK2SS05 VINN3GH08	LÍOL2SS05 SJÚK2MS05 VINN3ÖH05
Sigrún Ina Ásbergisdóttir	HJÚK1AG05	HJÚK3ÖH05 SÝKL2SS05

Sigrún Ina tók við allri kennslu á haustönn frá 6 .okt. – nema VINN3GH08 sem var lokið.

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**

Íris notaði mentimeter.com til að klára hvern kafla með smá upprifjun. Reyndist ágætlega.

Sigrún notaði Kahoot til undirbúnings fyrir lokapróf í sýklafræði. Það reyndist vel. Hópurinn heimsótti bráðamóttöku og lyflækningadeild HSu í lok annarinnar og vonast er til að samstarf geti hafist á milli FSu og HSu.

### **Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**

Allir fjórir bóklegu áfangarnir sem við kennum, enda með lokaprófi. Stöðupróf, þrjú stöðupróf í hvorum áfanga, hjá Sigrúnu, yfir önnina, eitt hjá Írisi. VINN3GH05 er verknámsáfangi þar sem tengill af deild gefur lokaeinkunn í samráði við kennara

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Einmannaleiki -fyrirlestur og kynning á bók – Aðalbjörg S. Helgadóttir (Íris)

Líkaminn geymir allt – umfjöllun um kenningar Bessel Van Der Kolk. HR (Íris)

Námskeið um gerð námsgagna hjá Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu (Sigrún Ína).

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Komin ný bók í sýklafræði

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Fundur með stjórnendum skólans þar sem farið er yfir kennslugögn og muni sem notaðir eru til verklegrar kennslu

### **Skólastarf í fangelsum - skýrslu má finna á heimasíðu skólans.**

Kennslustjóri: Gylfi Þorkelsson

### **Skýrsla alþjóðafulltrúa**

Alþjóðafulltrúi: Sigríður Guðmundsdóttir

Í upphafi starfsársins 2025–2026 fór Eyrún Björg Magnúsdóttir í námsleyfi og Sigríður Guðmundsdóttir tók við starfi alþjóðafulltrúa. Eyrún Björg skilaði einstaklega góðu búi og öfluggu starfi. Var því bæði áskorun og mjög ánægjulegt að taka við starfinu af henni.

Alþjóðastarf á liðnu starfsári var mjög öflugt og sérstaklega jákvætt hversu margar ferðir voru farnar með nemendum í skóla- og námsferðir, eða önnur samskólaverkefni á erlendri grundu. Erasmus+ verkefni voru fyrirferðamest, en þó ber að nefna að skólinn tekur þátt í Nordplus verkefni og einnig var ferð umhverfisnefndar skólans til Evrópuþingsins í Strassborg, í byrjun sumars 2025, fjármögguð með styrkjum og vinnu nemenda, auk Erasmus+ styrks.

Markmið Erasmus+ áætlunar ESB er að tengja íbúa innbyrðis og að stuðla að samvinnu þeirra innan samstarfslanda ESB. Einnig er markmið áætlunarinnar að efla þátttakendur faglega. Sama má segja um Nordplus á vettvangi norræns samstarfs. Því til viðbótar má fullyrða að stofnanasamningur FSu og almennt viðhorf skólastjórnenda og starfsmanna sé mjög hvetjandi fyrir alla endurmenntun og er þátttaka í verkefnum eftir því góð.

Samkvæmt nágildandi áætlun Erasmus+ er mikil áhersla lögð á námsferðir nemenda, skuggakennslu kennara, en nokkrar takmarkanir komnar á námskeiðsferðir kennara og starfsfólks. Nú er hámarksfjöldi kennara/starfsmanna frá einstakri stofnun á sama námskeið þrjú, einnig mega námskeið ekki vera meira en nemur 50% af heildarúthlutun hvers tímabils, sem telur frá júníbyrjun til ágústloka komandi árs.

Stöðug eftirspurn er eftir samstarf við okkur frá skólum víðs vegar um Evrópu, mest er um skuggakennslu (job-shadowing) að ræða og einnig nemendaheimsóknir. Við tókum á móti nokkrum skólum á skólaárinu, en þurftum að vísa ansi mörgum frá. Vonir standa til að ná betur utan um slík verkefni á komandi skólaári, með því að miða betur við þarfir kennara og nemenda FSu og mögulegt framtíðarsamstarf við skóla erlendis.

Ljóst er að slíkar heimsóknir hafa gefið góða raun og leitt til nemendaskipta og frekara samstarfs, s.s. samstarf FSu og Tækniskóla í Tarbe í Frakklandi. Rafdeild í samstarfi við fyrirtæki á Selfossi tók á móti tveimur nemendum frá þeim og fóru kennarar deildarinnar og FabLabs í skuggakennslu til þeirra á skólaárinu. Markmiðið er að nemendur okkar geti einnig farið til þeirra í nám, en öll aðstaða þeirra er til mikillar fyrirmyndar. Það er einnig sérstök ástæða til að fagna ferðalagi kórs FSu til Ítalíu. Þetta var mikið þrekvirki undir styrki stjórn kórstjóra, Stefáns Þorleifssonar. Ferðin var unnin í samstarfi við danskan skóla og listaakademíu á Ítalíu. Til að undirbúa nemendur fyrir sameiginlegan listflutning var tæknin notuð og kórar og listamenn æfðu samsöng í gegnum netið, meðal annars. Nemendur okkar tóku þátt í opinberum tónleikjum með dönsku og ítölsku flytjendunum og var þetta að sögn mjög lærdómsríkt, skemmtilegt og mikil vinna.

Komið er á nokkuð styrkt samstarf á milli hestabrautar og skólans í Wången, Svíþjóð og áform um frekara samstarf þeirra á milli.

Gott samstarf hefur myndast við fjölda skóla og kennarar og nemendur FSu eru farnir að átta sig á þeim möguleikum sem felast í Erasmus+ samstarfinu. Þetta eykur sannarlega við þann faglega metnað og styrk sem hefur ávallt einkennt FSu. Samstarf þvert á lönd og þjóðir eflir alltaf menningarlegan skilning og dýpt fyrir þá sem að því koma. Mikilvægt er samt að hafa í huga að allt alþjóðasamstarf er mikilvægt og full ástæða til að reyna líka að opna möguleika á samstarfi við aðila utan Evrópu, eftir því sem tækifæri gefast til.

AFS á Íslandi hefur leitast eftir samstarfi við FSu innan ramma Erasmus+ samstarfs og verður vonandi betra andrými á komandi skólaári til að sinna því og kynna fyrir nemendum.

Sem skóli á landsbyggðinni sóttum við um viðbótarfjármögnun vegna færri tækifæra í sumarferðirnar (fewer opportunities), sem endurspeglar raunverulegar aðstæður okkar og aðgengi að verkefnum.

Á komandi skólaári væri óskandi að fleiri kennarar geti farið í skuggakennslu, og þarf alþjóðafulltrúi að vinna í því, ásamt skólustjórnendum. Reynslan sýnir að námskeið eru orðin þekkt form en skuggakennsla virðist krefjast meiri stuðnings og hvatningar.

Nú er að verða komin nokkur reynsla á starf alþjóðafulltrúa og það umfang sem Erasmus+ verkefni fela í sér. Það eru alltaf ákveðin áskorun að taka við nýju hlutverki og er í mörg horn að líta. Augljóst er að umfang þessarar verkefnastjórnar er töluvert og þarf að skoða betur hver raunverulegur tímafjöldi og vinnuframlag vegna verkefnisins er og endurmeta hvornig greitt er fyrir starfið.

Stærsta áskorunin er að vinna að raunhæfum áætlunum um alþjóðlegt samstarf og nemendaferðir, skuggakennslu og námskeið og að starfsfólk skólans og skólustjórnendur marki sér skýra stefnu í því til framtíðar, sem liggur þá til grundvallar styrkumsóknum okkar í sjóði Erasmus+. Einnig er mikilvægt að við sem skólasamfélag höldum áfram að leita tækifæra til samstarfs utan Erasmus+ styrkjakerfisins, lokum ekki augunum fyrir hinum stóra heimi, né verðum of háð einum einstökum styrkveitanda.

### **Yfirlit yfir ferðir og heimsóknir á skólaárinu:**

#### *Ferðir á Erasmus+ styrk - Verknámshluti:*

Nóvember 2025

- Skólaheimsókn grunnbrautar matvæla- og ferðagreina til Álaborgar: Guðríður Egilsdóttir og Þórir Erlingsson, ásamt 6 nemendum.
- Ráðstefna í Norður Makedóníu um fangelsiskennslu: Gylfi Þorkelsson.
- Námskeið á Tenerife: Eyrún Björg Magnúsdóttir.

Janúar 2026

- Samskólaverkefni skólakórs FSu í Alba, með dönskum og ítölskum nemum: Stefán Þorleifsson og 40 kórfélagar.

Mars 2026

- Ferð nemenda og kennara rafdeildar á sýningu í Frankfurt: Þór Stefánsson, auk fjögurra kennara og níu nemenda.

- Skuggakennsla rafdeildar í Tarbe, Frakklandi: Jóhann Snorri Bjarnason, Guðmundur Bjarnason, Jón Sveinberg Birgisson, Þór Stefánsson, Magnús Stephensen Magnússon.

- Námskeið kennara af sérnámsbraut í Flórens: Eva Dögg Jafetsdóttir, Ragnhildur Þorsteinsdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir.

Apríl 2026

- Skólaheimsókn hestabrautar til Wången: Johannes Amplatz, Brynja Valgeirsdóttir og sex nemendur.

Maí 2026

- Skólaheimsókn og námsferð hár- og snyrtideildar til Adeje, Tenerife: Elínborg Arna Árnadóttir, Eyrún Björg Magnúsdóttir og tólf nemendur.

*Ferðir á Erasmus+ styrk - Bóknámshluti:*

Júní 2025

- Ráðstefnuferð umhverfisnefndar FSu til Evrópuþingsins í Strassbourg: Hekla Þöll Stefánsdóttir, Sölvi Snær Jökulsson, Anna Kristín Valdimarsdóttir, Þórunn Sif Ólafsdóttir, auk tíu nemenda.

Mars 2026

- Skólaheimsókn dönskudeildar til Kaupmannahafnar: Ida Lön og 22 nemendur.

Júní – ágúst 2026

- Námskeið í Krakow, Póllandi: Guðmundur Björgvin Gylfason

- Námskeið í Barcelona, Spáni: Sigprúður Harðardóttir.

Nordplus

Apríl 2026

- Nemendaferð til Karjaa í Finnlandi: Ester Ýr Jónsdóttir og sex nemendur.

*Heimsóknir erlendra samstarfsskóla til okkar sem fóru í gegnum alþjóðafulltrúa voru eftirfarandi:*

Október 2025:

- 3 kennarar og 12 nemendur frá Gail-S.-Halvorsen-Schule, Berlín, Þýskalandi.

- 3 kennarar frá DPFA-Regenbogen-Musterschule Chemnitz, Þýskalandi.

- 2 spænskir kennarar sem voru í skuggakennslu hjá barnaskóla Stokkseyrar og Eyrarbakka komu í heimsókn til okkar.

Febrúar 2026

- 5 nemendur af háskólastigi hestaskóla Wången, Svíþjóð.

Mars 2025

- 4 nemendur af framhaldsskólastigi hestaskóla Wången, Svíþjóð.

### **Skýrsla jafnréttisnefndar**

Jafnréttisfulltrúi: Karl Sigtryggsson

Nefndarmeðlimir: Filippía Huld Helgadóttir og Pelle Damby Carøe

Karl tók við starfi jafnréttisfulltrúa um miðjan október, 2025. Þá var töluvert liðið á haustönn og því komu ekki mörg verkefni á borð jafnréttisfulltrúa þá önn.

Rætt var við stjórnendur um að koma á fót jafnréttisnefnd nemenda og hvernig best væri að útfæra það starf. Smíðaður var rammi utan um hvernig slík nefnd gæti litið út og skilað til stjórnenda. Ákveðið var að bjóða upp á þátttöku í nefndinni í upphafi vorannar 2026. Í grunninn var hugmyndin að virkja nemendur til þátttöku við að stuðla að auknu jafnrétti í FSu. 10 pláss voru í boði. Nemendur fengju eina einingu fyrir þátttöku og þyrftu að skila bæði góðri mætingu og virkni til að vinna sér inn þessa einingu.

Því miður var lítill áhugi á meðal nemenda fyrir slíkri nefnd. Nefndin var auglýst á öllum helstu samfélagsmiðlum og með auglýsingum á veggjum skólans. Við leggjum til að reynt verði aftur í upphafi haustannar 2026.

Á vordögum voru Hinsegin dagar haldnir hátíðlegir í Árborg og var FSu virkur þátttakandi í þeim. Ýmislegt skemmtilegt átti sér stað í skólanum. Nemendur í kynjafræði gerðu veggspjöld með gagnlegum upplýsingum og hvetjandi skilaboðum í tengslum við hinseginleikann. Fræðsluerindi frá S78 var haldið á sal skólans. Nemendaráð bauð upp á regnbogaköku. Gangur stjórnenda var skreyttur regnbogalítunum. Mötuneytið tók virkan þátt. Húsvörður skreytti skólann með regnbogalítuðum regnhlífum. Auglýsingar voru settar á samfélagsmiðla. Mælir nefndin með að þessu verið haldið áfram en að fræðslan verði færð yfir í t.d. Bragatíma. Dræm mæting var á annars góða og mikilvæga fræðslu. Botninn var síðan sleginn í vikuna stuttu síðar þegar nemendur af listnámsbraut máluðu regnbogafánann við aðalanddyri skólans.

Reynt var að fá fræðslu í lok skólaárs fyrir starfsfólk en því miður tókst það ekki. Jafnréttisnefnd þótti þó tilefni til að vera með fræðslu fyrir starfsfólk í ljósi þess að bakslag hefur orðið í bæði viðhorfum til hinsegin fólks og fólks af erlendu bergi brotið, hjá bæði yngra og eldra fólki.

Jafnréttisfulltrú ræddi undir lok annar um starfslýsingu jafnréttifulltrúa og hvernig best væri að háttu þessu hlutverki innan skólans. Engin niðurstaða varð í þessu samtali en eitthvað sem verður skoðað af skólameistara.

### **Skýrsla félagslífs- og forvarnarfulltrúa**

Félagslífs- og forvarnarfulltrúar: Anna Kristín Valdimarsdóttir, Ingunn Helgadóttir og Tómas Davíð Ibsen

### **Skýrsla félagslífs- og forvarnarfulltrúa**

Ingunn Helgadóttir og Anna Kristín Valdimarsdóttir byrjuðu skólaárið sem félagslífs- og forvarnarfulltrúar en vegna veikinda Ingunnar kom Tómas Davíð Ibsen inn á meðan. Anna Kristín hætti störfum um áramót og þá kom Tómas alfarið inn og kláraði árið með Ingunni.

### **Stjórn NFSu 2025– 2026 var skipuð:**

#### **Miðstjórn**

Markaðs- og kynningarfulltrúi: Áslaug Rún Davíðsdóttir

Formaður rit- og málfundafélags: Valgeir Gestur Eysteinnsson

Formaður skemmtinefndar: Dagmar Sif Morthens

Formaður íþróttaráðs: Ásgeir Örn Sverrisson

Formaður nýnema: Adam Daniel Konieczny

Samskiptafulltrúi: Guðrún Birna Kjartansdóttir

Formaður Sælunnar: Sigmar Freyr Símonarson

Vara gjaldkeri: Ásdís Magnúsdóttir

#### **Aðalstjórn**

Formaður: Daníel Smári Björnsson

Varaformaður: Hrafnkell Örn Blöndal Barkarson

Gjaldkeri: Jón Hafdal Þorvaldsson og Ægir Sigurðsson kennari

#### **Viðburðir:**

#### **Árshátíð/böll**

Þann 18. september var nýnemaball haldið í Hvíta húsinu á Selfossi. Þemað á ballinu var RAVE en fram komu listamennirnir DJ Svabbzter, Slysh, Sælan, Daniil og Páll Óskar. Ballið var einstaklega vel heppnað og fór vel fram eins og aðrir viðburðir

nemendafélagsins á skólaárinu. Björgunarsveit Árborgar sá um gæsluna ásamt kennurum en það hefur reynst mjög vel á síðustu böllum NFSu. Allir einstaklingar í gæslunni eru yfir 25 ára og leysa verkefnið af fagmennsku. Útisvæðin voru einnig með tvöfaldri girðingu sem einfaldar alla gæslu til muna. Edrúpottur var á nýnemaballinu og þátttaka góð.

Árshátíð nemenda var einnig haldin í Hvíta húsinu þann 11. febrúar og ball var haldið í framhaldi af borðhaldinu. Þátttaka var mjög góð bæði á ball og í borðhaldi og allir skemmtu sér konunglega. Notast var við sömu gæslu og á nýnemaballinu og gekk samstarfið vel. Útisvæðið var með sama hætti og á nýnemaballinu. Það sem hafa má í huga fyrri næstu árshátíð er að óþarfi er að vera með dýra veislustjóra því tíminn er svo naumur og nemendur eru að fara heim til að skipta um föt á milli árshátíðar og ballsins. Veislustjórar að þessu sinni voru Naflinn og Gugga í gúmíþát. Listamenn sem komu fram á ballinu voru Stefán Hilmarsson, Koppafeiti, Elvar og Tónhylur.

Tekin var sú ákvörðun að vera ekki með lokaball að þessu sinni því erfitt var að finna góða dagsetningu þar sem mikið var af frídögum eftir páska. Á lokaballinu árinu áður seldust ekki margir miðar og taldi nemendafélagið að aðsóknin yrði ekki betri í ár.

### **Kvöldvökur**

Tvær kvöldvökur voru haldnar á skólaárinu, ein á haustönn og önnur á vorönn. Fyrir áramót var nýnemakvöldvaka í sal skólans sem vel var mætt á og nemendur fóru kátir og glaðir heim. Super Bowl kvöldvaka var svo haldin 8. febrúar í Pakkhúsinu á Selfossi. Nemendafélagið og umsjónarmenn Pakkhússins keyptu veitingar og var mikil stemning. Almenn ánægja var með þessar kvöldvökur en mætingin á þær var allt að 100 manns. Þessar kvöldvökur náðu til ákveðin hóps nemenda sem tekur ekki endilega þátt í öðrum viðburðum.

### **Miðvikudagsgöt**

Miðvikudagsgötin voru í höndum formanns íþróttaráðs, Ásgeirs Arnar Sverrissonar. Hann skipulagði fjölbreytta viðburði sem voru ekki kostnaðarsamir.

### **Gettu betur**

Gettu betur lið FSu starfaði undir leiðsögn Stefáns Hannessonar líkt og síðastliðin skólaár. Stefán hafði sér til halds og trausts, Heimi Árna Erlendsson sem var í Gettu betur liðinu árin á undan. Gettu betur lið skólans var skipað, Valgeiri Gestu Eysteinessyni, Hrafnhildi Svövu Hemmert Sigurðardóttur og Hjálvari Vilhelm Rúnarssyni. Liðið stóð sig frábærlega og komust í undanúrslit en lutu í lægri hlut fyrir sterku liði Menntaskólans í Reykjavík.

### **Íþróttavika**

Í september var haldin íþróttavika þar sem nemendafélagið fjárfesti í borðtennisborði og var haldið borðtennismót við mikinn fögnuð. Borðtennisborðið hefur verið mikið nýtt og vakið mikla lukku meðal nemenda skólans. Einnig var haldið pílumót var þátttakan frábær, á bilinu 100-150 nemendur sem tóku þátt. Má nefna

að borðtennisborð eru bæði í Hamri og Odda og einnig er píluspjald í Hamri. Einnig var keppt í armbeygjukeppni og skutlukeppni ásamt því að boðið var upp á kynningu á torfæruakstri. Var þessi vika haldin að tilefni íþróttaviku Evrópu og var mikil ánægja með hana hjá nemendum.

### **Góðgerðavikan**

Góðgerðavikan var haldin í október og var einstaklega vel heppnuð að vanda. Nemendur og kennarar tóku virkan þátt og gengust við ýmiskonar áskorunum. Frábær stemning var í skólanum þessa viku og viljum við þakka samkennurum okkar sem hjálpuðu okkur að gera þessa viku svona skemmtilega. Að þessu sinni náðist að safna 420.000 kr. til styrktar SÁÁ samtökunum. Fyrirkomulag góðgerðavikunnar var með sama hætti í ár og síðustu tvö ár þar sem nemendafélagið setti upp áskoranir að tillögu nemenda þar sem áskoranir virkjuðst þegar heildar upphæð hafði náð ákveðnu marki. Mikilvægt er að vera með lítið bil á milli áskorana og upphæða.

### **Söngkeppni**

Söngkeppni NFSu var haldin í lðu miðvikudaginn 5. nóvember þar sem nemendafélagið lagði mikið á sig og tókst hún vel til. Þar stigu á svið margir nemendur okkar sem sýndu fram á fjölbæfa hæfileika þar sem Manúela Maggý Morthens fór með sigur af hólmi og keppti fyrir hönd skólans í Söngkeppni framhaldsskólanna í apríl. Að þessu sinni ákvað nemendafélagið að skera niður kostnað með því að minnka aðeins umfangið.

### **Flóafár**

Flóafár var með sama sniði og áður og í ár voru fimm lið sem tóku þátt. Í Flóafársnefnd voru kennararnir, Anna Kristín Valdimarsdóttir, Halldóra Björk Guðmundsdóttir, Kristjana Sigríður Skúladóttir og Sigríður Rós Sigurðardóttir og með þeim var íþróttaráð NFSu.

Sjá skýrslu frá Flóafársnefnd

### **Kátir dagar**

Í Kátudaganefnd voru Ásdís Björg Ingvarsdóttir, Sabína Steinunn Halldórsdóttir og Sigurður Ágúst Pétursson ásamt skemmtinefnd NFSu. Kátudagarnir voru með sama sniði og síðastliðin ár. Dagskráin var fjölbreytt og metnaðarfull.

Sjá skýrslu Kátudaganefndar.

### **Forvarnir**

Forvarnarfulltrúar sóttu einstaka fundi með forvarnarteymi Árborgar í Tíbrá en á þá mættu helstu aðilar sem koma að velferð barna og unglinga í sveitarfélaginu. Haldin var Hinsegin vika í Árborg á vegum forvarnarteymis Árborgar og tók Eva Dögg Jafetsdóttir þátt í skipulagningu hennar fyrir hönd skólans. Í tengslum við góðgerðarvikuna fengu allir nýnemar kynningu frá SÁÁ.

## Lokaorð

Þetta starfsár einkenndist af þónokkru róti þar hjá nemendaráðinu og einna helst vegna þess að einn af aðalmönnum í stjórninni, gjaldkerinn, þurfti að hverfa frá störfum snemma á haustönn og steig Ægir Sigurðsson kennari inn í það hlutverk og var ómetanleg hjálp. Einnig setti ný nemendafélagsstofa strik sinn í reikninginn þar sem stofan rúmaði ekki allt nemendaráðið og gerði það að verkum að nemendaráðið hittist ekkert á milli vikulegra funda með félagslífs- og forvarnarfulltrúum og varð til þess að nemendaráðið náði ekki sömu samheldni og oft áður. Fulltrúar lögðu sig þó fram eftir besta megni og náðu að skapa fjölbreytt félagslíf fyrir nemendur skólans. Nemendaráðið náði að halda úti fjölbreyttri dagskrá og undir lok skólaársins fengu þau nýja aðstöðu fyrir nemendafélagið í kjallara Odda og bindum við miklar vonir að samstarfið verði þéttara fyrir vikið. Nýtt nemendaráð sem tók til starfa eftir páska hefur lagt mikið á sig til að undirbúa starf næsta skólaárs og hafa hugmyndir um klúbbstarfsemi sem og að setja upp leikrit skotið upp kollinum ásamt ýmsu öðru.

Við erum þakklát fyrir að hafa fengið það tækifæri til þess að vinna með þessum frábæru krökkum og sjá þau stíga upp og taka ábyrgð og í gegnum það blómstra sem einstaklingar.

## Tölvuþjónusta

Kerfisstjóri: Magnús Stephensen Magnússon

## Tölvuþjónusta

Viðtalstímar tölvuþjónustu hafa verið 5 sinnum í viku, 55 mínútur hver tími í stofu 306B. Auk þess hefur fólk geta komið við í Fablab stofunni út í Hamri. Þessir tímar eru aðallega hugsaðir fyrir nemendur og kennara. Kennarar koma einnig í þessa viðtalstíma en þeir geta leitað til tölvuþjónustunnar þegar þeir þurfa á því að halda eða eftir samkomulagi. Reynt er að hafa einn þjónustutíma í hverjum stökk þannig að allir nemendur ættu að hafa lausan tíma en stundum rekst það á við kennslu kerfisstjóra.

Nemendur leita til tölvuþjónustu til að fá úrlausn á vandamálum tengdum netsambandi og vírusvörnum. Einnig eftir ráðgjöf og aðstoð með bilaðar tölvur og lykilorð í Innu og Office 365.

Helstu vandamál sem komu upp síðasta starfsár var að nemendur sem misstu aðgang sinn að Menntaskýinu, oft án sérstakrar ástæðu, sérstaklega Mac notendur en það var ekki eins áberandi þetta árið, vandamálin voru helst tveggja þátta innskráning að heiman.

## Aðstaða tölvuþjónustu

Tölvuþjónustan hefur undanfarin ár verið með aðstöðu í stofu 306B, þar sem er vinnuástaða fyrir aðstoðarkerfisstjóra. Vinna aðstoðarkerfisstjóra við uppsetningar og

viðgerðir á borðtölvum og prenturum fara að mestu fram á þeim stað. Stofa 306 hefur verið tekin í þau verkefni eftir að kennslu lýkur. Í stofunni er prentari fyrir hæðina og þar eru geymdur fartölvuvagn fyrir starfsbrautina sem kennarar nýta í tímum.

### **Heimasíða FSu**

Tæknileg umsýsla heimasíðu FSu er í höndum Magnúsar St. Magnússonar en fréttaritstjóri er Jón Özur Snorrason. Vefsíðan er hýst hjá Stefnu og er notað Moya vefsíðukerfi. FSu er einnig með Facebook síðu og Youtube síðu sem hægt er að nálgast af heimasíðu FSu.

### **Fartölvur og vagnar**

16 tölur eru staðsettar á bókasafni og hafa nemendur aðgang að þeim í verkefnavinnu og í kennslustundum. En í haust voru endurnýjaðar fjórar nýjar fartölvur af gerðinni HP640.

Í Hamri er vagn með ASUS PRO fartölvum sem keyptar voru haustið 2016.

Starfsbraut er með fartölvuvagn fyrir sína deild með 6 Dell 5470 fartölvum sem keyptar voru haustið 2017. Tölvum kennara sem skilað á árinu voru notaðar til að bæta í starfsbrautarvagninn

### **Viðhald fartölva**

Lítið viðhald hefur verið á fartölvum FSu þetta skólaár vegna nýlegra tölva.

### **Fartölvukaup á skólaárinu**

10. stk. HP Elitebook 640

20. stk. HP Probook 81G

### **Borðtölvur:**

Tvær HP 400 borðtölvur voru keyptar á skólaárinu og eru til á lager í 306B

Keyptar voru 20 nýjar borðtölvur fyrir tölvustofuna í Hamri.

### **Varabirgðir**

Nokkrar fartölvur eru til staðar í stofu. 306b, tveir þráðlausir sendar og ein borðtölva. Þessi varabúnaður er tiltækur til að tryggja samfelldan rekstur og einnig verður þeim úthlutað til starfsmanna samkvæmt úreldingu og einnig til nýrra starfsmanna.

### **Skjávarpar og önnur tæki**

Tveir gagnvirkir 86“ teikniskjái á hjólastöndum eru til staðar í skólanum og er hægt að færa þá milli kennslustofa eftir þörfum. Annar skjárinn er staðsettur í Odda en hinn í Hamri.

Á árinu voru einnig keyptir tveir skjávarpar. Annar þeirra var notaður til að endurnýja eldri skjávarpa en hinn er nú til taks í stofu 306B.

Ákveðið hefur verið að halda áfram uppbyggingu á þessum búnaði með því að kaupa bæði skjávarpa og gagnvirka skjái í framtíðinni og staðsetja þá í þeim kennslustofum sem henta best. Á næstunni verður farið í greiningu á þörfum hvers kennslurýmis til að meta hvaða búnaður hentar hverju sinni.

### **Yfirlit yfir fartölvur í FSu**

#### Fartölvur í notkun – maí 2026

4 st. HP ELITE BOOK (6 ára gamlar). 1 hjá kennara og 3 á skrifstofugangi.

7 st. HP ELitebook 830 G7 hjá kennurum

6 HP Elitebook x360 G7 hjá kennurum.

4 st. Lenovo Thinkpad L13 Yoga.

12 st. Dell Latitude 3420

10 st. HP ProBook 440 G8.

3 st. HP ProBook 450.

3 st, HP EliteBook 630. Ein til á lager.

4 st. 6 ára gamlar ThinkPad Yoga. 3 í tölvuþjónustu.

13 st. ASUS PRO fartölvur á vagni út í Hamri. 9 í fartölvuvagni og 4 hjá kennurum í Hamri.

10 HP EliteBook 640 Endurnýjun fyrir kennara

20 HP EliteBook 8G1. Endurnýjun fyrir kennara

18 Dell Latitude 5470. 6 á starfsbraut og 12 í tölvuþjónustu / bilaðar eða ónýtar.

17 Dell Latitude 7270-80. 6 á bókasafni.

6 Dell Latitude 7470. 5 hjá kennurum og ein í tölvuþjónust.

8 Dell Latitude 7480/7490 . 7 hjá kennurum og tvær á bókasafni.

18 Dell Latitude 5480. Hjá kennurum

15 Dell Latitude 5490. Hjá kennurum.

1 Dell Latitude 5289 hjá skólameistara.

#### Fartölvuvagnar

Fartölvuvagn 8 Hamar – 9 stk. ASUS PRO. Keyptar fyrir 2016.

Fartölvuvagn 9 (starfsbraut) – 6 stk. Dell Latitude 5470

Sjaldtölvukassi á starfsbraut. 10 st. Ipad.

Yfirlit yfir borðtölvur í Fsu

303	24
Hamar 3	20
306	16
307	1
Bókasafn nemendavélar	8
Skrifstofa	6
Bókasafn + kjallari	3
Húsverðir	4
Myndlist (Mack)	2
306b (ein varavél)	2
Fablab (frá okkur)	2
Reykir	6

94